



A	Verðmætasköpun og velferð á landsbyggðinni	5
B	Yfirlit yfir skipulag, markmið og árangur ársins	13
C	Orkusalan 2025 – Sjálfbær orka og sterkur markaður	27
D	Við setjum umhverfi, samfélagsábyrgð og eflingu byggðar í forgang	39
E	Við nýtum nýjustu tækni og nýsköpun til að auka skilvirkni í rekstri og lágmarka sóun	51
F	Við tryggjum áreiðanlega afhendingu orku sem styður við orkuskipti og þróttmikið atvinnulíf	59
G	Við veitum aðgengilega og skilvirka þjónustu	75
H	Við erum öruggur og eftirsóknarverður vinnustaður	87
I	Ársreikningur samstæðu	99
	<small>English summary</small>	
J	Strong Performance and Improved Profitability	193



A **Verðmætasköpun og
velferð á landsbyggðinni
Ávarp stjórnarformanns
og forstjóra**



Magnús Þór Ásmundsson
forstjóri

Ingunn Agnes Kro
stjórnarformaður

Við erum lánsöm að vera Íslendingar. Ísland er ríkt af auðlindum og við höfum borið gæfu til að nýta þær til að komast úr fátækt fyrri alda og verða þjóð sem skipar sér í þriðja sæti yfir bestu líf skjör heims (skv. „Human Development Index“ Sameinuðu þjóðanna).

Skynsamleg nýting auðlinda hefur fært okkur velferð en sýnt hefur verið fram á að rafvæðing og velferð haldast hvarvetna í hendur. Þjóðir þar sem rafvæðing hefur verið hröð, njóta betri líf skjara en aðrar. Þessa sýn má jafnframt heimfæra upp á svæði landsins. Verðmætasköpun eykst með öruggu aðgengi að rafmagni, tækifærum til atvinnuþróunar fjölgar og velferð eykst.

Rarik gegnir lykilhlutverki í verðmætasköpun á stórum hluta landsins. Við skilgreinum það sem hlutverk okkar að auka verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri. Stefnumarkmið fyrirtækisins taka m.a. til þess að setja eflingu byggðar í forgang ásamt því að styðja við orkuskipti og þróttmikið atvinnulíf. Til lengri tíma höfum við þá sýn að okkur takist, með bestu nýtingu tækni og mannauðs, að mæta aukningu í eftirspurn viðskiptavina okkar án þess að auka raunkostnað við uppbyggingu og rekstur dreifikerfsins.

Fjárfest í framtíðinni

Til að standa undir markmiðum og framtíðarsýn þurfum við að fjárfesta í innviðum, tækni og þekkingu. Á árinu 2025 fjárfestum við fyrir 9,3 ma.kr. og þörf er á viðlíka fjárfestingum á næstu árum til að mæta orkuskiptum og þeim afhendingargæðum sem viðskiptavinir okkar vænta. Vandinn er sá að fjárfestingar eru frambungar og segja má að viðskiptavinir nútíðar séu að fjármagna tækifæri framtíðar. Auknar fjárfestingar skapa þrýsting á gjaldskrárhækkanir svo velja þarf fjárfestingarverkefnin vel og forgangsraða. Einnig er mikilvægt að hafa opinn huga fyrir nýjum leiðum til fjármögnunar sem dregið geta úr þrýstingi. Fjárfestingar í raforkukerfinu geta verið tækifæri fyrir fagfjárfesta, svo sem lífeyrissjóði.

Fjárfestingarnar eru kostnaðarsamar en við getum líka spurt okkur að því hvað það kosti að fjárfesta ekki? Við það glatast tækifæri fólks og fyrirtækja til verðmætasköpunar, auk þess sem varnarleysi gagnvart truflunum og áföllum eykst. Við mat á arðsemi fjárfestinga okkar er því nauðsynlegt að horfa á alla virðiskeðjuna og þau verðmæti sem skapast í samfélögunum, til hliðar við arðsemi fyrirtækisins sjálfs. Hjá Rarik höfum við í dag komið 84% af rafdreifikerfi okkar í jörð. Þetta hefur verið kostnaðarsamt verkefni en hefur verið unnið af mikilli framsýni og bætt afhendingargæði, raforkuöryggi og áfallapol.

Efling byggðar með bættum innviðum

Athyglisvert er að skoða mannfjöldapróun svæða á Íslandi í gögnum Hagstofunnar. Landsbyggðin er í sókn en gæðunum hefur þó verið misskipt á milli landsvæða. Fólksfækkun hefur orðið í dreifðari byggðum og smærri bæjarfélögum á Norðausturlandi, sér í lagi á Langanesi. Svæðið hefur liðið fyrir litla afhendingargetu rafmagns, einkum vegna fjarlægðar frá flutningskerfinu. Landsnet og Rarik bera sameiginlega ábyrgð á flutningi og dreifingu á svæðinu og á síðastliðnu ári tóku fyrirtækin höndum saman, með nauðsynlegu fjárframlagi frá ríkinu, um styrkingu raforkukerfanna á svæðinu. Kostnaður við verkefnið er hár og þar hefur hnífurinn staðið í kúnni, þ.e. hvernig hægt sé að fjármagna svo viðamikil verkefni án þess að skapa óeðlilegan þrýsting á gjaldskrár til viðskiptavina. Aðkoma ríkisins greiðir fyrir verkefninu og minnkar þennan þrýsting. Verkefnið er feykilega mikilvægt og tryggir það að svæðið verði ekki lengur út undan í tækifærum til verðmætasköpunar og velferðar.

Byggðir landsins skapast í kringum atvinnutækifærin og heilbrigð samkeppni er á milli svæða landsins um að geta boðið tækifæri til uppbyggingar. Það er ábyrgðarhlutverk, á tímum aukinnar eftirspurnar eftir raforku, að taka ákvarðanir um hvar skuli fjárfesta og byggja upp og hvaða svæði verði næst í röðinni eða þurfi að bíða. Þetta er hlutverk sem starfsfólk Rarik tekur alvarlega. Ákvarðanatökufærlið er í stöðugri rýni, með það að markmiði að það sé sem skynsamlegast með tilliti til öryggis, afhendingaröryggis, verðmætasköpunar, loftslagsmála og fjárhags Rarik.

Rarik styrkir sig á landsbyggðinni

Rarik er landsbyggðarfélag en í árslok 2025 störfuðu 73% starfsfólks fyrirtækisins í starfsstöðvum á landsbyggðinni. Það er stefna okkar að efla enn frekar starfsstöðvar landsbyggðarinnar og í því augnamiði eru öll störf sérfræðinga auglýst án staðsetningar, sé þess frekast unnt. Þannig hefur t.d. fjölgað á starfsstöðvum okkar á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi undanfarin ár. Stjórnstöð veitukerfa er rekin á þremur stöðum á landinu; í Reykjavík, á Stykkishólmi og á Egilsstöðum. Að fjölga tækifærum á landsbyggðinni skapar tækifæri fyrir faglært fólk í sinni heimabyggð og er jafnréttismál.

Endurmörkun fyrirtækisins hófst á vordögum og verður áframhaldandi verkefni hjá okkur. Við höfum undirbúning að endurbótum á starfsstöðvum okkar á landsbyggðinni en þar er markmiðið að sinna uppsafnaðri viðhaldspörf. Einnig viljum við skapa eftirsóknarverða og nútímalega vinnustaði og samræmt viðmót gagnvart bæði starfsfólki og viðskiptavinum hvar sem við erum.

Traustur grunnur fyrir nýjar áskoranir

Rekstur Rarik samstæðunnar gekk vel á árinu, rekstrartekjur námu 28,3 ma.kr. og rekstrargjöld 18,1 ma.kr. Undirliggjandi rekstur var traustur, aðhald var í rekstrarkostnaði og framlegð félagsins styrktist. EBITDA nam 10,3 ma.kr. á árinu og var hagnaður samstæðunnar 3,6 ma.kr. Rekstrarhorfur fyrir árið 2026 eru góðar. Félagið stendur á traustum grunni og er vel í stakk búið til að takast á við mikilvæg verkefni og fjárfestingar fram undan. Við leitumst við að vera eftirsóknarverður samstarfsaðili fyrir fyrirtæki sem vilja byggja upp starfsemi á dreifisvæði okkar. Með markvissri þróun innviða, auknu afhendingaröryggi og skýrum framtíðaráherslum viljum við styðja við ný tækifæri til verðmætasköpunar á landsbyggðinni.





B Yfirlit yfir skipulag, fjárhag og árangur ársins

Stjórn Rarik ohf. 2025-2026

Með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar voru miklar breytingar gerðar á stjórn Rarik á aðalfundi félagsins í apríl 2025.

Ingunn Agnes Kro, formaður, hefur setið í stjórn frá aðalfundi í maí 2023.

Dr. Ari Kristinn Jónsson, varaformaður, hefur setið í stjórn frá aðalfundi í apríl 2025.

Sigrún Hallgrímsdóttir, tók við sæti í aðalstjórn af Einari Pálma Sigmundssyni í júní 2025.

Póra Þórisdóttir, hefur setið í stjórn frá aðalfundi í apríl 2025.

Sverrir Jan Norðfjörð, hefur setið í stjórn frá aðalfundi í apríl 2025.

Framkvæmdastjórn og skipulag

Skipulag móðurfélagsins Rarik byggir á þremur kjarnasviðum sem tengjast tekjuferli fyrirtækisins og þremur stoðsviðum. Kjarnasviðin eru veitukerfi, viðskiptaþjónusta og svið þróunar og framtíðar. Stoðsviðin okkar eru mannauður og menning, viðskiptatækni og skilvirkni og loks fjármál. Allt skipulag okkar byggir síðan á grunni góðra stjórnarháttar og sjálfbærni. Teymin okkar, sem vinna í verkefnadrifnu skipulagi, kunna svo að vera varanleg eða tímabundin, allt eftir þörfum. Sex framkvæmdastjórnar stýra þessum sviðum; fjórar konur og tveir karlar, auk aðstoðarforstjórans Silju Ránar Steinberg Sigurðardóttur og Magnúsar Þórs Ásmundssonar forstjóra. Jafnframt er Magnús Þór stjórnarformaður Orkusölnunnar, dótturfélags Rarik. Orkusalan framleiðir og selur raforku á samkeppnismarkaði.

Stjórnarhættir og sjálfbærni	Veitukerfi	Viðskiptaþjónusta	Þróun og framtíð
Fjármál			
Mannauður og menning			
Viðskiptatækni og skilvirkni			

Stjórnarhættir og sjálfbærni	
Magnús Þór Ásmundsson forstjóri	Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri

Kjarnasvið	Stoðsvið
Egill Jónasson framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu	Elisabet Ýr Sveinsdóttir framkvæmdastjóri fjármála
Helga Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri veitukerfa	Sigrún Birna Björnsdóttir framkvæmdastjóri mannauðs og menningar
Kristín Soffía Jónsdóttir framkvæmdastjóri þróunar og framtíðar	Guðni Björgvin Guðnason framkvæmdastjóri viðskiptatækni og skilvirkni

Stefnumarkmiðin okkar

Á liðnu ári fórum við í endurskoðun á stefnumarkmiðum okkar og gerðum nokkrar breytingar á þeim. Hlutverk okkar, framtíðarsýn og gildi haldast óbreytt og varða leið okkar til framtíðar. Ársskýrsla okkar er unnin með því sniði að horfa frekar til árangurs en einstakra verkefna eða vinnu innan sviða og sýnir hvernig við vinnum að stefnumarkmiðum og höfum gildin okkar að leiðarljósi í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur. Endurmörkun Rarik og uppfærð ásjón voru innleidd samhliða útgáfu síðustu ársskýrslu og gefa okkur nýtt og ferskt útlit sem samræmist okkar framtíðarsýn og stefnu.

Framtíðarsýn

Við erum þekkingar- og þjónustufyrirtæki í fararbroddi sem starfar af ábyrgð og nýtir bestu fánlegu tækni með gagnkvæman hag að leiðarljósi.

Hlutverk

Hlutverk okkar er að auka verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina okkar með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri.

Gildi



- Við höfum hugrekki til að breyta rétt og horfum til framtíðar.
- Við náum árangri með drifkrafti og öruggum rekstri.
- Við berum virðingu fyrir hvert öðru, viðskiptavinum og náttúrunni.

Stefnumarkmið

- Við erum öruggur og eftirsóknarverður vinnustaður.
- Við veitum aðgengilega og skilvirka þjónustu.
- Við tryggjum áreiðanlega afhendingu orku sem styður við orkuskipti og þróttmikið atvinnulíf.
- Við nýtum nýjustu tækni og nýsköpun til að auka skilvirkni í rekstri og lágmarka soun.
- Við setjum umhverfi, samfélagsábyrgð og eflingu byggðar í forgang.

Skip sem ekki endurskoðar og leiðréttir stefnu sína reglulega rekur fljótt af leið og það sama á við um fyrirtæki. Stefnumarkmið okkar eiga að leiða okkur að þeirri framtíðarsýn sem við höfum sett og þau eru til reglulegrar endurskoðunar til að tryggja að þau haldi okkur á réttri stefnu.


Aðalfundur 2025

Aðalfundur Rarik ohf. var haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2025 á starfsstöð félagsins á Selfossi. Ingunn Agnes Kro, stjórnarformaður, opnaði fundinn með ávarpi þar sem hún fjallaði um gildi Rarik og mikilvægi þeirra fyrir starfsfólk, viðskiptavini, samfélag og umhverfi. Hún ræddi einnig þær samfélags- og tæknibreytingar sem kalla á að fyrirtækið þróist áfram og hvatti starfsfólk til metnaðar og vandaðra vinnubragða.

Magnús Þór Ásmundsson kynnti skýrslu stjórnar þar sem kraftur, nýjungar og breytingar voru í forgrunni. Hann fjallaði um áskoranir og tækifæri í orkugeiranum, þörf á breiðri sátt um orkukerfið og mikilvægi jafnræðis milli dreifbýlis og þéttbýlis. Farið var yfir rekstur og lykilmátölur ársins 2024 en rekstur samstæðunnar gekk vel árið 2024 og urðu niðurstöður betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur af dreifingu og sölu raforku voru um 16% hærra en árið áður og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði hækkaði um rúmlega 15% frá fyrra ári. Rekstrargjöld hækkuðu um 17% milli ára, meðal annars vegna hækkunar á heildsöluverði raforku og hækkunar á flutningsgjöldum. Fjármagnsliðir voru jákvæðari en árið á undan sem skýrðist af lægri verðbólgu og hagstæðari gengismun. Hagnaður Rarik ohf. eftir tekjuskatt var 2,2 ma.kr. samanborið við 1,5 ma.kr. árið 2023. Á aðalfundi var samþykkt 310 m.kr. arðgreiðsla til Ríkissjóðs fyrir árið 2024.

Stórar breytingar voru gerðar á stjórn Rarik á fundinum með skipun nýrra aðal- og varamanna. Ingunn Agnes Kro, sem setið hefur í stjórn frá ársfundi 2023, hélt sæti sínu sem stjórnarformaður en aðrir stjórnarmenn komu nýir inn. Nýja stjórn Rarik skipuðu Ingunn Agnes Kro, formaður, Ari Kristinn Jónsson, Einar Pálmi Sigmundsson, Þóra Þórisdóttir og Sverrir Jan Norðfjörð. Varamenn voru þau Ragnar Guðmundsson og Sigrún Hallgrímsdóttir.

Miklar þakkir voru færðar fráfarandi stjórnarmönnum okkar fyrir vel unnin störf síðastliðin tvö ár; þeim Thomasi Möller, Valgerði Gunnarsdóttur, Eiríki Rafni Rafnssyni og Sigfúsi Ólafssyni.



Árið 2025 var ár mikils árangurs og umtalsverðra breytinga hjá Rarik. Rekstur samstæðunnar gekk betur en áætlanir gerðu ráð fyrir, fjárhagsleg afkoma styrktist og efnahagur félagsins er traustur. Góðar ytri aðstæður, aukin nýting ótryggrar orku, markviss kostnaðarrýni og skýrari arðsemissstefna höfðu þar afgerandi áhrif. Jafnframt var lögð rík áhersla á endurnýjun og styrkingu dreifikerfisins, rekstraröryggi, stafræna þróun og áframhaldandi orkuskipti.

Lykiltölur úr rekstri Rarik samstæðunnar


Rekstur Rarik samstæðunnar gekk vel á árinu 2025 og var afkoman betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrarskilyrði voru hagstæðari en árið áður. Engar skerðingar voru á skerðanlegri orku á árinu og rekstur stærstu viðskiptavina félagsins í sjávarútvegi gekk vel. Aðstæður hjá Orkusölu, dótturfélagi samstæðunnar, voru einnig góðar og framleiðsla eigin virkjana var umfram væntingar. Þegar þannig viðrar til eykst framleiðni samstæðunnar verulega.

Hagnaður	Rekstrarhagnaður	Eignir	EBITDA
3.559	6.164	107.224	36,2%
Eiginfjárlutfall	Fjárfesting ársins	Handbært fé frá rekstri	
63,7%	9.320	8.198	

Fjárhæðir eru í milljónum króna.


Tekjur samstæðunnar jukust um 18% á milli ára og námu 28,3 ma.kr. Tekjur af dreifingu raforku námu 17,6 ma.kr. og jukust einnig um 18% frá fyrra ári. Tekjur af skerðanlegri orku hækkuðu verulega, eða um 120%, sem hafði jákvæð áhrif á reksturinn. Tekjur af orkusölu jukust um 24% á milli ára og námu 9,0 ma.kr. Tekjur af hitaveitu lækkuðu um 20% á milli ára sem skýrist að mestu leyti af því að Rarik hætti rekstri á fjarvarmaveitunni á Seyðisfirði en einnig vegna milds veðurfars síðasta árs.

Dreifing forgangsorku og ótryggrar orku



Rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta nam rúmlega 18 ma.kr. og hækkaði um 10% á milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru kaup á orkuflutningi og orku frá Landsneti og Landsvirkjun, sem og kaup á orkutöpum. Þessir liðir hækkuðu samtals um 10% milli ára, þar af hækkaði kostnaður vegna orkuflutnings um 14% og kostnaður vegna orkutapa um 70%. Orkutengd kaup nema um 36% af tekjum samstæðunnar og því hafa breytingar á þessum liðum veruleg áhrif á bæði rekstur félagsins og viðskiptavinum þess.

Eignir, skuldir og eiginfjárlutfall




Árangur og aukin kostnaðarvitund

Meðal þess sem telst til árangurs á árinu er að annar rekstrarkostnaður lækkaði um 7% á milli ára. Unnið hefur verið markvisst að því að rýna kostnað og greina tækifæri til úrbóta. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að efla kostnaðarvitund starfsfólks með fræðslu og bættri upplýsingagjöf. Á árinu var tekið upp nýtt verklag við áætlanagerð og mun sú vinna halda áfram á næsta ári með það að markmiði að styrkja enn frekar kostnaðarvitund og nýta áætlanagerð sem stjórnæki til markmiðasetningar og umbóta. Áfram verður leitað leiða til að bæta árangur í rekstri með markvissri rýni á kostnaði, aukinni skilvirkni og nýtingu nýrrar tækni sem styður við betri rekstur.

EBITDA samstæðunnar nam 10,3 ma.kr. og jókst um 36% á milli ára. Hagnaður eftir skatta nam 3,6 ma.kr., sem er 59% aukning frá árinu 2024. Efnahagur samstæðunnar er traustur, heildareignir námu 107 ma.kr. í árslok 2025 og eigið fé 68,3 ma.kr. Eiginfjárlutfall var 63,7%. Fjárfestingar ársins námu 9,3 ma.kr. og beindust að mestu að endurnýjun og styrkingu dreifikerfisins.

Sjóðstreymi



Skýr arðsemisstefna

Á árinu var sett arðsemisstefna fyrir samstæðuna. Henni er ætlað að tryggja að rekstur félagsins skili ávallt viðunandi arðsemi í samræmi við hlutverk þess og langtíamarkmið. Stefnan byggir á því að arðsemi sé grundvallarviðmið í rekstri, fjárfestingum og ákvörðunum um þróun þjónustu, með það að markmiði að tryggja stöðugan og ábyrgan rekstur til framtíðar. Samhliða arðsemisstefnunni voru sett viðmið um arðgreiðslur. Þetta er í fyrsta sinn sem þeirri aðferðafræði er beitt og leiðir hún til þess að tillaga um arðgreiðslu á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 nemur rúmum milljarði króna. Með nýrri stefnu er leitast við að tryggja að eigandi njóti ávinnings þegar vel gengur, en að samstæðan hafi jafnframt svigrúm til að halda eftir fjármunum þegar þörf er á.

Horft til framtíðar

Rekstrarhorfur fyrir árið 2026 eru góðar og samstæðan stendur á traustum grunni. Á næstu fimm árum stefnum við að verulegri uppbyggingu innviða með um 10 ma.kr. fjárfestingum árlega til að styrkja dreifikerfið, mæta orkuskiptum og bæta afhendingaröryggi. Samhliða þessu viljum við vera eftirsóknarverður samstarfsaðili á dreifisvæði okkar, styðja við ný tækifæri til verðmætasköpunar og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og búsetu á landsbyggðinni. Orkusalan horfir jafnframt til nýrra orkukosta og aukinnar eigin raforkuframleiðslu sem mun styrkja rekstrargrundvöll samstæðunnar í heild. Fram undan er krefjandi en spennandi ár með áherslu á að byrgja fjármálastjórn, áframhaldandi innviðauppbyggingu, eflingu lífsgæða og framþróunar atvinnulífs á landsbyggðinni.

Umhverfi og samfélag

Árið 2025 settum við umhverfi, samfélagsábyrgð og eflingu byggða skýrt í forgang með markvissum aðgerðum. Losun gróðurhúsalofttegunda

dróst verulega saman, flokkun úrgangs var langt umfram sett markmið og áfram var unnið að orkuskiptum og bættri skipulagningu framkvæmda með minni umhverfisáhrifum. Samfélagsábyrgð birtist í öflugri þátttöku í nærsamfélögum okkar og markvissri uppbyggingu ásýndar og aðstöðu starfsstöðva um allt land. Með virku samtali og samstarfi við sveitarfélög, stuðningi við nýsköpun og stórum innviðaverkefnum lögðum við okkar af mörkum til að efla byggðir, tryggja jafnræði og styðja við sjálfbæra þróun á landsbyggðinni.

Tækni og nýsköpun

Rarik nýtir markvisst nýjustu tækni og nýsköpun til að auka skilvirkni í rekstri, styrkja rekstraröryggi og lágmarka sóun. Með aukinni notkun gagna, greininga og sjálfvirkni er viðbragðstími stytur, bilanaleit bætt og nýting auðlinda háværkuð. Innleiðing þróaðra kortakerfa styður við öruggari og markvissari rekstur, nákvæmari eftirspurnarspár og betri ákvarðanatöku. Gervigreindarlausnir og miðlægt gagnaflæði með Rarik Connect skapa grunn að aukinni sjálfvirkni, sneggra viðbragði og skýrari svörun. Samstarf við nýsköpunarfyrirtæki og tilraunaverkefni, svo sem rafhlöðulausnir og sveigjanleiki í afhendingu, gera okkur kleift að mæta vaxandi kröfum samfélagsins með sjálfbærum og hagkvæmum hætti.

Áreiðanleiki og framþróun

Árið 2025 stigum við mikilvæg skref til að tryggja enn betur áreiðanlega afhendingu orku og styðja við orkuskipti og þróttmikið atvinnulíf. Áhersla var lögð á aukna afhendingargetu, afhendingargæði og sterkari innviði með umfangsmiklum fjárfestingum í jarðstrengjum, endurnýjun dreifikerfisins og stækkun aðveitustöðva. Uppsett afl í aðveitustöðvum okkar jókst verulega og styrkti getu kerfisins til að mæta vaxandi orkuþörf samfélaga og atvinnulífs. Jafnframt var rekstur hitaveitna eflur með endurbótum, nýrri borholu og stækkun veitna sem styður við orkuskipti og dregur úr þörf fyrir raforkunotkun til húskyndingar. Samhliða þessu var unnið markvisst að bættum samskiptum við hagaðila og að skilvirkara verklagi, sem styrkir grundvöll öruggrar og sjálfbærrar orkuafhendingar til framtíðar.

Þjónusta við viðskiptavin

Við leggjum áherslu á að veita aðgengilega og skilvirka þjónustu með því að innleiða skýra og stafræna þjónustuferla og bæta upplýsingagjöf til viðskiptavina. Við erum langt komin í innleiðingu snjallmæla, sem auka gagnsæi og auðvelda viðskiptavinum yfirsýn yfir orkunotkun sína. Aukinn fjöldi birtuorkuvera og smærri virkjana vill nú tengjast dreifikerfi okkar og við vinnum stöðugt að einföldum og samræmdum þjónustuferlum til að mæta nýjum þörfum. Við erum í lykilhlutverki þegar kemur að rafvæðingu bílaflota landsins sem, enn sem komið er, einskorðast að mestu við höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess.

Öryggi og mannauður

Árið 2025 héldum við áfram að styrkja vinnustaðarmenningu okkar, efla fræðslu og byggja upp öflugt öryggisstarf. Áhersla var lögð á jákvæð samskipti, EKKO-mál og vellíðan starfsfólks, samhliða markvissri þróun fræðslu, nýliðastuðnings og stjórnendabjálfunar. Unnið var að jafnrétti og jöfnun á launamun, bættum ráðningum og sýnileika fyrirtækisins í samfélaginu. Öryggismenning okkar var styrkt með aukinni áherslu á valdeflingu starfsfólks til að tilkynna um öryggisatvik og hættur í umhverfi okkar, nýjum ferlum, fræðslu og mannlegri nálgun þar sem lærdómur, opið samtal og kerfisbundnar umbætur voru í forgrunni.

Gróska hjá Orkusölonni

Árið 2025 var afar árangursríkt hjá dótturfélagi okkar, Orkusölonni, bæði í rekstri og stefnumótun. Tekjur jukust verulega, rekstur var sterkur og fjárhagsstaða félagsins traust með hátt eiginfjárhlutfall. Félagið styrkti stöðu sína á samkeppnismarkaði, hélt um fjórðungs markaðshlutdeild og jók skilvirkni með sjálfvirknivæðingu og stafrænum umbótum. Metár náðist í eigin orkuframleiðslu og unnið var markvisst að þróun nýrra orkukosta. Orkusalan eflði mannauð, stjórnkerfi og áhættustýringu, setti sér skýra loftslagsstefnu og náði góðum árangri í markaðs- og vörumerkjamálum.

Samantekt tölfraðilegra upplýsinga um samstæðu Rarik ohf. fyrir árið 2025

	Eining	Tími	2025	2024	Breyting
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns	fjöldi	1. jan	63.844	62.796	2%
- þar af þéttbýli			41.351	40.205	3%
- þar af dreifbýli			18.023	18.147	-1%

Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu	fjöldi	1. jan	4.096	4.010	2%
-----------------------------------------	--------	--------	-------	-------	----

Meðalverð rafmagns *	kr./kWst	yfir árið	13,15	11,77	12%
- þar af þéttbýli	kr./kWst	yfir árið	9,90	8,22	20%
- þar af dreifbýli	kr./kWst	yfir árið	18,53	16,17	15%
Meðalverð heits vatns *	kr./kWst	yfir árið	5,78	6,57	-12%

Meðalverð rafmagns, forgangsorka eingöngu					
- þar af þéttbýli	kr./kWst	yfir árið	10,22	8,69	18%
- þar af dreifbýli	kr./kWst	yfir árið	18,62	16,26	15%

Fjöldi fyrirvaralausra trufana:	fjöldi	yfir árið	615	597	3%
- þar af í háspenntu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	265	288	-8%
- þar af í lágspenntu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	350	309	13%

Orkudreifing rafmagns	GWst	yfir árið	1.298	1.220	6%
- þar af í þéttbýli	GWst	yfir árið	748	799	-6%
- þar af í dreifbýli	GWst	yfir árið	549	544	1%
Orkusala hita	GWst	yfir árið	118	129	-9%


Afl inn á dreifikerfi rafmagns (samlagað)**)	MW	yfir árið	258	231	12%
Afl dreifitapa rafmagns (uppgjörsafli samlagað)	MW	yfir árið	18	18	1%
Afl afhent út af dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	233	204	14%

Raforkuvinnsla samtals, orka	GWst	yfir árið	1,6	4,8	-67%
-------------------------------------	------	-----------	-----	-----	------

Samantekt tölfraeðilegra upplýsinga um samstæðu Rarik ohf. fyrir árið 2025 - framhald

	Eining	Tími	2025	2024	Breyting
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	MW	31. des	40	37	8%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag, án fjarvarmaveitna	MW	yfir árið	34	37	-8%
Heildarframleiðsla á heitu vatni án fjarvarmaveitna	þús. m3	yfir árið	3.180	3.360	-5%
Aðveitustöðvar	fjöldi	31. des	56	56	0%
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafi	MVA	31. des	824	780	6%
Fjöldi dreifistöðva	fjöldi	31. des	6.559	6.452	2%
- þar af fjarstyrðar	fjöldi	31. des	281	201	40%
Uppsett spennaafi í dreifistöðvum	MVA	31. des	1100	1.056	4%
Uppsett afl í spólum	MVA	31. des	79	67	18%
66 kV jarðstrengir	km	31. des	3	2	50%
33 kV jarðstrengir	km	31. des	402	397	1%
6-22 kV jarðstrengir	km	31. des	8.247	7.828	5%
33 kV loftlínur	km	31. des	11	46	-76%
6-22 kV loftlínur	km	31. des	1.669	1.960	-15%
Sæstrengir	km	31. des	17	17	0%
Háspennt dreifikerfi samtals	km	31. des	10.349	10.250	1%
Lágspennustrengir, aðrir en heimtaugar	km	31. des	1.494	1.456	3%
Strengskápar, háspenna	fjöldi	31. des	816	748	9%
Strengskápar, lágspenna	fjöldi	31. des	14.894	14.546	2%
- strengskápar samtals			15.710	15.294	3%
Heimtaugar, rafmagn	km	31. des	4.231	4.012	5%
Lágspennt dreifikerfi samtals	km	31. des	5.725	5.468	5%
Heildarlengd hitaveitulagna	km	31. des	262	260	1%
Heimtaugar, rafmagn	fjöldi	31. des	44.719	43.367	3%
Heimæðar, heitt vatn	fjöldi	31. des	1.986		
Rafmagn - veitur/mælar	fjöldi	31. des	48.959	48.021	2%
- þar af þéttbýli			24.914	24.424	2%
- þar af dreifbýli			24.045	23.597	2%
Heitt vatn - veitur/mælar	fjöldi	31. des	2.437	2.414	1%
Fastir starfsmenn hjá Rarik og dótturfélagum í árslok	fjöldi	31. des	257	254	1%
- þar af Orkusalan	fjöldi	31. des	33	31	6%
Fjöldi ársverka	fjöldi	yfir árið	229,0	216	6%

* Skýringar: Meðalverð rafmagns er meðalverð fyrir dreifingu og flutning rafmagns fyrir alla orku, (forgangsortu og ótrygga orku). Fastagjald er innifalið í meðalverði. Dreifbýlisframlag, jöfnunargjald og niðurgreiðslur eru ekki innifaldar í meðalverði. Verðið er án VSK. Meðalverð heits vatns er að meðtöldu fastagjaldi en án VSK.





C Orkusalan 2025 – Sjálfbær orka og sterkur markaður



Hlutverk Orkusölnnar, dótturfélags Rarik, er framleiðsla, kaup og sala á sjálfbærri orku. Félagið þróar lausnir sem styðja orkuskipti og virkan markað, með áherslu á jákvæða upplifun, traust og einfaldleika í þjónustu.

Orkusalan setur kraft í framtíðina og vill taka virkan þátt í orkuskiptum með framleiðslu á sjálfbærri orku og ábyrgri afstöðu gagnvart náttúru og samfélagi. Með þekkingu, þróunarstarfi og fjárfestingu í tækni skapar félagið nýja tekjustrauma og styrkir stöðu sína til framtíðar.

Gildi Orkusölnnar eru **áreiðanleiki, gróska og gleði.**

Um félagið í stuttu máli

Árið 2025 var nítjándi heila starfsár Orkusölnnar. Tilgangur félagsins er fyrst og fremst framleiðsla og sala á raforku. Orkusalan starfar á samkeppnismarkaði og er með u.þ.b. fjórðungs markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði. Félagið á og rekur sex virkjanir víða um land. Ársverk Orkusölnnar árið 2025 voru 31 og í lok árs voru 33 starfandi hjá félaginu, þar af 18 karlar (55%) og 15 konur (45%). Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn var jafnt, þrjár konur og þrjú karlar.

Orkusalan hyggst leiða markaðinn og ætlar að gera það með framúrskarandi þjónustu og samkeppnishæfu verði, með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

Afkoma ársins og fjárhagsleg staða

Rekstrartekjur ársins voru 9.195 m.kr. og rekstrargjöld 7.565 m.kr. Rekstrarhagnaður (EBITDA) nam 1.630 m.kr. og EBITDA-hlutfall var 17,7%.

Hreinar fjármagnstekjur námu 217 m.kr. og hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi var 958 m.kr., samanborið við 365 m.kr. árið 2024.

Efnahagur og eiginfjárstaða

Í árslok 2025 voru heildareignir Orkusölnnar 26.754 m.kr., heildarskuldir 5.509 m.kr. og eigið fé 21.245 m.kr. Eiginfjárlutfall Orkusölnnar var 79,4%.


Á árinu var virði virkjana endurmetið af óháðum sérfræðingum með núvirtu sjóðsstreymi hvers virkjunar og leiddi endurmetið til hækkunar um 100 m.kr. Afskrifaðar viðskiptakröfur voru óverulegt hlutfall af tekjum.

Stjórn Orkusölnnar og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikning félagsins fyrir árið 2025 á stjórnarfundum 24. febrúar 2026.

Hagnaður 958	Eignir 26.754	Eiginfjárlutfall 79,4%	Handbært fé frá rekstri 2.090
Rekstrarhagnaður 982	EBITDA 17,7%	Fjárfesting ársins 146	

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Eignir, skuldir og eiginfjárlutfall Orkusölnunar



Dótturfélag og eignarhlutir

Óveruleg starfsemi var í dótturfélagi Orkusölnunar, Sunnlenskri orku, sem hefur undirbúið jarðvarmavirkjun í Ölfusdal. Þá á félagið 35% hlut í Sjávarorku ehf.

Stefna, stjórnarhættir og árangur

Árið gekk heilt yfir vonum framar hjá Orkusölnunni hvað varðar stefnu og markmið fyrirtækisins. Þetta var annað heila starfsárið þar sem félagið keyrði nýja stefnu sína áfram, með skýr markmið og stöðug skref í átt að umbótum og framtíðarsýn.

Megináherslur Orkusölnunar snúa að:

- Ánægju viðskiptavina.
- Aukinni markaðshlutdeild í smásölu.
- Tekju- og framlegðaraukningu.
- Tvöföldun á uppsettu afli í orkuvinnslu.
- Skapa forskot byggt á einstakri þekkingu.
- Ábyrgri afstöðu í loftslagsmálum.
- Að koma Íslandi í stuð!

Á árinu voru heildarstefna félagsins og markmið endurskoðuð af stjórn. Unnið var áfram eftir OKR-aðferðafræði (e. Objectives and Key Results), sem styður markmiðasetningu og tryggir að framlag starfsfólks tengist heildarstefnu félagsins.

Mannauður, stjórnkerfi og áhættustýring

Mannauður og fræðsla

Á árinu var stigið mikilvægt skref í mannauðsmálum með útgáfu starfs-mannahandbókar. Jafnframt var innleitt nýtt rafrænt fræðslukerfi og í fyrsta sinn gefin út heildstæð fræðsluáætlun fyrir allt starfsfólk.

Helgun starfsfólks var mæld á árinu og var niðurstaðan 4,35 af 5. Helstu styrkleikar fyrirtækisins birtast í ánægju starfsfólks, skýrri ábyrgð, trausti milli starfsfólks og stjórnenda og öflugri teymisvinnu. Tækifæri til umbóta snúa m.a. að aukinni hvatningu og viðurkenningu, markvissari stuðningi við starfsþróun og reglulegri samtölum um frammistöðu og þróun.

Vottanir og stjórnkerfi

Stjórnkerfi Orkusölnunar er vottað samkvæmt:

- ISO 45001 (öryggi, heilsuvernd og vinnuvernd),
- ISO 14001 (umhverfisstjórnun).

Félagið er einnig með jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012 og uppfyllir kröfur HMS um rafmagnsöryggisstjórnun. Á árinu lauk viðhaldsúttektum á umhverfis- og öryggisstjórnkerfi og jafnlaunakerfi. Markmiðið er að þróa stjórnkerfið áfram með virkri þátttöku starfsfólks og hagaðila og stuðla að stöðugum umbótum.

Áhættustjórnun og upplýsingaöryggi

Orkusalan starfrækir kerfisbundið ferli áhættustjórnunar þar sem helstu áhættur eru skilgreindar, metnar og vaktaðar reglulega. Ferlið var yfirfarið og uppfært á árinu með hliðsjón af breyttum aðstæðum og þeim atvikum sem komu upp í starfseminni. Sérstakt áhættumat var framkvæmt á sviði upplýsingaöryggis, sem og vegna framkvæmda við virkjanir.

Tilkynnt var um tvö atvik á sviði upplýsingaöryggis og snéru þau bæði að svikapósti. Engin frávik kölluðu á virkjun viðbragðsáætlunar eða tilkynningar til CERT-IS, Orkustofnunar eða Persónuverndar.

Loftslag og umhverfi

Á árinu setti Orkusalan sér formlega loftslags- og umhverfisstefnu. Þar er áhersla lögð á jákvæð umhverfisáhrif með framleiðslu 100% endurnýjanlegrar raforku og virka þátttöku í uppbyggingu hleðsluinnviða. Jafnframt skuldbindur félagið sig til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Orkusalan hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2018.

Kolefnisspor er reiknað samkvæmt Greenhouse Gas Protocol. Heildarlosun árið 2025 nam 53,2 tonnum CO₂-ígilda. Bein losun tengist að mestu olíukaupum fyrir bifreiðar og tæki. Á árinu voru keyptir 4.296 lítrar af olíu, sem samsvarar um 10 tonnum CO₂-ígilda. Olíunotkun dróst saman um 16,3% milli ára og hlutfall rafbíla í bílaflota félagsins er nú 71%.

Fjármál og rekstur: Stafræn umbreyting og innviðir

Á árinu var markvisst unnið að því að styrkja stafræna þjónustu, bæta rekstrarferla og undirbúa stór innleiðingarverkefni til að tryggja skilvirkari, öruggari og stafrænni starfshætti. Vinna við að færa fjárhags- og reikningagerðarkerfi Orkusölnunar yfir í skýjalausn hélt einnig áfram.

Markmiðið er aukinn sveigjanleiki, betra aðgengi að gögnum, einfaldari rekstur, minni handvirk vinna og aukið öryggi.

Lögð var áhersla á upplýsingaöryggi og viðbúnað. Starfsfólk tók þátt í tveimur æfingum:

- CERT-IS æfingunni „Ísland ótengt“ (rof á gagnasamböndum við útlönd),
- NSR æfingu (netárás sem stigmagnaðist í alvarlegt skemmdarverk).

Æfingarnar leiddu í ljós tækifæri til úrbóta og hefur Orkusalan hafið vinnu við að bregðast við því.

Sala, þjónusta og markaðsmál

Árið 2025 var viðburða- og árangursríkt í markaðsmálum. Herferðin „Stanslaust stuð“ styrkti stöðu vörumerkisins og Orkusalan hlaut alþjóðlegu Charge Awards-verðlaunin sem World's Best Green Energy Brand.

Vörumerkjamelingar sýna að vörumerkjabekking og viðhorfseinkunn standa í stað milli ára en einnig kemur þar fram aukið þekkingar- og áhugaleysi á markaðnum almennt. Viðskiptavinum fjölgaði jafnt og þétt og unnið var markvisst að eflingu fyrirtækjaþjónustu. Áhersla var lögð á heimsóknir til núverandi og nýrra viðskiptavina og endurnýjun/samræmingu samninga til að styðja einfaldari og skilvirkari þjónustu.

Upprunaábyrgðir

Áfram var haldið með sölu upprunaábyrgða til viðskiptavina, sem styður við að hámarka verðmæti auðlinda. Til að auka vitund var farið í kynningarherferð í samstarfi við þrjú fyrirtæki sem kaupa upprunaábyrgðir.

Fallorka – yfirfærsla viðskiptavinagrunns

Um mitt ár undirritaði Orkusalan samning við Fallorku um yfirtöku á viðskiptavinagrunni félagsins. Í kjölfarið fór af stað markaðsátak á Norðurlandi. Sjálfvirknivæðing nýskráningarferils kom sérstaklega vel í þessu verkefni en um 90% nýskráninga fara nú sjálfvirk í gegnum kerfi Orkusölnnar.

Sjálfvirkni og áframhaldandi umbætur í þjónustu


Innleiðingu lauk á sjálfvirknivæðingu þjónustuferils vegna nýskráninga (einstaklingar). Jafnframt hófst innleiðing á frekari sjálfvirknivæðingu vegna breytinga á orkuleið, erinda vegna söluaðilaskipta og þrautavara. Markmiðið er meiri vinnsluhraði, tímasparnaður og aukin gæði í þjónustu.

Hleðslulausnir og innviðaupbygging


Orkusalan lagði ríkari áherslu á markaðssetningu á hleðslu rafbíla. Fjöldi snjallra tengipunkta jókst um 90% milli ára, sem styrkir eftirlit með ástandi og rekstri stöðva. Sambærileg aukning varð í heimahleðslustöðvum sem ekki eru nettengdar.

Stærri verkefni ársins:

- Hraðhleðslustöð í Vík í samstarfi við vöruflutningafyrirtæki og veitingastað; notkun hefur reynst góð, sérstaklega utan álagstíma (trukkur notar um 500 kWh á dag).
- Tvær 200 kW hraðhleðslustöðvar á Kirkjubæjarklaustri við Systrakaffi með góðu aðgengi fyrir stærri ökutæki.



Heildarstarfsmannavelta Orkusölnnar var 3,2% árið 2025. Fjöldi starfsfólks jókst lítillega, úr 31 í 33.



1. Næsta-dags markaður er skipulagður raforkumarkaður þar sem viðskipti með raforku eiga sér stað með eins dags fyrirvara. Markaðsaðilar leggja fram kaup- og sölutilboð fyrir hvern klukkutíma næsta dags og verðmyndun ræðst af framboði og eftirspurn hverju sinni. Þetta endurspeglar raunstöðu raforkukerfisins á hverjum tíma. (Heimild: elma.is)

Orkusalan hlaut styrki úr Orkusjóði til uppsetningar hraðhleðslustöðva á fimm stöðum (Víðigerði, Borgarfirði eystri, Fljótum og Þórbergssetri, auk kaupa á færanlegu viðburðabatteri).

Greining og undirbúningur nýs bakendakerfis fyrir hleðslulausnir er vel á veg kominn, með það að markmiði að færa rekstur hleðslustöðva yfir á nýjan tæknigrunn samhliða innleiðingu Orkusöluappsins.

Orkuöflun: markaðspróun, samningar og óvissa

Heildarmarkaður Orkusölnnar 2025 var tæp 1 TWst og dróst saman um 5% milli ára. Á árinu urðu breytingar á heildsölumarkaði; Elma hóf starfsemi með næsta-dags raforkumarkað¹ og Vonarskarð hélt dagleg útboð til viðbótar við mánaðarleg útboð. Þetta jók umfang vinnu við orkuöflun en skapaði einnig tækifæri til heildsölu þegar áætlanir um markaðsstærð gengu ekki eftir.

Framboð á orku breyttist verulega á árinu og fór úr orkuskorti í upphafi árs yfir í offramboð í lok árs. Helstu ástæður voru m.a. mjög gott vatnsár, lokun kísilverisins á Bakka og bilun hjá Norðuráli á Grundartanga. Þetta hafði áhrif á heildsöluverð og samninga til skemmri tíma.

Orkusalan hefur tryggt sér stærri hluta af áætlaðri orkuþörf næstu ára með auknum samningum við aðra framleiðendur en áður, m.a. HS Orku og Orku náttúrunnar.

Rekstraratvik vegna orkukaupasamnings

Í desember árið 2021 gerði Orkusalan samning við Landsvirkjun um kaup á grunnorku til 5 ára. Við skráningu samningsins í kerfi Orkusölnnar á sínum tíma var lokadagsetning hans ranglega skráð í árslok 2025 í stað ársloka 2026. Starfsfólk Orkusölnnar varð fyrst meðvitað um þetta mánudaginn 1. desember 2025. Þetta veldur því að of mikið er til af orku hjá Orkusölnni fyrir árið 2026 en nú þegar er offramboð á raforku í landinu í fyrsta skiptið í langan tíma. Ljóst er að ekki verður auðsótt að koma allri þessari raforku í sölu.

Í samræmi við reglur um reikningskil var áætlað framreiknað tap vegna þessa metið og fært inn sem skuldbinding í ársreikningum Orkusölnnar og Rarik ohf. 2025. Jafnframt var ráðist tafarlaust í mótvægisáðgerðir og þegar hafa verið unnin fjölmörg verkefni til að lágmarka neikvæð fjárhagsleg áhrif samningsins. Áfram verður markvisst unnið að því að draga úr áhrifum þessa atviks á árinu 2026, meðal annars með því að nýta svigrúm í eigin framleiðslu og viðhaldi og takmarka önnur orkukaup eins og unnt er.

Fram fór rótargreining á orsökum atviksins og innleiddar voru úrbætur í samningsstjórnun og innra eftirliti til að draga úr líkum á endurtekningu. Áhrif þessa á viðskiptavini og almenning eru engin þar sem raforkuverð fylgir markaðsskilyrðum og markaðurinn hefur fremur einkenni offramboðs en skorts.

Orkuvinnsla og þróun: eigin framleiðsla og framtíðarkostir

Í ársbyrjun 2025 varð til nýtt svið orkuvinnslu og þróunar sem tekur til rekstrar, viðhalds og þróunar í núverandi vatnsaflsvirkjunum félagsins og þróunar nýrra orkukosta.

Þróunarverkefni og rannsóknir

- **Gilsá í Eiðapinghá (6,7 MW):** Umhverfismati lokið í nóvember og stefnt að lokum skipulagsvinnu fyrri hluta árs 2026. Framleiðsla gæti hafist 2028.
- **Vindorka við Lagarfoss (allt að 10 MW):** Umhverfismatsvinnu og Lidarvindmælingum lokið; unnið að úrvinnslu. Markmið: tvær vindmyllur á skilgreindu iðnaðarsvæði.
- **Hólmsá (≈65 MW, ≈480 GWst/ár):** Verkefni í rammaáætlun; vonir bundnar við skýrari stöðu á næstu 1-2 árum.
- **Stækkun núverandi virkjana:** Kannað að bæta nýtingu umframrennslis við Lagarfoss og Grímsá. Áhersla á mögulega viðbótarvél 8-10 MW við Lagarfoss sem gæti aukið framleiðslu um **45-60 GWst á ári**.
- **Sunnlensk orka (Ölfusdalur, allt að 10 MW jarðvarmi):** rannsóknarleyfi (2024), unnið að samningum um jarðvarmaréttindi.
- **Vatnsdalsá (28-40 MW):** rannsóknarleyfi (2025); var til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar án afgreiðslu.

Rekstur virkjana og framleiðsla 2025

Framleiðsla gekk að mestu leyti vel árið 2025. Heildarorkuframleiðsla ársins varð 271 GWst, sú mesta sem náðst hefur.

Nokkur rekstraratvik komu upp:

- Skeiðsfossvirkjun 2: Stöðvun í nokkra daga í nóvember vegna bilunar í hreinsibúnaði við inntaksrist.
- Búðararvirkjun: Bilun í vélaspeni í október stöðvaði framleiðslu inn á net; unnið að áætlun um umtalsverða endurnýjun.
- Grímsárvirkjun: Leyfi til aurskolunar til þriggja ára með kröfu um vöktun; nýr vélaspennir settur upp í apríl.

Horfur 2026, breytingar og helstu áhættur

Horfur Orkusölunnar fyrir árið 2026 eru góðar og rekstur félagsins traustur. Samt er ljóst að óvissa um orkuöflun getur haft áhrif á samkeppnisstöðu félagsins til lengri tíma. Helsta áhætta er framboð og samningar á heildsölumarkaði, þar sem Orkusalan framleiðir sjálf um fjórðung af þeirri raforku sem hún selur.

Félagið vinnur að því að minnka þá áhættu með því að auka eigin framleiðslu og þróa nýja orkukosti. Fjárhagur félagsins er sterkur og breytingar á fjármálamörkuðum hafa ekki haft veruleg áhrif þar sem félagið reiðir sig ekki á ytri fjármögnun.

Orkusalan er leiðandi og framsækið fyrirtæki í raforkusölu og þjónustu, með stöðuga áherslu á hagræðingu og einfaldari ferla, viðskiptavinum til hagsbóta, án þess að ganga á langtíamarkmið félagsins.

Árið 2026 fagnar Orkusalan 20 ára afmæli sínu og þau tímamót verða hjá félaginu að Magnús Kristjánsson, sem starfað hefur sem forstjóri nánast frá stofnun þess, eða frá janúar 2008, lætur af störfum og kveður félagið. Ljóst er því að einhverra breytinga er að vænta hjá Orkusölnni á vordögum 2026 en nýr forstjóri tekur við góðu búi og þéttum hópi starfsfólks sem vinnur gríðarlega vel saman.





D Við setjum umhverfi,
samfélagsábyrgð og
eflingu byggðar í forgang



Með ábyrgri nýtingu auðlinda, gagnsæjum vinnubrögðum og virku samtali við samfélagið vinnum við að lausnum sem styrkja nærumhverfið og skapa varanlegt virði og tækifæri sem nýtast komandi kynslóðum. Við stuðlum að öflugra atvinnulífi og sjálfbærri þróun um land allt með markvissri samvinnu við sveitarfélög, fyrirtæki og íbúa og leggjum áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum, efla öryggi og velferð og byggja upp traust með ábyrgum stjórnarháttum og mælanlegum markmiðum.


Umhverfið

Umhverfisvernd er ávallt höfð til hliðsjónar í rekstri okkar og framkvæmdum. Árið 2025 var gott hjá Rarik hvað varðar umhverfismál. Við náðum að stíga skref í átt að helstu markmiðum okkar í umhverfismálum og engin mengunarslys voru skráð.

CO₂ útblástur

Markmið Rarik í loftslagsmálum er að helminga kolefnislosun fyrir árið 2030 miðað við losun ársins 2019. Bein losun okkar árið 2025 skiptist á milli bíla- og tækjafloða (34%), keyrslu á varaafli (25%) og raforkuvinnslu með jarðefnaeldsneyti (41%). Árið 2025 náðum við að draga úr losun frá bifreiðum og tækjum um 114 tonn CO₂-ígilda og frá keyrslu varafls um 279 tonn CO₂-ígilda miðað við árið 2024. Einnig var fjarvarmaveitan á Seyðisfirði afhent HEF veitum í upphafi árs 2025, en losun vegna reksturs hennar var umtalsverð vegna skorts á skerðanlegri orku árið 2024. Losun vegna reksturs fjarvarmaveitna fór því úr 1.264 tonnum CO₂-ígilda árið 2024 í 0 árið 2025. Að öllu samanlögðu þá dróst bein losun gróðurhúsalofttegunda saman um 45% milli ára.


Eldsneytisnotkun og losun bíla og tækja



Flokkun úrgangs

Rarik hefur sett sér það markmið að auka flokkun á úrgangi. Stærsti hluti þess efnis sem fellur til hjá okkur er selt til endurvinnslu eða skilað flokkuðu á móttökustöð. Hlutfall flokkaðs efnis var 98% en markmið okkar var 95%. Hlutfall óflokkaðs efnis var 2%.

Flokkun og förgun úrgangs



Orkuskipti bílafloata

Bílafloti okkar er nokkuð stór enda er dreifikerfið afar víðfeðmt. Hluti af innri orkuskiptaáætlun okkar er að rafvæða fólks- og sendibíla í flotanum okkar. Gert er ráð fyrir að þessu verkefni ljúki árið 2027 en það er þó háð framboði á fjórhjóladrifnum sendibílum. Hlutfall rafmagnsbíla í fólksbílaflokki bílafloata okkar er nú 94% en samanlagt hlutfall rafbíla í fólks- og sendibílaflokki (flokkur M1 og N1) er 38%.

Árið 2025 seldum við 11 díselbíla og tókum einn úr notkun. Keyptir voru inn sjö rafbílar og sjö díselbílar. Samhliða orkuskiptum í bíla- og tækjafloata hefur verið unnið að því að draga úr akstri fyrir hvert unnið verk, þetta tvennt skilaði þeim árangri að árið 2025 keyptum við tæplega 12.000 lítrum minna af eldsneyti fyrir bíla og tæki en árið 2024 sem er 4% samdráttur á milli ára.

Þörfin fyrir varaafli - áskorun í umhverfismálum

Um fjórðung af losun okkar árið 2025 má rekja til keyrslu varaafls. Þéttbýlisstaðir með aðeins eina tengingu við dreifikerfið og/eða flutningskerfi Landsnets hafa haft aðgang að föstu varaafli. Þegar tvöföld tenging kemur leggjum við fast varaafli niður en á sama tíma vegum við og metum hvort auka þurfi framboð á færanlegu varaafli. Færanlegt varaafli eru vélar í gámum sem flytja má milli staða eftir þörfum. Einnig má geta þess að bilanaleit og viðgerð á jarðstrengjum getur tekið mun lengri tíma en bilanaleit á loftlínunum jafnvel þótt minna sé um bilanir t.d. af völdum veðurs eða áflugs fugla. Nú, þegar við höfum komið 84% af dreifikerfi rafmagns í jörð, er þetta eitthvað sem við þurfum að geta brugðist við, bæði með styrkingu kerfisins en einnig með færanlegu varaafli. Vöxtur þéttbýlisstaða á landsbyggðinni og aukin notkun rafmagns verður einnig til þess að við þurfum meira af tiltæku varaafli en áður.

Í vinnslu eru ýmsar lausnir til að draga úr losun vegna varaaflskeyrslu, þar á meðal rannsóknir á notkun rafhlaðna í stað varaaflsvéla, og er sú vinna langt komin.

Við höfum umhverfismálin alltaf í huga

Í öllum okkar verkefnum hugsum við til umhverfismála og hvernig við getum skilað náttúrunni eins lítið breyttri og mögulegt er að þeim loknum. Þetta er málefni sem við viljum gera að hluta af okkar fyrirtækjamenningu og að allt starfsfólk, sem og verktakar, hafi umhverfismál í huga þegar þau vinna sín verk.

Aukin gæði í útboðsverkum

Framkvæmdum á okkar vegum fylgir óhjákvæmilegt rask og mikilvægt er að lágmarka það eins og hægt er. Í langflestum tilvikum plægjum við okkar strengi í jörð og veljum til þess verktaka út frá tilboðum. Síðastliðin tvö ár höfum við unnið að því að breyta útboðslýsingum verkefna þannig að enn meiri áhersla er nú lögð á eftirfarandi atriði:


- Ekki sjáist vegsummerki á landi þar sem framkvæmdir hafa átt sér stað.
- Að jarðstrengir sem fara í jörð séu lagðir með tækjum og aðferðum sem lágmarka rask.
- Að við stöndum við orð okkar og byggjum upp traust gagnvart landeigendum, ábúendum og öðrum leyfisveitendum.

Sú breyting hefur nú orðið á útboðsreglum okkar að verð gildir einungis 70% af heildarmati útboða. Gæði eru nú metin 30% af tilboði og gildir þar reynsla frá fyrri verkefnum verktaka fyrir Rarik. Með þessu móti verðlaunum við verktaka sem standa undir væntingum okkar og tryggja farsæld verkefna.

Fækkun ekinna kílómetra á verkefni

Frá árinu 2024 höfum við sett okkur það markmið að fækka eignum kílómetrum á hvert verkefni innan veitusviðs. Markmiðið kallar á betri skipulagningu verka og betri nýtingu á hverri ferð. Árið 2024 náðum við að fækka eignum kílómetrum fyrir hvert verkefni um 3,9% en árið 2025 bættum við um betur og fækkuðum þeim um 10% eða úr 307 km í 276 km. Á tveimur árum höfum við því náð að fækka eignum kílómetrum um 13,5% á hvert verkefni.

Meðaltal ekinna kílómetra á hvert verk



Önnur umhverfismál

Árið 2025 var umhverfisdagur Rarik festur í sessi og verður héðan í frá haldinn þriðja föstudag í september ár hvert. Á umhverfisdeginum 2025 var lögð áhersla á rétta flokkun úrgangs. Starfsfólk okkar um allt land tók til hendinni; nýtti tækifærið til að taka til og skipuleggja sitt nærumhverfi á starfstöðvum okkar.

Samfélagsábyrgð

Við erum bæði undirstaða fyrir og þátttakendur í þeim samfélögum sem við þjónum. Fyrir landsbyggðarfyrirtæki eins og Rarik skipta sterk og öflug samfélög á landsbyggðinni sem vaxa og dafna, okkur gríðarlegu máli. Samfélagsábyrgð okkar getur tekið á sig margar birtingarmyndir, sem ræðst t.d. af því hvers konar nágranni við erum, hvernig við gætum upplýsinga viðskiptavina okkar, hvers konar skilaboð við sendum frá okkur og hvernig við styðjum við samfélög á okkar dreifiveitusvæði.

Samfélagsábyrgð skiptir máli

Það má segja að árangur okkar í samfélagsábyrgð felist ekki aðeins í því sem hægt er að telja í tölum, heldur einnig á þeim trausta grunni sem við byggjum með samfélaginu til framtíðar. Árangur af samfélagsábyrgð fyrirtækisins okkar birtist á ýmsa vegu og hægt er að mæla hann með bæði beinum og óbeinum hætti. Með því að leggja áherslu á öryggi, virðingu og traust gagnvart samfélaginu og viðskiptavinum viljum við skapa jákvæða ímynd og styrkja tengslin við þau samfélög sem við störfum fyrir.

Með nýrri og samræmdri ásýnd og öflugri endurmörkun ætlum við að styrkja hlutverk okkar sem góður nágranni og ábyrgur þátttakandi í samfélaginu. Þannig má segja að samfélagsábyrgðin sé bæði mælanleg í tölulegum gögnum og sjáist jafnframt í aukinni þátttöku, trausti og jákvæðri upplifun þeirra sem eiga í samskiptum við okkur.

Fjölbreytt verkefni sem styðja við sterk samfélög

Segja má að öll verkefni okkar og stefnumarkmið séu samofin samfélagsábyrgð okkar, hvort sem um ræðir virðingu fyrir umhverfinu og öryggi starfsfólks, styrkingu, viðhaldi og framþróun dreifikerfisins eða okkar eigin ásýnd eða þjónustu.

Upplýsingaöryggi

Á undanförunum árum hefur mikilvægi upplýsingaöryggis vaxið mjög og við lítum á það sem stórt samfélagsverkefni sem við viljum taka virkan þátt í. Við berum ábyrgð á að þau gögn sem okkur er treyst fyrir lendi ekki í röngum höndum, því slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir okkur og samfélagin sem við þjónustum.

Aðferðir netglæpamanna þróast hratt og markmiðið er oft að valda tjóni, eins og dæmi frá öðrum löndum sýna. Við leggjum áherslu á öruggan rekstur upplýsingakerfa og tryggjum rétta og trausta meðhöndlun gagna. Rarik starfrækir vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 27001 staðli og árlega fer fram ytri úttekt til að staðfesta hlítu við staðalinn.

Þá eru haldnar prófanir og æfingar árlega til að tryggja rétt viðbrögð ef atvik verða, stundum með þátttöku ytri aðila. Starfsfólk okkar fær reglulega fræðslu og þjálfun í upplýsingaöryggi, svo að það sé betur í stakk búið til að bregðast rétt við hættum. Góð árvekni starfsfólks gagnvart netveiðum og -svindli gagnast ekki bara okkur sem fyrirtæki til að auka gagnaöryggi okkar heldur einnig starfsfólkinu sjálfu í sínu persónulega lífi.

Breytt ásýnd Rarik

Frá árinu 2023 hefur verið unnið að innleiðingu stefnubreytingar hjá fyrirtækinu með það að markmiði að nútímavæða starfsemi þess.



Stefnubreytingin snerist að miklu leyti um framtíð, samkeppnishæfni og virði fyrirtækisins sem þjónustu- og tæknifyrirtækis. Til að endurspeglar þessar áherslubreytingar hófst undirbúningur að endurmörkun árið 2024 og var hún kynnt á vofundi á Selfossi í apríl 2025.

Ásýndin er kraftmikil og framsækin en ber jafnframt virðingu fyrir sögu fyrirtækisins. Hún sameinar starfsfólk um allt land og styður við hlutverk og framtíðarsýn okkar. Rödd og talsmáti var uppfærður, byggður á grunngildum okkar sem eru hugrekki, árangur og virðing.

Góður granni

Hluti af innleiðingu endurmörkunarinnar var að uppfæra útlit starfsstöðva og aðra mikilvæga fleti ásýndarinnar, þannig að starfsfólk og hagaðilar fái ávallt sömu upplifun, óháð staðsetningu. Rarik er vel sýnilegt í bæjum og sveitum landsins með fjölda fasteigna og mannvirkja bæði í dreifbýli og þéttbýli. Árið 2025 var unnið markvisst að endurbótum og fegrun starfsstöðva og kerfiseigna, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Miklar endurbætur voru gerðar á um 15 dreifistöðvum, þær múrviðgerðar, málaðar, ljós endurnýjuð og fleira sem laut að útliti þeirra. Á Laxárvatni var aðveitustöð stækkuð, endurbætur gerðar á eldri hluta, gluggum skipt út og húsið málað. Stefnt er að því að ljúka lagfæringum á lóð sumarið 2026. Á Þórshöfn var lokið við frágang á klæðningu aðstöðuhúss.

Á öllum starfsstöðvum okkar voru merkingar uppfærðar í samræmi við endurmörkun fyrirtækisins og samræmda ásýnd. Í Stykkishólmi og á Blönduósi, Egilsstöðum og Hvolsvelli voru hús máluð að utan, sem gaf þeim endurnýjað útlit. Á Blönduósi hafði skrifstofuhluti hússins fengið nýja glugga og klæðningu, en á liðnu ári var verkstæðið endurnýjað, klæðning og gluggar í öllu húsinu sömuleiðis, útisvæðið malbikað og öryggisgirðing endurnýjuð.

Í Borgarnesi var lokið við hönnun frárennislislagar í porti og malbikun sett á dagskrá fyrir 2026. Á Siglufirði var útisvæðið tekið í gegn og malbikun kláruð sem gerði aðkomu að starfsstöðinni betri. Einnig voru gerð jarðvegsskipti við aðveitustöðina til að bæta ásýnd hennar.

Á Akureyri stendur yfir undirbúningur fyrir endurbætur utanhúss og innanhúss, og hófust framkvæmdir á fyrsta ársfjórðungi 2026. Á Egilsstöðum var starfsstöðin máluð að utan sem styrkti ásýnd fyrirtækisins, og er undirbúningur fyrir innanhússframkvæmdir langt kominn. Á Höfn í Hornafirði var steipt stétt, hluti girðingar endurnýjaður, rafmagnshlið sett upp og hluti hússins málaður.

Íslenskur málsháttur segir „Sá hreppir gæfu, sem góðan granna fær“. Við viljum tileinka okkur þennan boðskap og vera þessi nágranni með því að skapa snyrtilegt og öruggt umhverfi fyrir öll sem koma að starfsemi fyrirtækisins.

Styrkir til samfélagsins

Styrkjanefnd Rarik hóf störf um mitt ár 2024 og ráðstafar árlega um 12 milljónum í styrki til fjölbreyttra verkefna um land allt, þar á meðal til íþrótt- og menningarstarfs, nýsköpunar, rannsókna á framhalds- og háskólastigi, sem og ýmissa góðgerðarmála sem varða líf og velferð fólks. Auk þess birtum við auglýsingar í ýmsum styrktarmiðlum, svo sem sérútgáfum góðgerða- og styrktarfélagar, á vefsíðum og í skólablöðum.

Markmið nefndarinnar er að tryggja gagnsæi og ábyrgð við úthlutun styrkja og að þeir fari til verkefna sem styðja við stefnu og samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Árið 2025 veitti nefndin 32 styrki eða samtals 11.885.000 krónum, en alls bærust nefndinni 54 gildar styrkumsóknir.

Efling byggða

Frá því að rafvæðing hófst hefur aðgengi að rafmagni verið forsenda vaxtar og þróunar byggða. Öflug samfélög á landsbyggðinni eru gríðarlega mikilvæg fyrir okkur. Við þjónum stærstum hluta landsbyggðarinnar og rekum víðfeðmasta dreifikerfi landsins. Árangur sveitarfélaganna sem við þjónum helst í hendur við okkar eigin árangur. Þeirra velgengni er okkar velgengni og að sama skapi þýðir samdráttur í uppbyggingu og atvinnulífi sveitarfélaga að viðskiptavinum okkar fækkar og árangur okkar dregst saman. Hagsmunir landsbyggðarinnar og Rarik eru með þessu móti samofnir og við verðum ávallt með landsbyggðinni í liði þegar kemur að umræðum um orkumál.

Samtal og samvinna við sveitarfélög – lykill að öflugum samfélögum

Til að tryggja góða þjónustu vinnum við náði með sveitarfélögum, þar sem skipulagsákvæðanir þeirra hafa bein áhrif á dreifikerfið. Á síðustu misserum hefur formlegt samráð og markviss upplýsingamiðlun aukist, sem hefur leitt af sér betra yfirlit og færri hindranir. Samráð snemma í ferlinu dregur úr ágreiningi, sérstaklega varðandi skipulags- og gjaldskrárákvæðanir.

Virkt samtal á vofundi

Hluti af því að eiga virkt samtal við samfélagið er að opna dyrnar og bjóða í kaffi. Vofundur, sem haldinn var á starfsstöð okkar á Selfossi þann 10. apríl 2025, var liður í þessu samtali og buðum við öllum sem áhuga hafa á orkumálum og orkuskiptum á landsbyggðinni að koma, ásamt helstu hagaðilum okkar. Viðburðurinn var vel sóttur, bæði í raunheimum og netheimum, og við stefnum á að halda slíkan vofund árlega.

Vel heppnuð heimsókn á Austurland

Árlega heimsækir stjórn og framkvæmdastjórn Rarik einn landshlutanna. Þannig viljum við tryggja það að við hlustum beint og milliliðalaust á fulltrúa sveitarfélaga og viðskiptavina um allt land og heyrum hvaða mál brenna á þeim þegar kemur að orkudreifingu og orkuskiptum. Að sama skapi gefst okkur tækifæri til að kynna starfsemi okkar betur, ræða verkefni fyrirtækisins og stöðu dreifikerfisins.

Árið 2025 var komið að heimsókn um Austurland sem hófst á Höfn í Hornafirði og lá leiðin síðan um Reyðarfjörð, Neskaupstað, Eskifjörð, Egilsstaði og Vopnafjörð og að lokum á Þórshöfn. Fundir voru haldnir með sveitarstjórnnum Hornafjarðar, Fjarðarbyggðar, Múlaþings, Fljótisdals-hrepps, Vopnafjarðar og Langanesbyggðar auk þess sem tekið var á móti okkar fólki á kúabúinu Flatey, Síldarvinnslunni í Neskaupstað og Ísfélaginu á Þórshöfn.

Samkomulag um styrkingu raforkukerfis á Norðausturlandi

Afhendingargeta raforku á Norðausturlandi hefur lengi verið of lítil og hindrað þar framþróun sveitarfélaga, fyrirtækja og orkuskipti. Þetta á sérstaklega við á Þórshöfn þar sem enginn afhendingarstaður Landsnets er nærri og bæjarfélagið er tengt með 33 kV streng frá Kópaskeri, um 50 km leið. Til að koma hreyfingu á þá pattstöðu sem verið hefur á málinu

fengum við Verkís til að greina raunhæfar lausnir í byrjun sumars 2025. Niðurstöður lágu fyrir í október og sýndu að 132 kV hringtenging frá Landsneti væri nauðsynleg til framtíðar litið.

Í kjölfarið var gert tímamótasamkomulag um aðgerðir til að styrkja afhendingu og öryggi raforku á svæðinu, með skýrri verkaskiptingu fyrir hraðari uppbyggingu. Rarik leggur 33 kV jarðstreng milli Vopnafjarðar og Þórshafnar, Landsnet hraðar uppbyggingu tengivirkis á Bakka til tví-tengingar Húsavíkur og undirbýr 132 kV loftlínu á milli Kópaskers og Þórshafnar. Ríkið styrkir fjárfestingar Rarik og Landsnets um samtals 2,2 ma.kr. árið 2026, en markmiðið er að ljúka verkefnum eigi síðar en 2028.

Samstarf um jarðhitaleit í Vík

Undir árslok 2025 gerðum við samning við Mýrdalshrepp um heitavatnsleit í nágrenni Víkur í Mýrdal. Samningurinn er liður í samstarfi sveitarfélagsins og Rarik um að kanna möguleika á stofnun hitaveitu til að anna kyndipörf þéttbýlisins í Vík til lengri tíma litið. Mýrdalshreppur og Rarik fengu úthlutað 176 m.kr. styrk úr Loftslags- og orkusjóði til heitavatnsleitar á svæðinu.

Nýsköpun á Norðurlandi

Árið 2025 gengum við til liðs við hóp bakhjarla Driftar EA, en svo nefnist miðstöð nýsköpunar á Norðurlandi, þar sem frumkvöðlar, fyrirtæki og hugmyndasmiðir koma saman í lifandi samfélagi sem byggir á þekkingu, samvinnu og aðgengi að aðstöðu sem styður við vöxt og þróun hugmynda.


Með þátttöku okkar undirstrikum við mikilvægi nýsköpunar sem drifkrafts framtíðaruppbyggingar, ekki síst á landsbyggðinni og sýnum með skýrum hætti vilja okkar til að styðja við atvinnuþróun á Norðurlandi.

Aukin jöfnun þéttbýlis og dreifbýlis

Til að tryggja að viðskiptavinir í þéttbýli greiði ekki einir fyrir þann umframkostnað sem fylgir dreifingu raforku í dreifbýli er kerfinu skipt í tvö gjaldskrársvæði: þéttbýli og dreifbýli. Þessi skipting gerir okkur kleift að meta umframkostnað dreifbýlis og jafna hann á landsvísu á grundvelli raunkostnaðar.

Við erum meðvituð um að hærri orkukostnaður í dreifbýli getur haft áhrif á samkeppnishæfni svæðanna. Því teljum við það skyldu okkar að standa vörð um hagsmuni viðskiptavina í dreifbýli og vinna að réttlátri jöfnun.

Á síðustu árum hefur jöfnun dregist saman og er nú um 70%. Við höfum unnið að því að framlög til dreifbýlis verði aukin, meðal annars með greiningum og samtali við stjórnvöld. Í desember 2025 samþykkti Alþingi hækkun jöfnunargjalds úr 0,41 kr/kWst í 0,52 kr/kWst, en áhrifin eru enn óljós. Áform eru um frekari aðgerðir til jöfnunar, en jöfnun dreifikostnaðar er eitt helsta hagsmunamál okkar og vinnum við áfram að jafnræði milli þéttbýlis og dreifbýlis á landinu öllu.





E Við nýtum nýjustu tækni og nýsköpun til að auka skilvirkni í rekstri og lágmarka sóun



Á undanförunum árum hefur verið lögð aukin áhersla á að nýta nýjustu tækni og nýsköpun í starfsemi Rarik til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og draga úr sóun.

Með þróun og innleiðingu tæknilausna á borð við bilanavísar, fjarstýranlegra rofa, spálíkana fyrir eftirspurn og rafhlöðulausnir náum við að stytta viðbragðstíma, hámarka nýtingu auðlinda og tryggja betri afhendingu rafmagns til viðskiptavina. Slík verkefni gera okkur kleift að takast á við vaxandi kröfur samfélagsins og styðja við sjálfbæra þróun, þar sem ávinningurinn birtist t.d. í auknu rekstraröryggi, minni umhverfisáhrifum, skilvirkari bilanagreiningu og betri nýtingu fjármuna í fjárfestingum og rekstri.

Bilanavísar og bætt bilanaleit

Á árinu 2025 var gert átak í að nýta betur upplýsingar úr kerfum okkar til að staðsetja bilanir og spara tíma sem fer í bilanaleit. Þar með stýttist einnig sá tími sem viðskiptavinir okkar eru án rafmagns. Í fyrsta lagi eru bilanastraumar lesnir úr varnarliðum í kerfinu og í öðru lagi eru merki lesin frá skammhlaupsvísimum sem eru í spennistöðvum. Þegar bilanastrumur er lesinn úr varnarliðum sjáum við mögulegar staðsetningar á bilunum. Upplýsingar frá skammhlaupsvísimum segja okkur í hvaða átt bilunin er frá viðkomandi spennistöð. Einnig er hægt að nota mælingar úr skammhlaupsvísimum til að meta á hvaða svæði er hægt að koma rafmagni aftur meðan bilanaleit stendur yfir án þess að farið sé út fyrir afhendingargæði. Þetta eykur því áreiðanleika á afhendingu rafmagns.

Aukinn fjarstýranleiki í kerfinu

Á árinu var unnið að áframhaldandi uppbyggingu á fjarstýranleika í dreifikerfi rafmagns. Fjarstýranleiki er ein af forsendum áreiðanlegs reksturs dreifikerfis; hann styður við hraðari viðbrögð, öruggari vinnubrögð og markvissari stýringu á afhendingu, sérstaklega þegar álag eykst og kerfið verður flóknara. Nýjar dreifistöðvar sem eru með háspennurofum eru oftast settar upp með fjarstýringu og bilanavísimum. Einnig er unnið að því að setja upp fjarstýringu í eldri dreifistöðvar. Dreifistöðvar fyrirtækisins voru 6.559 talsins í lok árs 2025 og fjölgaði um 2% frá fyrra ári. Inni í þessum mikla fjölda teljast allar gerðir dreifistöðva, allt frá litlum jarðspennistöðvum yfir í stærri dreifistöðvar með háspennurofum. Fjöldi dreifistöðva sem hægt er að virkja fjarstýringu í eru 807 eða 12% af heildarfjölda dreifistöðva okkar. Af þessum 807 voru 281 fjarstýranlegar í lok árs 2025 eða 35%.

Nýjasta tækni og nýsköpun

Tilraunaverkefni og nýsköpun skipar stóran sess hjá okkur þar sem leitast er við að auka skilvirkni, bæta afhendingu og styrkja rekstur með nýrri tækni og lausnum. Verkefni eru fjölbreytt, allt frá þróun kortagrunna og innleiðingu drónatækni, þróun gervigreindarlausna, uppsetningu miðlægs ljósmyndakerfis og rafhlöðulausna, til samstarfs við frumkvöðlafyrirtæki og innleiðingar snjallkerfa. Markmiðið er að skapa varanlegan ávinning fyrir samfélagið og fyrirtækið, með áherslu á vöxt, framtíðarsýn og sjálfbærni.

Landupplýsingateymi Rarik

Landupplýsingateymi Rarik varð formlega til haustið 2025 og gengur í daglegu tali undir nafninu Landvættir. Teyminu er ætlað að stórauka getu okkar til að miðla upplýsingum í gegnum kort og kortasjár sem hentar rekstri okkar sérstaklega vel. Góð gögn og miðlun þeirra eru forsenda góðrar upplýsingargjafar og ábyrgrar ákvarðanatöku. Sem dæmi þá getur öflug kortasýn hjálpað okkur að taka réttar og tímanlegar ákvarðanir varðandi fjárfestingarþörf okkar og viðhald á dreifikerfinu.

Landupplýsingateymið er lykilteymi og heldur utan um allar okkar kortasjár og framsetningu upplýsinga sem og skýra upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Innleiðing Utility Network

Eitt stærsta verkefni landupplýsingateymis er innleiðing ArcGIS Utility Network frá Esri. Kerfið byggir ofan á hefðbundin landupplýsingakerfi þar sem það geymir upplýsingar um alla íhluti dreifikerfis okkar og innbyrðis tengingar þeirra. Utility Network kemur til með að styðja við stafrænan tvíbura⁴ dreifikerfisins og mun gera starfsfólki okkar kleift að herma eftir atburðum sem hafa gerst eða gætu gerst, rekja flæði rafmagns og skipuleggja uppfærslur og breytingar á kerfinu. Verandi hluti af umhverfi Esri þá er auðvelt að tengja kerfið við önnur kerfi eða hugbúnað og margar tilbúnar lausnir til að sýna dreifikerfið á sjónrænan og gagnvirkan hátt. Utility Network verður grunnstoð nýrra tækifæra til sjálfvirkni og bættrar hönnunar og heilt yfir mun skilvirkni dreifikerfisins aukast. Utility Network tekur við af NetBas, eldra kerfi sem hannað var til að halda utan um, greina og skipuleggja rafmagnsnet, en Netbas var innleitt hjá okkur árið 1987 og var Rarik fyrsta dreifiveitan á Íslandi til að innleiða slíkan hugbúnað.

Fyrsta skrefið í innleiðingu Utility Network verður með skráningu og yfirfærslu hitaveitna okkar. Sú vinna hófst í byrjun árs 2025 og stendur enn yfir. Landupplýsingateymið okkar leiðir þá yfirfærslu og munu í kjölfarið nýta þá dýrmætu reynslu til að færa yfir öll gögn rafveitu sem er mun umfangsmeira verkefni.

Útreikninga- og truflanaskráningarkort

Landupplýsingateymið setti upp nýtt gagnakort sem kallast útreikninga- og truflanaskráningakort. Á því eru truflanir settar upp á korti og samkeyrðar svo auðveldara sé að lesa úr þeim, skoða veikleika í kerfinu og sjá hvaða línur eða landssvæði þarfnast mestrar athygli. Kortið gerir okkur auðveldara að sjá ákveðin mynstur þegar kemur að bilunum heldur en mögulegt er með því að skoða hefðbundnar skýrslur og Excel-skjöl. Kerfisútreikningar eru birtir samhliða á kortinu og gefa enn betri mynd af heilbrigði rafdreifikerfisins.

Eftirspurnarspá

Landupplýsingateymi smíðaði á árinu 2025 eftirspurnarspá fyrir dreifi-svæði okkar, skipt niður í 276 undirsvæði. Spáin tekur tillit til fjölmargra stærða og breyta sem hafa áhrif á raforkunotkun, á borð við stöðu orkuskipta, fólksfjölda, umferð og fjölda ferðamanna svo fátt eitt sé nefnt. Á árinu 2026 verður þessi spá notuð til að þróa langtímasýn fyrir uppbyggingu dreifikerfisins.

1. Stafrænn tvíburi er nákvæm, stafræn sýndar-framsetning eða stafrænt líkan af efnislegum hlut eða kerfi, t.d. dreifikerfi Rarik. Stafrænn tvíburi nýtir rauntímagögn og aðrar heimildir til að líkja eftir hinu raunverulega kerfi okkar og getur þannig sýnt okkur áhrif breytinga sem við hyggjumst gera á kerfinu áður en við ráðumst í þær.

Gjaldskrárkortasjá

Kortasjá okkar fyrir gjaldskrár og afmarkanir dreifbýlis og þéttbýlis var endurhönnuð frá grunni árið 2025 og er nú aðgengileg viðskiptavinum á vef Rarik. Kortasjáin auðveldar viðskiptavinum okkar að átta sig á hvort þeir tilheyra þjónustusvæði okkar, hvaða gjaldskrársvæði þeir tilheyra og hvar afmarkanir þéttbýlis og dreifbýlis liggja. Samhliða geta viðskiptavinir séð orkuverð í gjaldskrám okkar.

Virkjanakortasjá

Endurhönnuð virkjanakortasjá var búin til fyrir vef okkar á árinu til að gefa betra yfirlit yfir staðsetningu smávirkjana auk upplýsinga um stærð þeirra og gerð. Á sama tíma var búin til innri kortasjá sem gefur yfirlit yfir umsóknir sem borist hafa vegna tenginga smávirkjana inn á kerfið okkar. Yfirsýn í kortasjá yfir virkjanaverkefni í vinnslu er lykilatriði þegar kemur að framtíðar hönnun raforkudreifikerfisins.

Samstarf við Svarma

Samstarf okkar við Svarma um vinnslu drónamynda hefur verið í stöðugum vexti. Aukin notkun drónagagna hefur margvíslega kosti og getur t.d. flýtt fyrir skoðunum fornleifa og öðrum leyfismálum. Í þessu kerfi er hægt að deila nýjum loftmyndum með mikilli nákvæmni. Einnig hefur verkfærið nýst við gagnaskráningu bilana og frágangsmála í stórum og meðalstórum verkefnum. Á komandi árum munum við setja enn meiri fókus á notkun dróna í verkefnum okkar.

Samstarf við Snjallgögn

Við héldum áfram vinnu á sviði gervigreindar með frekari þróun spjall-mennisins Tryggva, í samstarfi við nýsköpunarfyrirtækið Snjallgögn. Spjallmennið var sett upp í gagnaumhverfi Rarik. Það nýtir gagnasafn okkar, m.a. handbækur, til að Tryggvi geti veitt skýrar og samtalsmiðaðar upplýsingar. Spjallmennið miðlar á sjálfvirkan hátt þekkingu og veitir starfsfólki þannig aðgengi að verklagsreglum og fleiri upplýsingum á mannamáli.

Í samstarfi við Snjallgögn var einnig þróað spálíkan fyrir orkunotkun sem byggir á sögulegum rekstrargögnum og er ætlað er að styrkja greiningar- og ákvarðanatökugetu okkar. Spálíkanið var kynnt á alþjóðlegu ráðstefnunni CIRED 2025 í Sviss. Þessi verkefni marka mikilvæg fyrstu skref í að nýta gervigreind til að auka skilvirkni, sjálfvirkni og nýtingu innri gagna í rekstri okkar.

Ljósmyndakerfi Rarik

Ráðist var í nýsköpunarverkefni sem snýst um að þróa aðferð og kerfi til að geyma allar ljósmyndir og myndbandsupptökur í einu miðlægu DAM (Digital Asset Management) kerfi. Þannig verða allar stafrænar myndir og myndbönd gerð aðgengileg starfsfólki í öllum kerfum okkar og jafnframt tengdar kortasjá svo hægt er að leita eftir ljósmyndum út frá landssvæði. Ljósmyndir og myndbönd af búnaði, útliti og staðháttum, t.d. aðveitustöðva, um allt land eru farin að skipta sífellt meira máli í starfseminni og styrkir gott ut anumhald þeirra eignastýringu okkar. Þróun verkefnisins stóð yfir árið 2025 en áætlað er að innleiða kerfið á fyrri hluta ársins 2026.

Tilraunaverkefni og nýsköpun í Vík

Sem stendur vinnum við að tveimur tilraunaverkefnum í Vík í Mýrdal, BESS og Flex.

Rafhlöðulausnin BESS

BESS stendur fyrir Battery Energy Storage System en við höfum unnið að því að kaupa og innleiða rafhlöðugámalausn í Vík í Mýrdal með það að markmiði að auka afhendingargetu dreifikerfisins tímabundið. Núverandi 33 kV stofnstrengur sem sér Vík og nærsveitum fyrir raforku er að nálgast efri þolmörk sín. Þetta má rekja til aukins álags vegna uppbyggingar í ferðamannaíðnaðinum, en einnig til stækkunar sveitarfélagsins.

Fyrirhugað er að setja upp BESS sem getur stutt við kerfið á álagstímum og þannig aukið afhendingargetu okkar þar til varanleg styrking á stofnkerfinu kemur. Rafhlöðugámurinn er 1 MW/2 MWst. Með þessu móti er unnt að mæta tímabundnum álagstoppum vegna t.d. hleðslustöðva og þar af leiðandi draga úr hættu á skerðingum eða takmörkunum á afhendingu.

Rafhlöðugámar af þessari gerð eru tiltölulega ný tækni og markaður fyrir slíkar lausnir er enn mjög óreiðukenndur. Mörg fyrirtæki, þá sérstaklega frá kínverska efnahagsvæðinu, gera allt í sínu valdi til þess að koma sínum lausnum inn á Evrópumarkað. Rarik hefur aldrei áður fjárfest í rafhlöðu af slíkri stærðargráðu og mun innleiðing hennar í rekstur dreifikerfa hafa fordæmisgildi hér á landi. Innleiðing nýrrar tækni getur verið flókið ferli þar sem ófyrirséðir þættir geta haft áhrif á framvindu verkefnisins, og því hefur verkefninu seinkað frá upprunalegri tímalínu.

Verkefnið hlaut 32.229.000 króna styrk úr Orkusjóði árið 2025, sem undirstrikar mikilvægi þess sem tilrauna- og þróunarverkefni á sviði dreifikerfa. Innleiðing BESS í Vík í Mýrdal er því ekki aðeins tímabundin lausn til að mæta staðbundinni afhendingarþörf, heldur jafnframt mikilvægt skref í átt að auknum sveigjanleika og tæknilegri þróun íslenskra dreifikerfa.

Sveigjanleiki með Flex

Flex er samstarfsverkefni okkar og rekstraraðila hraðhleðslustöðva. Verkefnið miðar að því að gera sveigjanlega samninga sem leyfa okkur að minnka tímabundið álag til hleðslugarða sé flutningsgeta stofnstrengs kominn að þolmörkum. Með Flex er ætlunin að stýra í rauntíma heimtaugastærðum fyrir hraðhleðslustöðvar. Þannig getum við afhent viðskiptavinum þá raforku sem óskað er eftir þegar næg flutningsgeta er til staðar í kerfinu án þess að eiga á hættu að yfirlesta kerfið á álagstímum.

Öruggt flæði gagna með „Rarik Connect“

Í takt við stefnu okkar um að nýta gögn til betri ákvarðanatöku var eitt stærsta verkefni ársins þróun á Rarik Connect. Verkefnið er hornsteinn í tæknilegri framtíðarsýn okkar og snýst um að búa til öruggan og stýrðan samgang á milli kerfa.

Með Rarik Connect er innleidd hugmyndafræði um „stýrt hlaðborð“ (e. managed buffet). Í stað þess að opna beinar tengingar inn í kjarnakerfi okkar er útbúin miðlæg gátt þar sem ytri aðilar og samstarfskerfi geta sótt nauðsynleg gögn. Þetta tryggir okkur fullt forræði yfir gögnum okkar, eykur öryggi þeirra verulega og einfaldar alla samþættingu til framtíðar.

Með Rarik Connect sem kjarna í gagnaumhverfinu og áframhaldandi átaki í betra aðgengi að gögnum með öruggum og stýrðum hætti er lagður frekari grunnur að sjálfvirkni og hagnýtingu gervigreindar í starfsemi okkar.

Miðlæg verkefnastýring skilar árangri

Verkefnastofan var stofnuð í byrjun árs 2024 og frá þeim tíma hefur verið unnið markvisst eftir skilgreindu verkefnaferli. Með auknum fjölda og fjölbreytni verkefna hefur ferlið þróast og styrkst. Á árinu var lögð aukin áhersla á vandað upphaf verkefna með innleiðingu frumgreiningar sem ákvarðar hvort verkefni komist á verkefnaskrá.

Í frumgreiningu er farið dýpra í þarfagreiningu, hagsmunaaðilagreiningu og markmiðasetningu áður en ákvörðun er tekin um að hefja verkefni. Með þessu verklagi hefur umfang verkefna orðið skýrara; upphaf og verklok betur afmörkuð og aðföng betur tryggð.

Verkefnastofan hefur einnig unnið að því að efla verkefnamiðaða menningu innan Rarik. Áhersla hefur verið lögð á að smærri verkefni með minna flækjustig séu unnin innan sviða fremur en að fara í gegnum Verkefnastofu. Sem hluti af þeirri þróun kom Verkefnastofa að skilgreiningu á ferli fyrir verkefnaspretti hjá sviði viðskiptatækni og skilvirkni. Sú nálgun hefur gefist vel og stuðlað að betra skipulagi, skýrari forgangsröðun og markvissari framkvæmd verkefna.

Í lok árs voru 26 verkefni á verkefnaskrá Verkefnastofu. Á árinu bættust 18 ný verkefni við og 13 verkefnum var lokið.



F Við tryggjum áreiðanlega afhendingu orku sem styður við orkuskipti og þróttmikið atvinnulíf



Áreiðanleg afhending orku er hornsteinn orkuskipta og þróttmikils atvinnulífs á Íslandi. Við tryggjum örugga, hagkvæma og trausta afhendingu raforku og jarðhita sem hefur bein áhrif á framþróun samfélagsins, búsetuþróun og verðmætasköpun á landsbyggðinni.


Á árinu 2025 var lögð áhersla á verkefni sem stuðla að aukinni afhendingargetu, afhendingargæðum og auknum áreiðanleika, með markvissri verkefnastýringu, samvinnu við hagaðila og fjárfestingum í jarðstrengsverkefnum. Miklu máli skiptir að samvinna við hagaðila sé góð og að gagnkvæmt traust ríki. Einnig skiptir máli að samvinna innan fyrirtækisins sé með því móti að flæði verkefna sé gott og að þeim ljúki innan tímamarka og kostnaðaráætlunar.

Strenglagningarverkefnið

Frá árinu 1995 höfum við unnið hörðum höndum að því að færa dreifikerfi rafmagns í jörð og leiða þriggja fasa rafmagn að hverjum bæ og byggðu bóli. Með þessu viljum við fækka veðurtengdum truflunum í dreifikerfi okkar og tryggja nútímalegt og öruggt dreifikerfi raforku til framtíðar.


Árið 2025 plægðum við fyrir og lögðum í jörð um 238 km af háspennnum jarðstrengjum til að leysa af hólmi um 302 km af loftlínunum. Þá eru ótaldir yfir 187 km af jarðstrengjum til viðbótar vegna stækkunar kerfisins í tengslum við nýja dreifingarstaði og notendur, aflaukningu, hringtengingar o.fl. Verkefnakort (bls. 70-71) sýnir strenglagningarverkefni um allt land sem og önnur stór verkefni sem tengjast bættu afhendingaröryggi, afhendingargetu og endurnýjun bæði í kerfi rafveitu og hitaveitna.

Hlutfall jarðstrengja og loftlína í árslok 2025



■ Jarðstrengir
■ Loftlínur

Háspennt dreifikerfi í árslok 2025



Jarðstrengir
84%
8.669 km

Loftlínur
16%
1.680 km

Heildarlengd á
háspenntu dreifikerfi:
10.349 km

Framfarir í þverun árfarvega

Árið 2024 kenndi okkur að árpveranir jarðstrengja eru verkefni sem vanda verður sérstaklega til. Skyndilegir vatnavextir og flóð, sem og jarðvegstaka úr ám, getur breytt farvegi þeirra þannig að plægðir strengir grafast upp og verða fyrir skemmdum. Þetta var sérstaklega áberandi á Víkurstreng haustið 2024.

Víkurstrengur boraður undir ár

Árið 2024 kom tvisvar til mikilla truflana á afhendingu rafmagns til Víkur vegna skemmda á 33 kV stofnstreng frá Holti til Víkur í miklum flóðum. Til að tryggja öryggi strengsins til framtíðar og draga úr líkum á endurteknum truflunum var á árinu 2025 lokið við að bora rör undir árfarvegi á línuleiðinni og strengurinn lagður í þau. Ný borunaraðferð var notuð, sem auðveldar stýringu og tryggir sterkari fóðrun, sem gerir kleift að bora dýpra í lausum jarðlögum. Aðferðin var notuð undir sex árfarvegi á strengleiðinni auk þess sem strengurinn var lagður í tvær brýr.

Borað undir Blöndu með nýrri tækni

Árið 2025 stóðum við frammi fyrir mjög krefjandi þverun á ánni Blöndu við Blönduós. Það sem gerði verkefnið krefjandi er að undir Blöndu liggur klöpp og því var hvorki unnt að bora undir árfarveginn með hefðbundinni undirborun né plægja streng yfir. Eftir valkostagreiningu var ákveðið að bora undir ána með nýrri gerð af bor. Verkefnið var því tilraunaverkefni og mun fjölga þeim möguleikum sem við höfum úr að velja fyrir árpveranir.

Loftlínu-jarðstrengur

Þegar kom að því að þvera Skjálfandafliót réðumst við í tilraunaverkefni sem fólst í notkun á svokölluðum loftlínustreng. Um er að ræða streng sem hannaður er til að leggja í jörð en til að þvera gil eða ár þá er strengurinn notaður eins og loftlína og strengdur á milli tveggja mastra. Kostirnir við þessa aðferð er að þegar þverun er löng og með blönduðum jarðvegi er fjárhagslega og rekstrarlega hagkvæmara að leggja loftstreng en að finna leið fyrir streng neðanjarðar. Loftstrengurinn er sérstaklega einangraður og kostir hans umfram hefðbundna loftlínu eru:

- Engin snertihætta.
- Áflug fugla hefur lámarksáhrif á dýrið og línuna.
- Lágmarksísingarhætta.

Ókostirnir eru aðallega þeir að flutningsgeta strengsins er takmörkuð og hentar hann því ekki á stöðum þar sem álag er mikið.

Aukinn áreiðanleiki hitaveitna

Rarik á og rekur fjórar jarðvarmaveitur. Rekstur veitnanna fellur vel að öðrum rekstri okkar og gegnir lykilhlutverki í að tryggja örugga afhendingu á orku til húshitunar. Jarðhitanýting er einnig öflugur þáttur í orkuskiptum og stuðlar að minni notkun raforku til hitunar.

Á vinnslusvæðum okkar er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu og forða-jafnvægi. Í því samhengi hafa verið kannaðir kostir þess að dæla bakrásarvatni aftur niður í jarðhitasvæðin þar sem þörf er á. Þá eru fram undan umfangsmikil endurbótaverkefni á dreifikerfum með það að markmiði að bæta varmaeinangrun lagna og draga þannig úr varmatapi við flutning.

Endurnýjun dreifikerfis í Dalabyggð

Í Dalabyggð hófst átak í endurnýjun hitaveitudreifikerfis og hluta af stofnæðakerfi veitunnar. Verkefnið er nokkuð viðamikið en segja má að nær allar upprunalegar heimæðar þarfnist endurnýjunar. Endurnýjunin stórbætir afhendingarhitastig veitunnar og dregur verulega úr orkusóun við dreifingu. Samhliða endurnýjun dreifikerfisins í Dalabyggð stendur til að reisa nýja dælustöð og lokahús til að styrkja stofnkerfi veitunnar.

Ný borhola fyrir hitaveitu Húnabyggðar og Skagastrandar

Í Húnabyggð var ný borhola, RR38, tekin í notkun á árinu. Reynsla af notkun nýju holunnar er enn sem komið nokkuð takmörkuð en gefur þó mjög góða vísbendingu um stórbætt afhendingaröryggi. Borholan er einnig um 4°C heitari en aðrar holur hitaveitunnar á svæðinu sem skilar sér í hagkvæmari rekstri hitaveitunnar.

Nýja holan í Húnabyggð er útbúin með sérhannaðri djúpdælu sem staðsett er á um 360 m dýpi frá holutoppi. Dælan er hagkvæmari í rekstri en almennar öxuldælur, þarfnast minna viðhalds og er sparneytnari á rafmagn.


Hitaveitan á Höfn

Hitaveitan okkar á Höfn heldur áfram að stækka. Árið 2025 lögðum við hitaveitu í Ósland á Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreyttur iðnaður og atvinnustarfsemi. Samhliða hitaveituvæðingu var rafkynding í Óslandi aflögð, sem skapar aukið svigrúm í rafveitukerfi okkar fyrir orkukræfan iðnað auk þess sem kyndingarkostnaður fyrirtækja lækkar.


Staða hitaveitna okkar

Þegar árin 2025 og 2024 eru borin saman sést að minna var afhent af heitu vatni frá öllum hitaveitum okkar árið 2025. Almenn skýrist minnkunin af mildara árferði sem kallaði á minni kyndingu húsnæðis. Einnig var óvenjulítið magn afhent í Dalabyggð þar sem sundlaugin í Búðardal var lokuð megnið af árinu. Þar hafa framkvæmdir við nýja sundlaug staðið yfir og verður hún tekin í notkun snemma árs 2026.


Heildarvinnsla 2024-2025 eftir hitaveitum



1. Þrátt fyrir talsverða aukningu á uppsettu spennaafl frá árinu 2022 þá eru aftoppur dreifingar á árunum 2024 og 2025 lægri en aftoppurinn 2023. Ástæða þess er samspil af skorti á skerðanlegri raforku og minni aflaheimilda fyrir uppsjávarfisk síðustu tvö ár.



Uppsett spennaafl og afdreifing¹



Aflaukning við Laxárvatn

Á árinu 2024 hófust framkvæmdir við endurgerð og stækkun aðveitustöðvarinnar við Laxárvatn. Markmið verkefnisins var að auka afhendingaröryggi, styrkja flutnings- og dreifikerfi á svæðinu og tryggja aukna getu til að mæta framtíðarvexti raforkunotkunar.

Verkið fólst í byggingu tveggja nýrra spennarýma fyrir 33/19 kV og 33/11 kV aflspenna. Þessi uppbygging eykur sveigjanleika í rekstri og bætir dreifingu álagspunkta. Framkvæmdum lauk í haustbyrjun 2025 með stækkun aflspennis sem tengdur er flutningskerfi Landsnets á 132 kV spennu; aflaukningin úr 10 MVA í 20 MVA styrkir afhendingargetu og rekstraröryggi við háar álagsaðstæður. Samhliða breytingunum voru rofaskápar á 33 kV spennustigi endurnýjaðir og þeim fjölgað. Jafnframt voru 19 kV nýir skápar settir upp til að bæta rekstraröryggi og áreiðanleika dreifikerfisins.

Á heildina litið fela framkvæmdirnar í sér verulegt framfaraskref í innviðum á svæðinu og stuðla að auknum stöðugleika, sveigjanleika og afhendingargetu raforkukerfisins.

Hröð þróun í Þorlákshöfn

Á árinu 2025 fóru fram spennaskipti í aðveitustöðinni í Þorlákshöfn. Endurbættur aflspennir, sem áður hafði verið í Vopnafirði og fengið fulla upptekt, var fluttur til Þorlákshafnar og leysti þar af hólmi eldri 10 MVA aflspenni. Með þessum breytingum jókst aflgeta stöðvarinnar úr 10 MVA í 20 MVA.

Samhliða spennaskiptunum voru settir upp nýir 11 kV rofaskápar sem eru tengdir við eldri kerfishluta og hafa fulla samhæfingu við hann. Þessi uppsetning undirbýr stöðina fyrir frekari stækkun, svo sem möguleika á að bæta við öðrum aflspenni, og stuðlar að aðlögunarhæfu dreifikerfi sem getur mætt framtíðaraukningu í raforkuþörf.

Spennahús á Flúðum

Á árinu 2025 hófust framkvæmdir við byggingu nýs spennahúss á Flúðum. Markmið verkefnisins er að bæta afhendingargetu, rekstraröryggi og sveigjanleika raforkukerfisins á svæðinu í takt við aukna eftirspurn. Nýja spennahúsið hýsir þrjá aflspenna og leysir af hólmi eldri búnað sem stenst ekki nútímakröfur. Stefnt er að verklokum vorið 2026.

Í húsinu verða tveir nýir aflspennar:

- **66/11 kV** aflspennir með 25 MVA aflgetu, sem styrkir lágspennudreifingu og eykur getu kerfisins til að mæta hámarksálagi.
- **66/33 kV** aflspennir með 20 MVA aflgetu, sem tryggir betri tengingu við millispennustig og aukinn sveigjanleika dreifikerfisins.

Þessir aflspennar stuðla að bættri afhendingargetu og gera kerfið betur í stakk búið til að mæta framtíðarþörfum á Flúðum og nágrenni. Húsið er jafnframt hannað með möguleika á uppsetningu þriðja aflspennisins síðar ef þörf krefur.

Aflaukning í Lambafelli fyrir Ólafsvík

Á árinu 2025 fóru fram spennaskipti í aðveitustöðinni í Lambafelli. Eldri 10 MVA aflspennir var tekinn úr rekstri og í staðinn settur upp nýr 20 MVA aflspennir. Þessi tvöföldun á aflgetu styrkir dreifikerfið, eykur öryggi á álagstíma, minnkar líkur á yfirálagi og veitir aukinn sveigjanleika í rekstri. Nýi aflspennirinn gerir kerfinu kleift að mæta breytilegri raforkuþörf og styður framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Aðgerðin var einföld í framkvæmd en tryggir að Lambafellsstöðin gegni áfram lykilhlutverki í öruggri raforkuafhendingu til viðskiptavina.

Aflaukning í Grundarfirði

Aflspennirinn sem var á Lambafelli var gerður upp og fluttur í Grundarfjörð og fór spennaafli við það úr 6,5 MVA og upp í 10 MVA. Með þessari aflaukningu erum við í stakk búin til að takast á við aukna orkuþörf vegna hleðsluinnviða og aukinna umsvifa í atvinnulífinu á svæðinu.

Vatnshamrar

Fjórum nýjum rofaskápum var bætt við á Vatnshömrum. Þessi stækkun gerir okkur kleift að fjölga tengingum fyrir Borgarfjörð sem mun styrkja afhendingargetu á svæðinu.

Aðveitustöðin á Hólum

Nýir 19 kV skápar voru settir upp í aðveitustöðinni á Hólum. Eftir því sem jarðstrengsvæðingu vindur fram á svæðinu, með tilheyrandi niðurtöku loftlína, þurfum við að fjölga rofaskápum.

Þessar framkvæmdir eru hluti af markvissri langtímaáætlun okkar um endurnýjun og eflingu lykिलinnviða í dreifikerfinu, og felur í sér mikilvægt framfaraskref til að tryggja örugga og stöðuga raforkuafhendingu til viðskiptavina á veitusvæði okkar.

Spennaskipti í Vík í Mýrdal

Aflspennir í Vík var stækkaður úr 6,3 MVA í 10 MVA. Notaður var tiltækur varaspennir sem við áttum og höfðum látið gera upp svo að áreiðanleiki hans væri tryggður.

Önnur spennandi verkefni

Á meðal annarra verkefna sem stuðluðu að auknu tiltæku afli eða auknu afhendingaröryggi voru spennaskipti á Kópaskeri. Þar var endurnýjaður og færður inn í nýja aðveitustöð spennir sem staðið hafði undir beru lofti. Áreiðanleiki afhendingar á raforku á Norðausturlandi var aukinn með þessari aðgerð. Einnig var stjórn-, varnar- og mælibúnaður endurnýjaður á nokkrum aflspennum, en almennt er stefnt að því að endurnýja þennan búnað á eldri spennum í kerfi okkar. Minnkar þetta líkur á bilunum í áðurnefndum spennum og eykur áreiðanleika raforkuafhendingar.

Endurbætur í sumarhúsahverfum

Flest sumarhúsahverfi og sumarhús landsins eru á dreifiveitusvæði okkar. Mörg þessara hverfa voru byggð fyrir nokkrum áratugum, á þeim tímum sem ekki gerðu ráð fyrir mikilli notkun rafmagns í sumarhúsum. Orkuskipti og auknar kröfur um þægindi í sumarhúsum landsins kalla á aukna raforkunotkun og þar með á aukið afl. Vegna þessa þarf að styrkja og endurhanna dreifikerfið á mörgum stöðum og þá sérstaklega á Suður- og Vesturlandi. Þetta verkefni fær fulla athygli hjá okkur og sem dæmi um verkefni af þessu tagi á árinu má nefna endurbætur á sumarhúsabyggð í Veiðilundi við Þingvallavatn sem hlaut mjög góðar viðtökur viðskiptavina.

Aflstöðvar og varaafli

Rarik á og rekur tvær fastar aflstöðvar sem framleiða rafmagn með olíu vegna þess að ekki er unnt að koma á rafmagni með strengjum eða línum á viðkomandi stöðum. Önnur aflstöðin er í Grímsey og hin á Grímsstöðum á Fjöllum. Samtals er þar um að ræða fimm vélar sem eru um 570 kW.

Þegar kemur að föstum varaafsvélum eigum við og rekum 23 slíkar á 13 stöðum á landinu með samtals um 21,2 MW í uppsettu afli. Vélarnar nýtast bæði dreifikerfi okkar og flutningskerfi Landsnets. Til viðbótar eigum við 8 stórar, færanlegar varaafstöðvar í gámum með samanlögðu uppsettu afli upp á u.þ.b. 5,2 MW og 19 litlar kerruvélar með samtals 1,6 MW í uppsettu afli. Færanlegar varaafsstöðvar eru fyrst og fremst notaðar til að bregðast við bilunum í dreifikerfinu en þær hafa einnig verið nýttar til að draga úr rafmagnsleysi vegna framkvæmda við flutningskerfið.

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar á árinu.

- Gámavélin Baldur, vél 157, var kláruð og tekin í notkun.
- Stýrikerfi fyrir varaafsvél okkar á Raufarhöfn var klárað, hús smíðað í kringum vatnskassa vélarinnar og vélaspennir stækkaður.
- Stýrikerfisbreytingar voru gerðar á varaafsvél okkar í Vík í Mýrdal ásamt fleiri uppfærslum.

Yfirlit truflana og skerðinga í kerfinu okkar

Náttúruöflin og áverkar


Heilt yfir einkenndist árið 2025 af meiri veðuráraun á kerfið okkar en árið á undan. Þá höfðu stakir veðuratburðir í för með sér mikla orkuskerðingu hjá viðskiptavinum. Á árinu urðu 615 fyrirvaralausar truflanir í dreifikerfinu,

Þar af voru 43% í háspennukerfinu en 57% í lágspennukerfinu. Fjölgaði truflunum um 18 á milli ára og voru heldur fleiri en í meðalári, eða 11% fleiri miðað við meðalár á tímabilinu 2015-2025. Algengasta orsök fyrirvaralausra truflana voru áverkar en þeir voru ástæða tæplega 39% truflana. Þar af voru um 44% vegna graftar í jarðstrengi og 24% vegna dýra, einkum áflugs fugla. Skerðing á afhendingu raforku til viðskiptavina vegna fyrirvaralausra truflana var 217,4 MWst á árinu, það er 103% m.v. meðalár.

Stærstu truflanir ársins og áskoranir vegna veðurs

Tíu kerfismínútur³ eru viðmiðunarmörk Orkustofnunar fyrir umfangsmiklar truflanir. Ein stök fyrirvaralaus truflun sem fór yfir 10 kerfismínútur varð í dreifikerfi okkar árið 2025. Sá atburður varð í Borgarfirði og á Mýrum í aftakaveðri þann 5. febrúar 2025 og varði í 24 klst. og 49 mínútur, eða 16 kerfismínútur.

Hlutfall orsaka truflana²



Truflanir í dreifikerfinu vegna óveðurs 5.-7. febrúar

Þann 5. febrúar gerði vonskuveður um allt land en Veðurstofan hafði áður gefið út appelsínugular viðvaranir. Vindálag, selta og eldingar urðu þess valdandi að staurar brotnuðu og línur slitnuðu. Bilanaleit reyndist afar krefjandi. Vegna eldingahættu þurfti að stöðva alla línuvinnu á Suður- og Vesturlandi hluta dags þann 6. febrúar. Mestu áhrif vegna truflana í dreifikerfi okkar urðu á Vesturlandi, Suðurlandi og Austurlandi, en minna á Norðurlandi. Alls urðu 1.355 heimili og fyrirtæki fyrir rafmagnsleysi eða truflunum í lengri eða skemmri tíma.

Á Mýrum varð fyrsta útleysing kl. 17:58 þann 5. febrúar og rafmagnslaust varð þá á öllum Mýrunum. Bilanir á línunum voru margar og bilanaleit og viðgerðir tóku langan tíma. Öllum viðgerðum var lokið kl. 18:47 þann 6. febrúar, en skerðing til viðskiptavina var 29 MWst eða 16 kerfismínútur. Rafmagnslaust varð einnig í Helgafellssveit, á Skógarströnd, Álftafirði, Landbroti, Selvogi, Stíflisdal, Vestur-Landeyjum, Haukadal, Reyðarfirði og í Flóa. Á árinu var farið í ýmsar aðgerðir til að draga úr áhrifum sambærilegs óveðurs. Sem dæmi er nú búið að leggja jarðstrengi bæði í Helgafellssveit og á Mýrum eins og sjá má á framkvæmdakorti.

Óveður á Austurlandi sunnudaginn 19. janúar

Mikið óveður skall á Austfjörðum 19. janúar 2025 sem olli umfangsmiklum skemmdum á dreifikerfinu. Brotnuðu tugir staura og línur slitnuðu víða.

2. Orsakir truflana - útskýring

Náttúruöfl: Þegar bilun orsakast af veðri eða öðrum náttúru-fyrirbrigðum, s.s. eldingum eða jarðskjálftum.

Áverki: Þegar áverki af völdum manna, tækja eða dýra veldur bilun, s.s. áflug fugla eða þegar grafið er í jarðstreng.

Tæknilegt: Þegar bilun stafar af tæknilegum orsökum, s.s. galla í búnaði eða aldurs búnaðar.

Mannlegt: Þegar vinna starfsfólks veitu eða annarra sem vinna við raforkukerfið orsakar truflun, s.s. röng vinnubrögð eða ófullnægjandi viðhald.

Kerfi notanda: Þegar eitthvað í kerfi viðskiptavinar veldur truflun í rekstri raforkukerfisins, t.d. yfirálag.

Óþekkt: Þegar ekki er vitað hvað orsakaði bilun.

- Áverki
- Tæknilegt
- Óþekkt
- Náttúruöfl
- Kerfi notanda
- Mannlegt
- Engin orsök


3. Kerfismínúta er stuðull sem metur alvarleika rekstrartruflunar. Í einföldu máli er hún reiknuð út með því að deila því magni orku ($E=kWh$) sem ekki komst til skila úr dreifikerfinu vegna truflunar, í það hámarksafli sem heildardreifikerfið getur dreift (PMax):

$(Ex60)/PMax = \text{kerfismínútur}$.

Þótt spáð hefði verið ísingu var hún mun víðtækari en búist var við. Erfiðar aðstæður gerðu framkvæmdaflokkum erfitt fyrir vegna mikillar ofankomu og slæms skyggis, auk þess sem snjóflóð í Hvalnesskriðum tafði viðgerðir. Samstarf var haft við Almannavarnir, Vegagerðina, björgunarsveitir og verktaka til að tryggja öryggi og flytja starfsfólk á milli svæða. Auk þess kom viðbótarmannskapur frá Akureyri, Þórshöfn og Hvolsvelli.

Bilanir urðu á sex stöðum á Austurlandi, þar sem rafmagnslaust var í Lóni, á loftlínu frá Djúpavogi til Álftafjarðar, í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði, Berufirði og Stöðvarfirði. Í Stöðvarfirði var verið að ljúka við að leggja og spennusetja jarðstreng frá aðveitustöð og var hægt að tengja strenginn í stað loftlínunnar sem skemmdist. Í sunnanverðum firðinum var einnig hægt að taka í notkun jarðstreng sem var tilbúinn til spennusetningar. Um sumarið voru plægðir jarðstrengir í Berufirði og Lóni og fyrirhugað er að leggja fleiri strengi í Lóni árið 2026. Allt er þetta hluti af jarðstrengsverkefninu okkar og aflagningu loftlína.

Hlutfall truflana miðað við strengvæðingu 2025




Bilanir á 33 kV tengibúnaði

Á árinu urðu í nokkrum tilvikum sams konar bilanir á 33 kV tengibúnaði. Komu tvær slíkar bilanir upp í aðveitustöðinni við Laxárvatn og ein á Skagaströnd. Þá bilaði tvisvar sinnum með stuttu millibili tenging inn á aflspenni í Reykholti í Biskupstungum. Lögð var áhersla á að greina vel þessa bilun og er talið að vandamálið megi rekja til ákveðinna vinnubragða þegar strengbútar voru tengdir saman. Sú þjálfun sem starfsfólk okkar hafði fengið til að vinna með viðkomandi búnað reyndist vera ófullnægjandi. Brugðist hefur verið við þessu og hefur starfsfólk sem notar þennan búnað nú fengið viðeigandi þjálfun auk þess sem ráðgert er að þjálfa fleira fólk í vinnu við búnaðinn.

Jarðstrengsbilun á Kili

Þann 16. mars kl. 13:40 leysti jarðstrengur okkar út að Hveravöllum. Erfiðlega gekk að staðsetja bilunina og fengum við m.a. aðstoð frá Veitum við bilanaleit. Viðgerð lauk kl. 22:21 þann 18. mars. Samanlögð skerðing til viðskiptavina var 8,5 MWst eða 4,7 kerfismínútur. Til að draga úr líkum á að bilanaleit taki þetta langan tíma höfum við sett upp háspennutengiskáp á strenginn sem auðveldar bilanaleit til muna.

Árið 2025 lögðum við um 425 km af háspennujarðstrengjum, þar af um 238 km í jarðstrengsverkefni okkar þar sem loftlínur er skipt út fyrir jarðstrengi. Við fjölguðum og stækkuðum aflspenna víða um land og jukum uppsett afl úr 720 í 824 MVA auk þess sem nokkrar aðveitustöðvar voru gerðar upp og stækkaðar. Að auki sinntum við uppbyggingu og endurbótum á hitaveitum okkar.



Þótt jarðstrengsframkvæmdir séu sýndar hér í kílómetrum er ljóst að það segir ekki söguna alla. Til dæmis bættust 247 jarðspennustöðvar við kerfið okkar í þessum framkvæmdum og auk þess 33 rofastöðvar og átta spólur.

Helstu verkefni eftir landshlutum

Landshluti	Stærð
Vesturland	169,1 km
1 Hvítanes	4,5 km
2 Vatnshámar	4 rofaskápar
3 Borgarnes	1,5 km
4 Rauðanes að Ferjubakka	27,4 km
5 Mýrar	14,8 km
6 Hallkellsstaðarhlíð	18,5 km
7 Gamli Kaupstaður	1,4 km
8 Lambafell	20MVA spennir
9 Krossnesviti	3 km
10 Grundarfjörður	10MVA spennir
11 Helgafellssveit	33 km
12 Vígraholt	2,6 km
13 Brautarholt/Laxaströnd	Dælustöð
14 Ásuhvammur/Búðardalur	Lokahús
15 Ljárskógarströnd	2,9 km
16 Fellsströnd	18,5 km
17 Miðfjörður	41 km
Norðurland	72,8 km
18 Ásar	6,5 km
19 Reykir, Húnabyggð	Ný borhola
20 Laxárvatnsvirkjun	3 spennar/rofaskápar/viðbygging
21 Skaginn, Skagafirði	9,7 km
22 Gönguskörð, Reykjaströnd	23,5 km
23 Rangárvellir, Skógarhlíð	3,5 km
24 Rangárvellir, Kræklingahlíð	2,1 km
25 Bárðardalur	15,5 km
26 Ljótstaðir	3,5 km
27 Kópasker	Endurnýjaður spennir
28 Hafralónsá	8,5 km
Austurland	77,8 km
29 Eiðapinghá og Skriðdalur	8 km
30 Reyðarfjörður, Mjóeyri	4 km
31 Berufjörður	27,7 km
32 Lón	29,2 km
33 Hólar	5 19kV rofaskápar
34 Fljótavegur við Höfn	7,5 km
35 Ósland, Höfn í Hornafirði	Nýtenging hitaveitu
36 Múlagljúfur í Öræfum	1,4 km
Suðurland	35,7 km
37 Snæbýli	1 km
38 Vík	10MVA spennir
39 Víkurstrengur	Borað undir á
40 Fljótshlíð	6,8 km
41 Hlíð	1,3 km
42 Flúðir	20MVA og 25MVA spennar
43 Efrasel/Holtsvegur	10,1 km
44 Syðri Brú	1 km
45 Mjóanes	4,9 km
46 Kambar	1,1 km
47 Óseyrartangi	9,5 km
48 Þorlákshöfn	20MVA spennir/5 19kV rofaskápar

Áskoranir orkuskipta

Frá 1995 höfum við lagt um 7.380 km af háspennulögnum í jörðu, eða að meðaltali 245 km á ári, að mestu tengt útskiptum loftlína. Hvert verkefni felur í sér að semja þarf við fjölda landeigenda um lagnaleiðir; árið 2025 voru yfir 500 samningar gerðir. Við greiðum ekki fyrir afnot af landi en veljum lagnaleiðir í góðri sátt við landeigendur og samningar tryggja að strengir séu víkjandi fyrir breyttu skipulagi eða notkun. Þannig rýrast afnot jarða lítið. Margir landeigendur sjá kosti við niðurtöku loftlína enda bætir það jarðnýtingu, minnkar sjónmengun og fækkar bilunum vegna óveðra eða áflugs.

Vegna yfirstandandi orkuskipta þarf víða að stækka og styrkja rafdreifikerfið, einkum á ferðamannastöðum og þar sem afhendingargeta er lítil. Einnig þarf að styrkja lagnir þar sem hönnunarforsendur hafa breyst. Flækjustig leyfismála hefur aukist sem og andstaða við strenglagnir. Sum orkuskiptaverkefni hafa tafist eða fallið niður vegna leyfismála.

Mikilvægt er að samræma verklag og reglur sveitarfélaga og stofnana varðandi innviðaframkvæmdir, þar sem óskýrleiki og ósamræmi í leyfisferlum hindrar skilvirkni og eykur óvissu. Hagsmunaaðilar eru margir og reglur leyfisveitenda oft mismunandi, sem gerir framkvæmdir flóknar þar sem skýr tímalína er nauðsynleg. Ein af aðgerðum stjórnvalda í Aðgerða-áætlun loftslagsmála er að einfalda leyfisferli í þágu orkuskipta á árunum 2024-2026 með aukna skilvirkni og fækkun flöskuhálsa fyrir augum.

Aukin samskipti um skipulag framkvæmda

Við höfum markvisst unnið að auknum samskiptum við sveitarfélög varðandi sameiginleg hagsmunamál eins og t.d. skipulag og framkvæmdir. Fundir hafa verið haldnir með skipulags- og framkvæmdaraðilum sveitarfélaga bæði til að fara yfir og upplýsa um fyrirhugaðar framkvæmdir og ekki síður til að á rétta þörf okkar fyrir pláss í nýjum götum og hverfum. Áhersla hefur verið lögð á að gert sé ráð fyrir þörfum dreifiveitunnar snemma í skipulagsgerðinni, t.d. hvað varðar lóðir fyrir spennistöðvar og aðra rafmagnsinnviði, til að minnka líkur á því að gera þurfi breytingar á framlögðu skipulagi eftir á eða að vandræði skapist þegar kemur að uppbyggingu dreifikerfis fyrir viðkomandi svæði.

Þessi samráðsvettvangur hefur einnig verið nýttur til að ræða framtíðar-áform, bæði sveitarfélaganna og Rarik, svo nýta megi möguleg samlegðaráhrif í framkvæmdum og síður komi til árekstra eða tvíverknaðar við uppbyggingu og breytingar á kerfum og mannvirkjum.

Við höfum þessa vinnu með þeim sveitarfélögum þar sem helst hafa verið áform um verkefni sem vitað var að myndu hafa snertingu við dreifingu rafmagns, t.d. uppbyggingu ferðaþjónustu og byggingu nýrra hverfa. Þetta verklag hefur mælst vel fyrir og þegar skilað góðum árangri. Stefnt er að áframhaldandi samvinnu við sveitarfélögin og aðra hagaðila og að bæta heldur í árið 2026.

Rafrænar undirritanir

Árið 2025 tókum við í notkun nýtt verklag við undirritun samninga við landeigendur. Ferlið við að safna saman nauðsynlegum undirskriftum hefur verið bæði flókið, tímafrekt og dýrt. Vonast er til að mikill tími sparist nú, þegar hægt er að undirrita þessa samninga rafrænt.


Samfara nýju verklagi eru samningar nú sendir rafrænt til allra eigenda á sama tíma sem sparar gríðarlegan tíma og fjármuni og einfaldar ferlið til muna, jafnvel þó að endurnýja þurfi undirskriftir vegna breytinga á lagnaleið.

Fjárfest í vaxandi sveitarfélögum

Þegar skoðaðar eru allar fjárfestingar okkar á innviðum í þéttbýli, bæði háspennnum og lágspennnum sem og öðrum innviðum, má sjá að þær hafa farið stöðugt vaxandi undanfarin ár. Fjárfestingar hafa á þessu 10 ára tímabili sjöfaldast að krónutölu, sem stafar m.a. af almennum verðhækkunum, fólksfjölgun og auknum atvinnutækifærum innan flestra sveitarfélaga á veitusvæði okkar. Um mjög fjölbreyttan hóp nýrra viðskiptavina er að ræða í bland við íbúðarbyggð.

Mestur er vöxturinn á Suðurlandi en jafnframt er mikill vöxtur á Austurlandi. Þó má sjá að allir landshlutar eru í nokkrum vexti hvað varðar innviðaupbyggingu. Að hluta til er um að ræða fjárfestingar tengdar orkuskiptum, t.d. tengingar hraðhleðslustöðva, en auknar fjárfestingar má sjá í öllum landshlutum sem eru jákvæðar fréttir með tilliti til atvinnulífs og orkuskipta. Mikil eftirspurn er enn til staðar varðandi tengimöguleika stærri og meðalstórra viðskiptavina á borð við fiskeldi, græna orkugarða og gagnaver. Annað verður því ekki séð en að eftirspurn muni halda takti á komandi árum.

Fjárfesting í innanbæjarkerfum eftir landshlutum sl. 10 ár





G Við veitum aðgengilega og skilvirka þjónustu



Við leggjum áherslu á að þjónustuferli okkar séu einföld og hönnuð út frá þörfum viðskiptavina. Með bættu aðgengi að upplýsingum, aukinni sjálfvirkni og skýrari ferlum tryggjum við skilvirka og áreiðanlega þjónustu sem skilar betri upplifun fyrir alla.

Á árinu höldum við áfram markvissri uppbyggingu stafrænnar þjónustu með áherslu á einfaldari ferla, skýrari upplýsingagjöf og aukna sjálfvirkni. Lögð var sérstök áhersla á að styrkja innviði þjónustukerfa og gera þjónustuferla stöðugri, gagnadrifnari og fyrirsjáanlegri.


Þróun stafrænnar þjónustu

Áfram var unnið að endurhönnun á Mínum síðum Rarik og mun ný útgáfa fara í loftið á vormánuðum 2026. Markmiðið er að bæta aðgengi að upplýsingum, auka sjálfsafgreiðslumöguleika og tryggja samræmda upplifun milli stafrænna viðmóta. Samhliða var unnið að uppfærslu á efni á vef okkar, rarik.is, til að bæta aðgengi að upplýsingum, meðal annars með endurbættum leiðbeiningum um gjaldskrár, heimtaugar og virkjanir.

Straumlínuvæðing þjónustuferla hélt áfram í innri kerfum okkar. Með þessu hefur samræmi í þjónustu aukist og vinnulag orðið skilvirkara.

Aðgerðir ársins skiluðu meðal annars styttri afgreiðslutíma í lykilverlum og aukinni sjálfsafgreiðslu viðskiptavina. Þessi þróun styrkir getu okkar til að veita gagnsæja, skilvirka og áreiðanlega þjónustu sem mætir þörfum viðskiptavina í síbreytilegu rekstrarumhverfi.

Fjöldi einstaklinga í viðskiptum eftir sveitarfélögum




Fjölbreyttur hópur viðskiptavina

Þjónustuver Rarik þjónustar fjölbreyttan hóp viðskiptavina á dreifisvæði okkar um allt land. Hópurinn spannar íbúa og stór sem smá fyrirtæki í öllum landshlutum, sem og erlenda viðskiptavini með fasteignir á Íslandi.

Innleiðing á nýju viðskiptamannakerfi (CRM), Vörðunni, hélt áfram árið 2025 en kerfið hefur bætt yfirsýn, þjónustu og svörun til viðskiptavina. Þjónustuver okkar afgreiddi um 50.000 erindi sem bárust í gegnum ýmsar þjónustuleiðir. Meirihluti þeirra erinda fengu svörun innan sólarhrings. Kerfið veitir jafnframt betri yfirsýn yfir uppruna og tegund erinda. Flokkun erindanna í skýra yfirflokka auðveldar greiningu, forgangsröðun og umbótavinnu. Þetta skapar tækifæri til að auka skilvirkni í þjónustuferlum, draga úr handavinnu framlínunnar, efla sjálfvirknivæðingu og tryggja auknið upplýsingaöryggi.

Snertifletir okkar við viðskiptavini



Þjónustukönnun

Í september 2025 var framkvæmd árleg þjónustukönnun meðal úrtaks sem valið var af handahófi úr hópi viðskiptavina okkar. Svörun var góð og heildarniðurstöður jákvæðar. Meðmælaskor (NPS, e. Net Promoter Score) mældist +3, líkt og árið 2024, sem gefur til kynna stöðugan árangur milli ára.


Könnunin sýnir að viðskiptavinir hafa jákvætt viðhorf til Rarik. Fyrirtækið er talið traust, leggur áherslu á öryggi í starfsemi sinni og tryggir aðgang að hreinni og endurnýjanlegri orku. Þrátt fyrir traustan grunn eru tækifæri til frekari umbóta, meðal annars með því að hækka þjónustustig og styrkja enn frekar stöðu okkar sem fyrirmyndarfyrirtækis í orkugeiranum og leiðandi afsl í orkuskiptum.

Samhliða árlegu könnuninni hófst í september 2025 reglubundin útsending þjónustukannana í lok hvers erindis. Þessi aðferð veitir tíðari og nákvæmari innsýn í upplifun viðskiptavina af úrlausn mála. Niðurstöður þessara mælinga eru nýttar til að grípa fyrir inn í, efla innra samráð og styðja við stöðugar umbætur í öllum þjónustuferlum.

Framkvæmdaglaðir viðskiptavinir

Viðskiptavinir okkar voru duglegir í framkvæmdum þetta árið og alls bárust okkur 2.096 heimlagnaumsóknir. Umsóknirnar voru margvíslegar; færslur eða stækkun á núverandi heimtaugum og beiðnir um þrífösun, en flestar umsóknir voru þó vegna nýrra heimtauga, alls 1.010. Flestar umsóknir voru á Suðurlandi líkt og síðustu ár.

Heimlagnaumsóknir árið 2025 eftir landssvæðum



Í lok hvers sumars rýnum við heimlagnaferlið hjá okkur með helstu hag-aðilum. Ferlið hefur marga snertifleti innan fyrirtækisins og mikilvægt er að skoða hvað hægt er að gera betur og nýta þá tækni sem er til staðar. Á sama tíma er lögð aukin áhersla á að hlusta á þarfir viðskiptavina og aðlaga ferlið að þeirra kröfum og væntingum, eins langt og unnt er innan ramma regluverks og rekstrarskilyrða.

Á árinu var innleidd sú nýbreytni að viðskiptavinir fá sjálfvirk skilaboð um stöðu heimlagnaverkefna, áætlaða tímalínu og næstu skref. Þetta fyrirkomulag lofar góðu og er vonast til að það dragi úr fyrirspurnum til þjónustuvers um stöðu umsókna, auk þess að bæta upplifun og gagnsæi í ferlinu fyrir viðskiptavini.

Frumkvæðisheimsóknir og viðskiptavinamiðuð nálgun

Á árinu var ráðist í markvissar frumkvæðisheimsóknir til viðskiptavina. Markmiðið með heimsóknunum er að kynna starfsemi og þjónustu okkar, hlusta eftir þörfum og ábendingum og öðlast dýpri skilning á rekstri viðskiptavina okkar. Með því skapast traustari samskipti og skýrari mynd af því hvernig við getum skapað enn meira virði í samstarfi við okkar viðskiptavini.

Heimsóknirnar eru liður í aukinni áherslu á viðskiptavinamiðuða nálgun, þar sem ferlar og þjónusta okkar eiga að mótast af þörfum og væntingum viðskiptavina, en ekki öfugt. Lykilatriðið er að kynnast viðskiptavinum vel, skilja þeirra rekstrarumhverfi og taka mið af þeim sjónarmiðum við þróun þjónustu og ferla.

Reynslan af frumkvæðisheimsóknum hefur verið mjög jákvæð og verður þessi nálgun áfram í forgrunni þegar kemur að þjónustu- og samskipta-stefnu okkar á komandi árum.

Virkjanatengingar

Talsverð aukning var í fyrirspurnum um virkjanatengingar við dreifikerfi okkar árið 2025 og mátti sérstaklega merkja aukinn áhuga á birtu- og vindorkuvirkjunum. Tengisamningar voru gerðir við nokkra aðila en tengisamningur er tímabundinn samningur þar sem við samþykkjum að tengja viðkomandi virkjun við dreifikerfið og virkjunaraðili hefur þá samning frá okkur í höndunum til að ljúka fjármögnun, fullhönnun virkjunar og leyfisumsóknarferli.

Jarðvarmavirkjun á Folaldahálsi í landi Króks í Grafningi var gangsett á árinu, sú virkjun er með virkjunarleyfi fyrir 3,9 MW framleiðslu en ljóst er að styrkja þarf dreifikerfi okkar á svæðinu svo virkjunin geti komið fullu afli frá sér. Nokkur minni birtuorkuver (örvirkjanir undir 12 kW) voru sett upp af einstaklingum, til framleiðslu á raforku til eigin nota. Ekki voru tengdar nýjar vatnsafls- eða vindorkuvirkjanir á árinu en nokkrar eru þó í undirbúningi og enn fleiri eru á rannsóknar- og hugmyndastigi.

Samantekið afl þeirra virkjana sem eru í fyrirspurnarferli vegna mögulegrar tengingar við dreifikerfi okkar nálgast 100 MW sem er meira en afl allra þeirra virkjana sem nú eru tengdar dreifikerfi okkar samanlagt, en það er 76 MW. Jafnvel þótt aðeins hluti þessara virkjana komist til framkvæmda má segja að það stefni í verulega aukningu smávirkjana sem tengjast kerfi okkar á komandi árum.

Aukinn fjöldi birtuorkuvera

Verði þróunin á Íslandi eitthvað svipuð og verið hefur í Evrópu, má gera ráð fyrir verulegri aukningu örvirkjana, og þá aðallega í formi lítilla birtuorkuvera, þar sem viðskiptavinir framleiða raforku til eigin notkunar. Í því skyni að mæta þessari þróun erum við byrjuð að huga að nýjum og skilvirkari þjónustuferlum fyrir þessa viðskiptavini og betri leiðbeiningum á vef okkar, auk þess sem tengigjaldskrá okkar fyrir minni virkjanir hefur verið stöðluð og fylgir hér eftir almennri tengigjaldskrá Rarik.

Metár í mælaskiptum

Verið er að skipta út öllum sölumælum sem enn krefjast mannálesturs og setja í staðinn snjallmæla. Innleiðing snjallmæla er mikilvægt framfaraskref í þróun dreifikerfisins. Með sjálfvirkum og reglubundnum mælingum fæst nákvæmari yfirsýn yfir orkunotkun, sem eykur gagnsæi, bætir þjónustu og styrkir rekstur.

Fyrir viðskiptavinum felst ávinningurinn í réttari reikningum og betri yfirsýn yfir eigin notkun, sem skapar hvata til markvissari orkunýtingar. Fyrir dreifiveituna leiða snjallmælar til hagræðingar í rekstri, bættrar bilanagreiningar og betri ákvarðanatöku um uppbyggingu kerfisins.

Snjallmælar eru jafnframt lykilinnviður í orkuskiptum og auknum sveigjanleika, þar sem þeir styðja við álagsstýringu, draga úr toppálagi og auðvelda samþættingu nýrra orkulausna.

Á árinu var skipt um fleiri en 10.000 sölumæla og markmið okkar er að ljúka öllum mælaskiptum fyrir lok árs 2027.

Raforkunotkun heimila


Dreifing raforku til heimila á veitusvæði okkar hefur aukist úr 185 GWst árið 2021 í 205 GWst árið 2025. Mesta aukningin varð á árunum 2023 og 2024, þegar heildar-dreifing jókst hratt tvö ár í röð. Árið 2025 dróst notkun hins vegar lítillega saman. Ýmsir þættir geta haft áhrif á breytingar í raforkunotkun heimila milli ára, svo sem nýbyggingar, veðurfar, orkuskipti í samgöngum og húshitun, sem og fjöldi ferðamanna.

Á hverju ári tengjast um 800 nýir viðskiptavinir dreifikerfi okkar sem skýrir að hluta aukna notkun undanfarin ár. Að meðaltali notar heimili um 4.500 kWst á ári, en á köldum svæðum getur notkunin verið um 35.000 kWst á ári.


Sé horft sérstaklega til ársins 2025 og samdráttar í notkun má ætla að veðurfar hafi þar mest að segja. Árið 2025 var það hlýjasta sem mælst hefur á Íslandi og var meðalhiti á landsvísu 5,2°C samanborið við 3,4°C árið áður. Mörg heimili á veitusvæði okkar nota rafmagn til húshitunar og má áætla að um 80-85% af heildarraforkunotkun þeirra fari í kyndingu. Hlýrra veður leiðir því eðlilega til minni raforkunotkunar til húshitunar.



Snjallmælaskipti – Rafmagnsmælar




Snjallmælaskipti – Hitaveitumælar



Rafvæðing bílaflotans á Íslandi hefur gengið ágætlega og eru rafbílur og tengiltvinnbílur nú orðnir 26% af skráðum fólksbifreiðum í umferð skv. gögnum frá Samgöngustofu. Stærstur hluti þeirra er þó á höfuðborgar-svæðinu og nærliggjandi svæðum. Því má ætla að áhrif orkuskipta í samgöngum á raforkunotkun heimila á veitusvæði okkar séu, enn sem komið er, tiltölulega takmörkuð. Gera má ráð fyrir að áhrif þeirra aukist á næstu árum samhliða áframhaldandi rafvæðingu samgangna um land allt.


Orkunotkun heimila síðastliðin 5 ár



Orkuskipti í samgöngum

Rafbílavæðingin er ekki lengur framtíðarsýn heldur raunveruleg og mælanleg þróun sem kallar á viðbrögð í innviðauppbýggingu. Á síðustu árum hefur hraðhleðslustöðvum og hleðslugörðum fjölgað verulega og nýting þeirra aukist jafnt og þétt. Sé litið til síðustu fimm ára hefur orkunotkun hraðhleðslustöðva þrefaldast og gera má ráð fyrir áframhaldandi aukningu á næstu árum.


Viðskiptavinir og tekjur af rafmagnsdreifingu eftir lögheimili



Lögheimili viðskiptavina segir ekki til um dreifingarstað. Viðskiptavinir með lögheimili í Reykjavík eru í flestum tilfellum eigendur sumarbústaða á dreifisvæði okkar.


■ Hlutfall tekna
■ Hlutfall viðskiptavina

Heildarnotkun hleðslustöðva




■ 2022
■ 2023
■ 2024
■ 2025

Meðalnotkun hleðslustöðva



■ 2022
■ 2023
■ 2024
■ 2025

Heildardreifing raforku til hleðslustöðva 2025



Pegar orkunotkun hraðhleðslustöðva árið 2025 er skoðuð eftir landshlutum kemur í ljós að hún dreifist nokkuð jafnt um landið. Þó skera ákveðnir áningarstaðir sig úr, svo sem Borgarnes og Staðarskáli. Betri nýting hleðsluinnviða er á svæðum þar sem vel staðsettar hleðslustöðvar eru á vinsælum áningarstöðum í nokkurri fjarlægð frá Reykjavík.


Hraðhleðslustöðvar einkennast af háum aftoppum og lágum nýtingartíma. Slík notkun er mikil áskorun fyrir dreifiveitur þar sem kerfið þarf að bera mikið afl fyrir fremur lítið af orku. Því hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú að ná utan um álagsþróunina sem búast má við innan dreifikerfisins og byggja upp kerfi sem mun standa undir orkuskiptunum.

Af hverju er dreifbýlið dýrara?

Þótt við séum með álíka marga viðskiptavini í dreifbýli og þéttbýli, þarf raforkan í dreifbýli að ferðast lengri leiðir, yfir stærra svæði og færri viðskiptavinir eru á bak við hverja línu. Þetta þýðir að hlutfallslega þarf meira af innviðum fyrir hvern viðskiptavin og að viðhald verður bæði umfangsmeira og dýrara.

Í þéttbýli eru notendur fleiri og nær hver öðrum sem dreifir föstum kostnaði við dreifikerfið betur. Þar er líka meiri rafmagnsnotkun. Árið 2025 afhentum við 607,8 GWst af forgangorku í þéttbýli en 545,2 GWst í dreifbýli, þannig að kostnaður í dreifbýli dreifist jafnframt á færri kílóvattstundir. Þetta skýrir hvers vegna einingaverðið verður hærra í dreifbýli, jafnvel þótt fjöldi viðskiptavina sé svipaður eða 24.171 í dreifbýli á móti 25.498 í þéttbýli.

Fjöldi veitna eftir dreifbýli og þéttbýli




Þessi munur á aðstæðum er ástæðan fyrir því að við höfum tvær verðskrár. Þær gera okkur kleift að sýna heildarmyndina á gagnsæjan hátt og tryggja að kostnaður endurspegli raunveruleikann, þ.e.

- dreifbýlið er dýrara í rekstri,
- þéttbýlið er ódýrara,
- og jöfnunarframlög ríkisins byggja á þessum mismun.

Nánar má lesa um þetta og um jöfnun dreifikostnaðar fyrir viðskiptavinum í dreifbýli í D kafla þessarar ársskýrslu.


Dreifing forgangsorku til heimila




Endurskoðun gjaldskrár

Á árinu hófst markviss vinna við endurskoðun á gjaldskrá okkar til að móta gjaldskrá sem endurspeglar breytt notkunarmynstur viðskiptavina og tekur mið af auknum kröfum um hagkvæma nýtingu dreifikerfisins. Með orkuskiptum sem nú standa yfir þarf uppsett afl í kerfinu okkar að vaxa hraðar en orkunotkunin. Þetta kallar á betri gjaldskrá sem hvetja viðskiptavinum til að jafna álag á kerfið, sérstaklega í ljósi aukinnar rafbílavæðingar, tilkomu snjallmæla og vaxandi sjálfsframleiðslu raforku.

Gjaldskrárteymið vinnur að þróun nýs gjaldskrárlíkans sem gerir okkur kleift að meta áhrif ólíkra sviðsmynda á tekjur, hegðun viðskiptavina og þjónustustig. Vinnan byggir á núverandi stöðu, framtíðarsýn næstu ára og samanburði við nágrennalönd okkar. Markmiðið er að tryggja að framtíðargjaldskrá Rarik verði sanngjörn, gagnsæ og í takt við þarfir og væntingar viðskiptavina.





H Við erum öruggur og eftirsóknarverður vinnustaður



Stefnumarkmið okkar um að vera öruggur og eftirsóknarverður vinnustaður er lykilforsenda þess að fyrirtækið geti laðað að, þróað og haldið í hæft starfsfólk. Öruggt og gott starfsumhverfi stuðlar að vellíðan starfsfólks, aukinni starfsánægju og betri árangri í rekstri.

Með því að leggja áherslu á öryggismál, heilsu og vellíðan, faglega þróun og góða öryggis- og vinnustaðarmenningu styrkjum við bæði starfsfólk og starfsemi fyrirtækisins. Markviss vinna á þessum sviðum stuðlar að því að byggja upp traustan vinnustað þar sem fólk vill starfa og vaxa í starfi.

Eftirsóknarverður vinnustaður

Árið 2025 var áframhaldandi uppbygging góðrar vinnustaðarmenningar í forgrunni. Svið mannauðs og menningar, sem varð til við skipulagsbreytingar 2023, hélt áfram að móta sína starfshætti með auknu samstarfi og samþættingu við önnur svið og deildir.

Jákvæð vinnustaðarmenning

Vinnustaðarmenning er okkur mjög hugleikin. Það er ljóst að menningin hefur mikil áhrif á starfsánægju og rannsóknir sýna að hún skiptir sköpum þegar verið er að taka ákvörðun um að ráða sig í starf eða segja upp starfi.

Árið 2025 lögðum við áherslu á fræðslu um góð samskipti og EKKO mál, en EKKO stendur fyrir einelti, kynbundið áreiti, kynferðislegt áreiti og ofbeldi. Hjá okkur starfar EKKO nefnd sem skipuð er til þriggja ára í senn af forstjóra og framkvæmdastjóri mannauðs og menningar er bakhjarl hennar. Við ytri úttekt á utanumhaldi EKKO mála hjá okkur við upphaf árs 2025 komu fram tækifæri til úrbóta og í kjölfarið fengum við til liðs við okkur ráðgjafarfyrirtækið Attentus. Þær aðgerðir sem ráðist var í í kjölfarið voru endurbætur á stefnu og viðbragðsáætlun fyrirtækisins og þjálfun fyrir stjórnendur. Að því loknu fór EKKO nefndin í hringferð ásamt ráðgjafa frá Attentus, þar sem nefndin kynnti sig og störf sín og starfsfólk fékk þjálfun í EKKO málum og góðum samskiptum.

Mikilvægt er að halda umræðu um jákvæð samskipti og EKKO mál á lofti. Niðurstöður úr starfsánægjukönnunum okkar undanfarin ár sýna mjög jákvæða þróun í EKKO málum, þótt alltaf megi gera betur og aldrei sofna á verðinum. Góð vinnustaðarmenning er verkefni okkar allra. Við berum öll ábyrgð á því að ganga gildin og sýna hugrekki, árangur og virðingu í okkar störfum.

Góð fræðsla - betri mannauður

Árið 2025 var fyrsta starfsár fræðsluteymis Rarik. Teymið er skipað fulltrúum frá mismunandi sviðum fyrirtækisins og tryggir þannig fjölbreytta sýn á fræðsluþarfi. Með markvissri fræðslu má auka starfsánægju, bæta frammistöðu starfsfólks og stuðla að samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Niðurstöður úr starfsánægjukönnunum

Yfirflokkar	Vísitala	2019	2020	2022	2024	2025
Ég get mælt með því við aðra að sækja um starf hjá fyrirtækinu	8,2	8,3	8,7	8	8,5	8,7
Ímynd	8	7,5	7,9	7,5	7,7	7,7
Stjórnun	6,9	6,8	7	6,2	6,8	7,5
Samstarf	8,2	7,7	8,1	7,9	8,3	8,5
Starfið	8,3	7,6	8,1	7,7	8,1	8,4
Næsti yfirmaður	8,2	7,5	8,1	7,7	8,5	8,6
Samræming vinnu og einkalífs	7,9	8,1	8,1	7,6	7,9	8,3
Hrós og viðurkenning fyrir vel unnin störf síðastliðna 12 mánuði	7	6	6,9	6,5	7,6	7,6
Ég upplifi að allir innan fyrirtækisins hafi jöfn tækifæri og sé ekki mismunað	7,4	5,7	6,2	5,7	6,6	6,8
Upplýsingastreymi frá stjórnendum til starfsfólks	6,5	5,6	6,1	5,3	6,8	7,6

Helstu hlutverk fræðsluteymis eru stefnumótun í fræðslumálum, greining á fræðsluþörfum, skipulagning og framkvæmd fræðslu og aðgengi starfsfólks að fræðslu. Á árinu fengu fulltrúar fræðsluteymis þjálfun á Eloomi fræðslukerfið og voru ýmis námskeið útbúin fyrir kerfið um dagleg störf. Má þar nefna námskeið tengd upplýsingaöryggi, námskeið um starfsþróunarsamtöl og námskeið um notkun á Síminn Pay appinu en einnig hefur starfsfólk aðgang að fjölda fjölbreyttra námskeiða frá Akademies sem nýtast því í leik og starfi.

Fræðsluteymið lagði mikla vinnu í nýja nýliðahandbók í samvinnu við Akademies á árinu. Nýliðafræðslunni er ætlað að styðja nýtt starfsfólk í aðlögun að starfi og vinnustað. Í nýliðahandbókinni má finna upplýsingar um hlutverk og skipulag fyrirtækisins, gildi og framtíðarsýn auk hagnýtra upplýsinga um notkun á helstu kerfum sem notuð eru hjá okkur. Akademies setur fræðsluna upp í rafrænum hugbúnaði og verður þeirri vinnu lokið í byrjun árs 2026.

Markmið var sett um að starfsfólk okkar verji 2% af vinnuskyldu sinni í fræðslu og endurmenntun en við höfum ekki sett okkur slíkt markmið áður né mælt þjálfun. Við erum nú komin hálfa leið að því að ná þessu markmiði en starfsfólk okkar varði 1% af vinnuskyldu sinni í fræðslu á árinu. Til glöggvunar þá samsvarar 1% um 2-3 dögum af vinnuskyldu en 2% samsvara 4-5 vinnudögum.


Við höldum áfram fræðslu fyrir stjórnendur og í upphafi árs var þeim boðin fræðsla um aðstæðubundna stjórnun og jákvæða stjórnun. Í árslok fengu stjórnendur fræðslu um EKKO mál og notkun gervigreindar. Jafnframt sóttu allir aðstoðarverkstjórar okkar námskeið um jafningjastjórnun.

Jafnlaunamál


Undanfarin ár hefur verið lögð vinna í að þróa áfram og einfalda jafnlaunakerfi okkar. Unnið er að því að jafna launamun kynjanna en markmið okkar er að hann sé sem allra minnstur og fari aldrei yfir 2,5%.

Hér eru jákvæð teikn á lofti en launamunur ársins 2025 var 1,57% körlum í hag og lækkar töluvert en hann var 4,46% körlum í hag árið á undan.


Starfsánægja og hvatning



Hollusta




Tryggð




Ráðningar

Heildarstarfsmannavelta okkar árið 2025 var 11,6% og þar af voru 5,8% vegna aldurstengdra þátta. Fjöldi starfsfólks stóð í stað í árslok en þá voru 224 skráð til starfa hjá fyrirtækinu. Við auglýstum 17 störf án staðsetningar á árinu og réðum í fjögur þeirra á landsbyggðinni, eða um fjórðung starfanna. Í þessi 17 störf án staðsetningar voru ráðnar 7 konur og 10 karlar.

Þróun í fjölda starfsfólks



Starfsmannavelta og hlutfall aldurstengdrar starfsmannaveltu




Á árinu var ráðið í 27 fastar stöður hjá okkur, þar af voru 10 konur eða um 36% nýráðninga. Því miður hafði það ekki nægileg áhrif á kynjahlutfall sem hefur haldist í kringum 20% nokkur ár í röð. Munar þar mest um að engar konur hafa sótt um störf í framkvæmdaflokkum en það er verkefni okkar allra að hvetja ungar konur í nám í rafvirkjun.

Á hverju sumri fáum við til liðs við okkur frábært ungt fólk í sumarstörf. Árið 2025 fengum við til okkar sjö iðnnema í framkvæmdaflokkana og sjö háskólanema sem sinntu fjölbreyttum verkefnum á skrifstofum okkar.

Við leggjum gríðarlega áherslu á að fyrirtækið sé vel sýnilegt og aðgengilegt í samfélaginu, ekki síst til að vekja áhuga ungs fólks á því að starfa hjá okkur í framtíðinni. Við tókum þátt í framadögum í HR og einnig buðum við nemum í rafvirkjun og vélstjórn í fræðsluheimsóknir á starfsstöðvar okkar frá alls sex framhaldsskólum.

Kynjahlutfall hjá Rarik og hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum



Öryggismál – Hugrekki til að tala, læra og þróast

Öryggismál halda áfram að vera einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi okkar. Árið 2025 var ár þar sem saman fóru bæði umtalsverðar umbætur í ferlum og búnaði, markviss fræðsla og ekki síst mannleg nálgun á öryggi og líðan starfsfólks. Við höldum áfram að byggja upp öryggismenningu þar sem við ræðum opinskátt um hættur, lærdóma og áskoranir, með það að markmiði að öll komi heil heim að loknum vinnudegi.


Öryggisdagurinn

Fyrsti formlegi Öryggisdagur Rarik var haldinn 17. janúar 2025 og markaði ákveðin tímamót í öryggisstarfi fyrirtækisins. Dagurinn var tileinkaður því að 50 ár voru þá liðin frá mannskæðu þyrluslysi á Kjalarnesi árið 1975, þar sem fimm starfsmenn Rarik og tveir úr áhöfn létust. Starfsfólk um allt land kom saman og fylgdist með stuttri athöfn sem sett var saman í tilefni dagsins. Lögð var áhersla á að draga upp heildstæða mynd af áhrifum þessa atburðar á sögu og menningu fyrirtækisins.

Forstjóri Rarik, Magnús Þór Ásmundsson, minnti í ávarpi sínu á mikilvægi opins samtals um erfiða hluti, hvort sem um ræðir áföll, óöryggi eða líðan, og að andlegt öryggi sé jafn mikilvægt og líkamlegt öryggi í daglegu starfi. Einnig kom til okkar Sr. Skúli Ólafsson en móðurbróðir hans var meðal þeirra sem létust í slysinu. Skúli talaði um mikilvægi athafna, að minnast bæði góðra og erfiðra hluta, og að vinna úr áföllum. Sálfræðingurinn Bryndís Einarsdóttir hélt erindi um áfallahjálp, úrvinnslu áfalla og mikilvægi þess að leyfa sér að finna til. Hún áréttaði að þögn og bæling geti fest sig í sessi í vinnumenningu nema við sýnum hugrekki til að staldra við, ræða og deila reynslu.

Fyrirverandi forstjóri, Tryggvi Þór Haraldsson, rifjaði upp áhrif slyssins á fyrirtækið fyrstu árin og hvernig skortur á úrvinnslu á þeim tíma setti mark sitt á starfsfólkið. Frásögn hans undirstrikaði mikilvægi þess að við vinnum í dag markvisst með áföll og lærum af fortíðinni, öryggisins vegna.

Heildarstarfsmannavelta Rarik árið 2025 var 11,6%, þar af 5,8% vegna aldurstengdra þátta. Fjöldi starfsfólks stóð nánast í stað og er 224 eða einum fleiri en árið á undan.



Tilkynningar, skráningar og þróun öryggismenningar

Fjöldi ábendinga sem berst vegna öryggisatriða er áfram mikilvægur mælikvarði fyrir okkur, ekki vegna þess að fleiri öryggisatvik eigi sér stað, heldur vegna þess að starfsfólk hefur aukið hugrekki til að tilkynna, ræða og greina það sem betur má fara. Þetta er jákvæð vísbending um eflingu öryggismenningar og aukna vitund.

Á árinu 2025 voru skráð/ar:

- 93 öryggisábendingar.
- 47 tilkynningar um slyshættu.
- 21 næstum-því-slys.
- 9 slys, þar af 2 alvarleg með fjarveru í meira en viku.

Nýtt ábendingakerfi og vandaðri rótargreiningar

Á árinu innleiddum við nýtt ábendingakerfi sem eykur nákvæmni í rótargreiningum og veitir betri yfirsýn yfir þróun atvika. Með þessu kerfi getum við unnið markvissar með gögn, forgangsraðað rétt og tryggt að ítrekuð atvik fái skjót viðbrögð.

Samhliða þessu var innleidd ný útgáfa af persónulegu áhættumati, „Staldráðu við“, sem hvetur starfsfólk til að meta aðstæður áður en vinna hefst og taka ábyrgð á eigin öryggi með einföldum en áhrifaríkum skrefum.

Morgunfundir og stöðlun öryggisbúnaðar

Á árinu voru innleiddir daglegir morgunfundir verkstjóra þar sem öryggismál eru rædd áður en hafist er handa við verkefni dagsins. Þessi breyting ætti að leiða til skýrari verkætunar, betra flæðis í upplýsingagjöf og öflugrar öryggisvitundar í upphafi hvers vinnudags.

Einnig stöðluðum við verklag fyrir notkun og innkaup á samþykktum öryggisbúnaði. Með innleiðingu á sérstöku fata- og búnaðarappi hefur bæði yfirsýn og samræming aukist umtalsvert. Þetta tryggir að notaður sé aðeins sá búnaður sem stenst allar öryggiskröfur.

Öryggisnefndin – mánaðarleg vinna og aukin afkastageta

Öryggisnefnd okkar hittist mánaðarlega og árið einkenndist af mjög góðu flæði í vinnu nefndarinnar eftir að fulltrúar allra landshluta og hagaðilar allra sviða tóku fast sæti í henni. Allar úrbótatillögur sem bárust voru afgreiddar á árinu og er það skýr vísbending um að nefndin sé nú eitt af öflugustu verkfærum fyrirtækisins í forvörnum og umbótum þegar kemur að öryggismálum.

Uppfærsla á hættulegum búnaði og neyðarútgöngum


Kerfið okkar hefur byggst upp á tugum ára og líftími búnaðar er oft langur. Á slíkum tíma breytast kröfur okkar og væntingar um öryggismál og því mikilvægt að skipta út búnaði sem uppfyllir ekki núverandi öryggiskröfur.

Á árinu var sérstök áhersla lögð á:

- útskipti gamalla og hættulegra rofa.
- útskipti ósnertivarðra götuskápa.
- bætingu neyðarútganga í eldri aðveitustöðvum.
- uppfærslu á persónulegum öryggistækjum, þar á meðal spennukönnum.

Uppfærslurnar eru gríðarlega mikilvægar í að draga úr hættum, sérstaklega í eldri mannvirkjum. Sem dæmi má nefna að 28 ósnertivörðum götuskápum var skipt út á árinu af þeim 151 sem þarf að skipta út. Einnig hafa verið settar skýrar reglur um á hvaða einingum má framkvæma rof og hvað þarf að gera til að tryggja öryggi í slíkum aðstæðum.

Fjöldi öryggisábendinga, þróun slysa ofl.



Auknar ljósbogavarnir

Við höldum áfram fræðslu um ljósbogahættur og efndum til námskeiða í notkun varnarbúnaðar. Undanfarin ár höfum við styrkt dreifikerfi rafmagns mikið. Einn af fylgifyrirkæmum þess er að svokallaðir ljósbogar, sem geta myndast við rof eða skammhlaup, verða öflugri og geta valdið skaða ef starfsfólk er nálægt þegar það gerist. Verið er að vinna greiningar á kerfinu til að reikna út ljósbogastyrkinn. Allt starfsfólk okkar sem vinnur í kerfinu er í fatnaði sem er ljósbogavarinn en þar sem ljósbogaorkan verður mjög há þarf sérstaka vörn. Keyptur hefur verið fatnaður sem starfsfólk getur farið í við þær aðstæður og verður hann tekinn í notkun árið 2026.

Þriðja flokks dæmingar

Við, líkt og önnur veitufyrirtæki, tryggjum það að einingar í dreifikerfinu séu skoðaðar á reglubundinn hátt. Ytri og innri rafskoðanir eru gerðar reglulega. Innri skoðanir eru gerðar af starfsfólki okkar sem hefur hlotið til þess sérstaka þjálfun og í ytri skoðunum eru það faggiltar skoðunarstofur sem framkvæma úttektirnar. Ef eitthvað má betur fara þá eru skráðar 1., 2. eða 3. flokks dæmingar¹.

Í innri rafskoðunum ársins 2025 voru skráðar 1.684 dæmingar, þar af 46 í þriðja flokki. Í ytri rafskoðunum voru skráðar 32 dæmingar, þar af ein í þriðja flokki. Yfir 70% þeirra dæminga sem skráðar voru á árinu áttu uppruna sinn í götuskápum og tæplega 9% í rofum lágspennuvirkja. Árið 2025 var farið vel yfir ferla og vinnubrögð í tengslum við dæmingar til að tryggja að leyst sé úr þeim öllum á farsælan hátt.

Leiðarljós og lærdómsmenning

Á árinu voru gefin út sjö Leiðarljós, en það eru öryggishugvekjur sem gefnar eru út bæði í myndformi og sem formlegar atvikagreiningar. Leiðarljósín eru mikilvægur hluti af lærdómsmenningu okkar þar sem þau varpa ljósi á raunveruleg atvik og kenna okkur hvernig við getum komið í veg fyrir að þau endurtaki sig.


1. Dæmingar - útskýring.

Fyrsta flokks dæming er minni háttar athugasemd sem er gerð á búnað sem telst annars öruggur og í lagi. Dæmi eru frágangsaþriði og merkingar. Slík dæming krefst ekki tafarlausra úrbóta en þarf að laga við tækifæri. Oft er einfalt að laga þetta og jafnvel hægt að gera á sama tíma og skoðun er framkvæmd til að spara akstur og tíma.

Annars flokks dæming er frávik sem þarf að laga en er yfirleitt ekki talið bráðhættulegt. Dæmi eru tæknileg atriði sem auka hættu á rekstrartruflunum. Grípa þarf til úrbóta innan tímaramma sem er skilgreindur í hverju tilfelli.

Þriðja flokks dæming er alvarlegt frávik sem getur fallið í sér beina hættu og krefst yfirleitt tafarlausra aðgerða og/eða eigi síðar en innan fjögurra vikna.

Fjöldi 1., 2. og 3. flokks dæminga milli ára



Áskoranir ársins – óveður og erfiðar aðstæður

Á árinu komu upp nokkur krefjandi verkefni, einkum vegna óveðurs og straumleysis á Vesturlandi og Austurlandi, þar sem starfsfólk framkvæmdaflokka vann við erfiðar og hættulegar aðstæður. Álagstímabil sem þessi minna okkur á mikilvægi samhæfðra öryggisferla, réttis búnaðar og stöðugrar þjálfunar.

Áframhaldandi menningarbreyting – frá einstaklingum til kerfa

Öryggismenning okkar heldur áfram að þróast í jákvæða átt. Umræða um öryggismál hefur vaxið innan fyrirtækisins, meðvitund um öryggismál hefur aukist og starfsfólk okkar sýnir sífellt meira hugrekki til að tilkynna, ræða og læra. Allir framkvæmdastjórnarfundir okkar, sem og fundir í stjórnarlögum hefjast á öryggisumræðu sem undirstrikar að öryggi er ekki sérliður, heldur hluti af kjarna rekstursins.

Í öllu öryggisstarfi okkar er leiðarljósið HOP (e. Human and Organizational Performance) sem byggir fyrst og fremst á sanngirnismenningu. Við horfum fyrst og fremst á kerfið, aðstæður og skipulag þegar atvik verða, en ekki einstaklinginn. Með því náum við meiri heildarsýn, sanngjarnari nálgun og dýpri lærdómi.

Öryggi er umhyggja

Árið 2025 var ár mikilla umbóta, þróunar og fræðslu í öryggismálum. Við minntumst fortíðar, unnum markvisst með lærdóm og tryggðum að öryggi starfsfólks væri okkur áfram efst í huga. Aukin þátttaka, bætt skráning og styrkari umræða sýna að öryggismenningin er að vaxa og saman höldum við áfram að byggja upp vinnuumhverfi þar sem öll snúa örugg heim.



I Ársreikningur samstæðu



Rarik ohf. var stofnað þann 1. ágúst 2006, og tók þá yfir rekstur og eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Meginstarfsemi Rarik, móðurfélagsins, er rekstur dreifiveitu sem starfar skv. lögum nr. 65 frá 2003 og nær dreifiveitusvæðið til meginhluta landsins utan höfuðborgarsvæðisins, Vestfjarða og Reykjaness. Auk þess rekur Rarik fjórar jarðvarmaveitur; hitaveitu Búðardals, hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar, hitaveitu Siglufjarðar og Hitaveitu Hafnar í Hornafirði og Nesja. Rarik gekk frá samningum í ársbyrjun 2025 um rekstur fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði og afhenti HEF veitum reksturinn frá og með 1. janúar 2025.

Rarik á þrjú dótturfélög. Orkusalan ehf. framleiðir og selur rafmagn, Rarik Orkuþróun ehf. hafði umsjón með erlendu verkefni sem var selt til samstarfsaðila á árinu 2022 og er því ekki með nein verkefni í rekstri og Ljós- og gagnaleiðari ehf. hefur umsjón með ljósleiðurum sem lagðir hafa verið með jarðstrengjum. Dótturfélögin eru alfarið í eigu Rarik ohf.

Rekstur ársins

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Rarik ohf. og dótturfélaga. Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar 28.349 milljónum króna (2024: 24.017 milljónum króna), rekstrargjöld 22.184 milljónum króna (2024: 20.011 milljónum króna) og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 6.164 milljónum króna (2024: 4.005 milljónum króna). Hrein Fjármagnsgjöld námu 1.714 milljónum króna (2024: 1.159 milljónum króna). Hagnaður ársins 2025 að teknu tilliti til tekjuskatts nam 3.559 milljónum króna (2024: 2.246 milljónum króna). Áhrif af endurmati virkjana að frádregnum skattáhrifum voru samtals 80 milljónir króna (2024: 4.960 milljónir króna) og nam því heildarhagnaður ársins 3.639 milljónum króna (2024: 7.206 milljónum króna) samkvæmt yfirliti um heildarafkomu ársins 2025. Heildar fjöldi viðskiptavina móðurfélagsins voru 38.648 samanborðið við 37.980 árið 2024. Ársverk voru 260 á árinu samanborið við 246 árið 2024, sjá nánari upplýsingar í skýringu 8.

Tekjur samstæðunnar hækkuðu frá fyrra ári, bæði af dreifingu og sölu rafmagns. Kaup á raforku og flutningi jukust talsvert á milli ára vegna aðstæðna á heildsölumarkaði og verðhækkana.

Í lok ársins 2025 er um 84% (2024: 81%) af rafdreifikerfi Rarik jarðstrengir.

Vísað er til skýringar nr. 27 vegna áhættustýringar.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 107.224 milljónum króna (2024: 103.285 milljónum króna) í árslok. Eigið fé samstæðunnar nam 68.260 milljónum króna (2024: 64.931 milljónum króna) eða 64% af heildareignum (2024: 63%). Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa vegna ársins 2025 að fjárhæð 1.068 milljónum króna. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og breytinga á eigin fé. Hlutfé félagsins nam 5.000 milljónum króna og er það allt í eigu rikissjóðs og breyttist fjöldi hluthafa ekki á árinu.

Stjórnarhættir

Stjórn Rarik ohf. hefur metnað fyrir því að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Starfsreglur stjórnar voru endurskoðaðar í maí 2025. Nánari grein er gerð fyrir stjórnarháttum í sérstakri yfirlýsingu um stjórnarhætti sem fylgir ársreikningnum.

Í stjórn félagsins sitja þrjár konur og tveir karlar. Stjórn Rarik ohf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög um hlutföll kynja í stjórn.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í ársreikningalögum er krafa um að í yfirliti með skýrslu stjórnar tiltekinna félaga skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Þá skal yfirlitið hafa að geyma stutta lýsingu á viðskiptalikani félagsins, ófjárhagslega lykilmælikvarða og fleira. Hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Félagið telst eining tengd almannahagsmunum og fellur undir fyrrnefndar kröfur um upplýsingagjöf sem koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Félagið birtir því með ársreikningi þessum sérstakan viðauka: Ófjárhagslegar upplýsingar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslenskum lögum, eftir því sem við á, og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2025 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Rarik ohf. hafa í dag yfirfarið samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni og leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 26. mars 2026.

Í stjórn Rarik ohf.

Ingunn Agnes Kro, formaður

Ari Kristinn Jónsson

Sigrún Hallgrímsdóttir

Þóra Þórisdóttir

Sverrir Jan Norðfjörð

Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Rarik ohf. fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan.

Við erum óháð samstæðu Rarik ohf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur sem eru viðeigandi fyrir endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum. Einnig höfum við uppfyllt aðrar siðareglur sem eru viðeigandi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur endurskoðenda sem og siðareglur við endurskoðun á Íslandi.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Rarik ohf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun

Virðismat dreifikerfis og virkjana

Veitukerfi og virkjanir eru verðmætustu eignir samstæðunnar og er virðismat þeirra háð mati stjórnenda og því teljum við það vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Veitukerfi og virkjanir samstæðunnar eru færð samkvæmt endurmatsaðferð og nam bókfært verð þeirra í árslok 2025 um 86,2 milljörðum króna sem nemur um 80% af efnahagsreikningi samstæðunnar.

Endurmat er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta að verulegar breytingar hafi orðið á rekstrarvirði eignanna. Mat á rekstrarvirði eignanna er byggt á sjóðstreymisgreiningu. Veitukerfin voru endurmetin síðast í lok árs 2012 og byggt á virðismati stjórnenda í árslok 2025 þá er það mat þeirra að ekki séu til staðar forsendur til frekara endurmats á árinu 2025. Virkjanir voru endurmetnar síðast í lok árs 2025 að fjárhæð 100 milljónir króna.

Að því er varðar mat á virði eignanna, vísum við að öðru leyti í skýringu 12 um rekstrarfjármuni og í skýringu 4b um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Endurskoðun okkar beindist að virðismati stjórnenda á rekstrarvirði veitukerfis og virkjana í árslok 2025.

Við fórum yfir aðferðarfræði virðismatsins og hvort breytingar hafi orðið á henni á milli ára. Við fórum jafnframt yfir helstu forsendur stjórnenda fyrir matinu m.a.:

- Áætlanir sem byggt er á við útreikninga virðismatsins.
- Mat á veginni meðalarðsemi (WACC) og forsendur útreikninganna.
- Forsendur þess að stjórnendur telji ekki forsendur til frekara endurmats veitukerfa.

Við máttum hvort útreikningar virðismatsins væru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort skýringar í samstæðuársreikningum varðandi virðismatið væru viðeigandi.

Við höfum einnig yfirfarið mat stjórnenda á eignfærslum og afskriftum veitukerfisins og virkjana sem og endurmats og hvort það samræmist alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslegar upplýsingar sem eru í viðauka með samstæðuársreikningnum.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðu-ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Rarik ohf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skal skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Kosning endurskoðanda

Deloitte var ráðið endurskoðandi Rarik ohf. í samræmi við samning milli Ríkisendurskoðunar, Rarik og Deloitte þann 30. júní 2023.

Kópavogi, 26. mars 2026

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir, endurskoðandi

Samstæðuársreikningur Rarik ohf. fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Raforkusala		8.953.115	7.196.116
Dreifing raforku		17.559.177	14.823.326
Sala á heitu vatni		687.093	855.418
Aðrar tekjur	6	1.149.253	1.141.904
		28.348.638	24.016.764
Rekstrargjöld			
Orkukaup og orkuframleiðsla		6.954.336	5.980.536
Rekstur veitukerfa		11.219.428	10.162.546
Annar rekstrarkostnaður		4.010.612	3.868.387
	7	22.184.376	20.011.469
Rekstrarhagnaður		6.164.261	4.005.295
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		593.749	1.021.626
Fjármagnsgjöld		(2.308.238)	(2.180.165)
	10	(1.714.489)	(1.158.539)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.449.772	2.846.756
Tekjuskattur	11	(891.133)	(601.191)
Hagnaður ársins.		3.558.639	2.245.565
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	21	0,71	0,45
EBITDA og afskriftir			
Rekstrarhagnaður		6.164.261	4.005.295
Afskriftir	9	4.093.468	3.550.856
EBITDA		10.257.729	7.556.151

Skýringar á bls. 117-149 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Hagnaður ársins			
		3.558.639	2.245.565
Aðrar tekjur og gjöld færð á eigið fé			
Sem ekki verða endurflokkaðar í rekstrarreikning			
Endurmat fastafjármuna	12	100.000	6.200.000
Tekjuskattur af endurmati fastafjármuna	11	(20.000)	(1.240.000)
		80.000	4.960.000
Heildarhagnaður ársins		3.638.639	7.205.565

Skýringar á bls. 117-149 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Óefnislegar eignir	13	954.343	905.054
Rekstrarfjármunir	12	90.859.881	85.453.482
Eignarhlutir í öðrum félögum	14	77.661	79.906
Skuldabréfaeign	16	3.213.265	6.488.343
Fastafjármunir samtals		95.105.149	92.926.784
Birgðir			
Birgðir	17	3.035.431	2.310.321
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	16	3.208.210	3.240.527
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	5.074.439	4.336.545
Markaðsverðbréf		13.946	0
Handbært fé	19	787.215	470.420
Veltufjármunir samtals		12.119.241	10.357.814
Eignir samtals		107.224.390	103.284.598
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur		6.756.019	6.756.019
Endurmatsreikningur		15.933.419	16.279.558
Bundinn hlutdeildarreikningur		4.276.672	3.318.020
Óráðstafað eigið fé		36.293.970	33.577.844
Eigið fé samtals	20	68.260.081	64.931.441
Langtímaskuldir			
Skuldir til langs tíma	22	21.635.673	23.365.056
Skuldbinding vegna niðurrífs	24	1.078.985	1.059.841
Tekjuskattsskuldbinding	15	2.598.256	2.779.759
Leiguskuldbinding	23	1.701.348	1.699.325
Lífeyrisskuldbinding	25	79.258	69.202
Langtímaskuldir samtals		27.093.520	28.973.182
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	22	6.017.507	4.890.056
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26	4.558.187	3.641.057
Tekjuskattur til greiðslu	11	1.095.973	662.389
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	23	199.122	186.473
Skammtímaskuldir samtals		11.870.789	9.379.975
Skuldir samtals			
Skuldir samtals		38.964.309	38.353.157
Eigið fé og skuldir samtals		107.224.390	103.284.598

Skýringar á bls. 117-149 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirlit árið 2025

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar til 31. desember 2024						
Eigið fé 1. janúar 2024	5.000.000	6.756.019	11.652.818	3.034.532	31.593.507	58.036.876
Heildarhagnaður ársins			4.960.000	0	2.245.565	7.205.565
Hlutdeild í hagnaði flutt á bundinn hlutdeildarreikning				387.748	(387.748)	0
Arður móttækinn frá dótturfélögum				(250.000)	250.000	0
Endurmat leyst upp á móti afskriftum og tekjuskatti			(333.260)	145.740	187.520	0
Greiddur arður 0,06 kr á hlut					(311.000)	(311.000)
Eigið fé 31. desember 2024	5.000.000	6.756.019	16.279.558	3.318.020	33.577.844	64.931.441
1. janúar til 31. desember 2025						
Eigið fé 1. janúar 2025	5.000.000	6.756.019	16.279.558	3.318.020	33.577.844	64.931.441
Heildarhagnaður ársins			80.000	0	3.558.639	3.638.639
Hlutdeild í hagnaði flutt á bundinn hlutdeildarreikning				981.072	(981.072)	0
Arður móttækinn frá dótturfélögum				(250.000)	250.000	0
Endurmat leyst upp á móti afskriftum og tekjuskatti			(426.139)	227.580	198.559	0
Greiddur arður 0,06 kr á hlut					(310.000)	(310.000)
Eigið fé 31. desember 2025	5.000.000	6.756.019	15.933.419	4.276.672	36.293.970	68.260.081

Skýringar á bls. 117-149 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		3.558.639	2.245.565
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(6.737)	(103.385)
Breyting niðurrifsskuldbindingar	24	(91.318)	(93.047)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	25	10.056	1.980
Breyting skuldbindingar vegna íþyngjandi samnings		720.000	0
Afskriftir	9	4.093.468	3.550.856
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10	1.714.489	1.158.539
Tekjuskattur	11	891.133	601.191
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		10.889.731	7.361.699
Birgðir, hækkun		(725.110)	(108.789)
Skammtímakröfur, hækkun		(689.114)	(663.058)
Skammtímaskuldir, hækkun		192.010	185.664
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		9.667.516	6.775.516
Innheimtar vaxtatekjur		322.489	406.498
Greidd vaxtagjöld		(1.132.754)	(1.290.150)
Greiddur tekjuskattur		(659.052)	(492.687)
Handbært fé frá rekstri		8.198.199	5.399.176
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12	(9.097.681)	(8.317.659)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	13	(221.869)	(81.666)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		21.082	140.729
Afborganir skuldabréfa		3.211.789	3.223.121
Markaðsverðbréf, innlausn umfram kaup		26.960	27.789
Móttekinn arður og söluverð eignarhluta		2.952	4.532
Fjárfestingarhreyfingar		(6.056.768)	(5.003.154)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	20	(310.000)	(311.000)
Ný langtímalán	22	0	5.500.000
Breyting skammtímaskulda við lánastofnanir	22	3.575.300	(2.902.989)
Afborganir langtímalána	22	(4.958.404)	(2.179.273)
Afborganir leiguskuldbindinga	23	(129.277)	(118.504)
Fjármögnunarhreyfingar		(1.822.381)	(11.766)
Hækkun á handbæru fé		319.051	384.256
Gengismunur af handbæru fé		(2.256)	3.208
Handbært fé í ársbyrjun		470.420	82.956
Handbært fé í lok ársins		787.215	470.420

Skýringar á bls. 117-149 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

1. Félagið

Rarik ohf. er opinbert hlutafélag með lögheimili að Dvergshöfða 2 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“ og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagi. Aðalstarfsemi samstæðunnar er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til notenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

A. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslenskum lögum, eftir því sem við á.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 26. mars 2026. Veittar eru upplýsingar um reikningsskilaaðferðir samstæðunnar í skýringu 32.

B. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum og markaðsverðbréf eru færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning og virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru færð á endurmetnu kostnaðarverði. Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 4.

C. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

D. Mat og ákvarðanir stjórnenda við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 4 - ákvörðun gangvirðis (endurmat rekstrarfjármuna)
- Skýring nr. 24 - skuldbinding vegna niðurrifs

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Nokkrar endurbætur á reikningsskilastöðlum tóku gildi 1. janúar 2025. Innleiðing þeirra hafði ekki veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa

samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

A. Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda og fjáreigna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

B. Rekstrarfjármunir

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir með viðeigandi ávöxtunarkröfu.

B-I. Dreifiveita - forsendur endurmats 2012

Rekstrarfjármunir dreifiveitu voru endurmetnir miðað við 31. desember 2012. Endurmatið var unnið af starfsmönnum félagsins. Endurmatið er miðað við endurmatsgrunn eigna félagsins fyrir Orkustofnun. Endurmat eigna dreifiveitu á árinu 2012 nam 3.474 milljónum kr. Á sama tíma voru óháðir sérfræðingar fengnir til að meta hvort vísbendingar væru um virðisrýrnun með því að meta nýtingarvirði eigna dreifiveitu. Við mat á nýtingarvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar var litið til tekjumarka dreifiveitu sem lýst er í skýringu 32 k). Við ákvörðun núvirðis dreifiveitu var notast við meðaltalsfjármagnskostnað 5,01%. Vöxtur tekna dreifiveitu var metinn 0,4% - 7,9% árin 2013-2035 en enginn vöxtur eftir það. EBITDA-hlutfall var metið 34% til 44% á spátímabilinu. Gert er ráð fyrir að nýting tekjumarka félagsins sé 100% frá árinu 2017. Ekki voru vísbendingar um virðisrýrnun miðað við framangreindar forsendur.

B-II. Dreifiveita - Mat á endurmatsþörf 2025

Stjórnendur mátu í árslok hvort þörf væri á endurmati dreifiveitu samstæðunnar. Endurmatið var unnið af óháðum sérfræðingum. Matið byggir á núvirtu sjóðsflæði af eignunum og náði spátímabilið til ársins 2044 en reiknað framtíðarvirði eftir það. Notast er við langt spátímabil til að endurspeгла betur breytingar á tekjuramma veitunnar. Við gerð sjóðsflæðismatsins var byggt á áætlunum stjórnenda sem byggja á sögulegri reynslu og væntingum um framtíðina. Við mat á nýtingarvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar var litið til tekjumarka dreifiveitu sem lýst er í skýringu 32 k). Við ákvörðun núvirðis dreifiveitu var litið til meðaltalsfjármagnskostnaðar 5,55% sem byggir á raunverðsgrunni. Vöxtur tekna dreifiveitu rafmagns var metinn -11,2% til 11,8% árin 2026-2047 en enginn vöxtur eftir það. EBITDA-hlutfall var metið 46% til 50% á spátímabilinu en 41% til framtíðar. Gert var ráð fyrir að nýting tekjumarka félagsins sé á 100,3% á árinu 2026 en lækki svo í 97,5% árið 2027 en hækki svo jafnt og þétt og verði 99% frá og með árinu 2031. Matið er mjög næmt fyrir breytingum á lykilorsendum s.s. nýtingu tekjumarka og því kann niðurstaða matsins að breytast verði nýting þeirra önnur en gert er ráð fyrir. Niðurstaða mats á endurmatsþörf var sú að færa ekki endurmat þar sem óvissa er um fulla nýtingu tekjumarka í framtíðinni.

B-III. Virkjanir

Samstæðan endurmat virkjanir sínar miðað við 31. desember 2025. Endurmatið var framkvæmt af óháðum sérfræðingum og var stuðst við núvirt sjóðsflæði af hverri einstakri virkjun. Við mat á sjóðsflæði á

virkjunum var miðað við væntar framtíðartekjur af sölu raforku miðað við áætlanir stjórnenda. Við matið var gert ráð fyrir að tekjur þróist í samræmi við verðlagsþróun og því ekki gert ráð fyrir raunvexti tekna. Við mat á rekstrarkostnaði var tekið tillit til sögulegrar reynslu úr rekstri hveurrar virkjunar. Eftirstöðvar nýtingartíma hveurrar virkjunar voru metnar út frá ástandi hveurrar virkjunar fyrir sig. Veginn fjármagnskostnaður til núvirðingar (WACC) var metinn 6,95%. Við mat á WACC var litið til almennra viðmiða á Íslandi við mat á sambærilegum eignum sem er 60-70% skuldsetningarhlutfall. Kostnaður lánsfjármögnunar var metinn 4,2% fyrir skatt og eiginfjárkrafa var metin 12,1%. Við mat á eiginfjárkröfu var beta ákvörðuð út frá samanburði við sambærileg félög á markaði erlendis, almennt markaðsálag var metið 5,8% og sérstakt áhættuálag var metið 1,5%. Niðurstaðan var sú endurmat í árslok nam 100 millj. kr.

Breyting eftirfarandi forsendna hefðu haft eftirfarandi áhrif á niðurstöðu matsins:

	Hækkun / (lækkun)
WACC hækkun 0,5%	(1.082.000)
WACC lækkun 0,5%	1.185.000
Raforkuverð hækkun 5%	1.136.000
Raforkuverð lækkun 5%	(1.362.000)

C. Fjárfestingar í hlutabréfum

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörsdegi.

D. Viðskiptakröfur, skuldabréfaeign og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna, skuldabréfaeignar og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum samstæðunnar samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf hennar. Félagið hefur eftirfarandi starfsþætti:

Raforkudreifing

Til orkudreifingar telst sá hluti starfseminnar sem er háður sérleyfi um dreifingu rafmagns samkvæmt raforkulögum, án þátttöku í sameiginlegri starfsemi s.s. yfirstjórn.

Raforkusala

Undir raforkusölu fellur sala og framleiðsla raforku.

Annað

Undir annað telst rekstur hitaveitna, kostnaður við yfirstjórn, rekstur stoðdeilda, tekjur vegna nýrra viðskiptavina og önnur starfsemi.

Rekstrarstarfspættir

	Raforkudreifing	Raforkusala	Annað	Samtals
Árið 2025				
Tekjur frá viðskiptamönnum	17.559.177	8.953.115	1.836.345	28.348.638
Innri sala	0	98.074	38.729	136.804
Tekjur samtals	17.559.177	9.051.190	1.875.075	28.485.441
Rekstrarafkoma starfspátta	6.240.066	981.878	(1.057.683)	6.164.261
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(1.714.489)
Tekjuskattur				(891.133)
Hagnaður ársins				3.558.639

Eignir starfspátta	59.225.408	22.798.445	9.790.371	91.814.224
Óskiptar eignir				15.410.166
Eignir samtals	59.225.408	22.798.445	9.790.371	107.224.390

Óskiptar skuldir				38.964.309
------------------	--	--	--	------------

Fjárfestingar	8.104.015	197.485	1.087.611	9.389.111
Afskriftir	2.724.656	681.884	686.928	4.093.468

Árið 2024				
Tekjur frá viðskiptamönnum	14.823.326	7.196.116	1.997.322	24.016.764
Innri sala	0	111.657	38.917	150.574
Tekjur samtals	14.823.326	7.307.773	2.036.239	24.167.338
Rekstrarafkoma starfspátta	4.549.123	358.073	(901.901)	4.005.295
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(1.158.539)
Tekjuskattur				(601.191)
Hagnaður ársins				2.245.565

Eignir starfspátta	53.846.050	23.168.541	9.343.945	86.358.536
Óskiptar eignir				16.926.062
Eignir samtals	53.846.050	23.168.541	9.343.945	103.284.598

Óskiptar skuldir				38.353.157
------------------	--	--	--	------------

Fjárfestingar	7.421.455	272.246	705.624	8.399.325
Afskriftir	2.352.683	518.684	679.489	3.550.856

6. Aðrar tekjur

	2025	2024
Aðrar tekjur greinast þannig:		
Tengigjöld	676.666	494.160
Seld þjónusta	444.670	526.356
Leigutekjur	21.180	18.003
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	6.737	103.385
	1.149.253	1.141.904

7. Rekstrarkostnaður

	2025	2024
Rekstrarkostnaður greinist þannig eftir eðli kostnaðar:		
Orkuflutningur	4.008.894	3.269.475
Endurgreitt innmötunargjald	(119.915)	0
Orkukaup	6.162.056	5.913.376
Áhrif íþyngjandi orkukaupasamnings	720.000	0
Laun og launatengd gjöld	4.178.179	3.881.287
Niðurfærsla krafna og endanlega afskrifaðar kröfur (Sjá skýringu 27)	20.227	31.277
Annar kostnaður	3.121.467	3.365.198
Afskriftir	4.093.468	3.550.856
Rekstrarkostnaður samtals	22.184.376	20.011.469

8. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun og launatengd gjöld greinast þannig		
Laun	4.242.182	3.973.309
Greitt í lífeyrissjóði vegna iðgjaldatengdra lífeyriskerfa	590.816	559.486
Önnur launatengd gjöld	450.954	432.700
Áfallið orlof breyting	42.672	28.614
Kostnaður vegna réttindatengdra lífeyriskerfa sbr. skýringu 25	20.640	11.735
Laun og launatengd gjöld greinast samtals	5.347.264	5.005.844

Laun skiptast þannig:		
Rekstur veitukerfa	1.930.828	2.083.096
Orkukaup og orkuframleiðsla	339.811	305.112
Annar rekstrarkostnaður	1.907.538	1.493.079
Eignfært á framkvæmdir	1.169.087	1.124.556
Laun og launatengd gjöld samtals	5.347.264	5.005.844

Ársverk	257	252
---------	-----	-----

Laun stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir í millj. kr.:		
Laun stjórnar móðurfélagsins	17	17
Laun stjórnar dótturfélaga	9	9
Laun forstjóra	39	35
Laun aðstoðarforstjóra og 7 framkvæmdastjóra (2024: 7)	234	212

Kynjaskipting starfsmanna:	Konur	Karlar	Samtals
Stjórnendur samkvæmt skipuriti í árslok 2025	15	18	33
Stjórnendur samkvæmt skipuriti í árslok 2024	11	20	31
Starfsmenn í árslok 2025	60	197	257
Starfsmenn í árslok 2024	56	196	252

9. Afskriftir

Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:	2025	2024
Afskrift rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 12	3.916.779	3.355.227
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 13	176.688	195.630
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	4.093.468	3.550.856

Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:	2025	2024
Rekstur veitukerfa	3.091.831	2.577.901
Orkukaup og orkuframleiðsla	535.838	399.537
Annar rekstrarkostnaður	465.799	573.418
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	4.093.468	3.550.856

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af fjáreignum skráðum á afskrifuðu kostnaðarverði	552.136	428.386
Tekjur af markaðsverðbréfum	40.906	357.710
Tekjur af eignarhlutum	707	0
Gengismunur	0	235.530
Fjármunatekjur samtals	593.749	1.021.626

Vaxtagjöld af fjárskuldum á afskrifuðu kostnaðarverði og leiguskuldb.	(1.072.691)	(1.286.782)
Verðbætur	(767.406)	(781.309)
Vextir af niðurrifsskuldbindingu	(110.462)	(112.074)
Gengismunur	(357.679)	0
Fjármagnsgjöld samtals	(2.308.238)	(2.180.165)

Hrein fjármagnsgjöld samtals	(1.714.489)	(1.158.539)
-------------------------------------	--------------------	--------------------

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2025	2024
Frestaður tekjuskattur		
Tekjuskattur ársins	204.841	61.199

Tekjuskattur til greiðslu		
Tekjuskattur ársins	(1.095.973)	(662.389)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi samtals	(891.133)	(601.191)

Afstemming á virku skatthlutfalli	2025	2024
Hagnaður ársins	3.558.639	2.245.565
Tekjuskattur	891.133	601.191
Hagnaður án tekjuskatts	4.449.772	2.846.756
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,0% (889.954)	21,0% (597.819)
Aðrir liðir	0,0% (1.178)	0,1% (3.372)
Virkur tekjuskattur	20,0% (891.132)	21,1% (601.191)

Tekjuskattur færður á meðal annarra tekna og gjalda færðra á eigið fé greinist þannig:	2025	2024
Tekjuskattur af endurmati	(20.000)	(1.240.000)

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Leigueignir	Virkjanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1. janúar 2024	2.477.382	16.349.177	73.005.086	4.128.430	95.960.074
Viðbætur á árinu	0	62.218	7.718.221	537.220	8.317.659
Fært á ófnislegar eignir		(91.763)			(91.763)
Endurmat, virkjana		6.200.000			6.200.000
Jöfnun afskrifta		(384.098)			(384.098)
Endurmat leiguskulda	92.153				92.153
Selt og aflagt			(1.914)	(156.457)	(158.371)
Staða 31. desember 2024	2.569.534	22.135.533	80.721.393	4.509.193	109.935.653

Endurflokkað				(4.108)	(4.108)
Viðbætur á árinu	69.561	32.661	8.418.642	646.378	9.167.242
Endurmat, virkjana		100.000			100.000
Jöfnun afskrifta		(507.614)			(507.614)
Endurmat leiguskulda	74.389				74.389
Selt og aflagt				(66.060)	(66.060)
Staða 31. desember 2025	2.713.484	21.760.580	89.140.035	5.085.403	118.699.502

Afskriftir					
Staða 1. janúar 2024	623.352	0	19.163.732	1.844.983	21.632.068
Jöfnun afskrifta vegna endurmats		(384.098)			(384.098)
Afskriftir ársins	144.622	384.098	2.577.685	248.823	3.355.227
Selt og aflagt			(1.528)	(119.498)	(121.026)
Staða 31. desember 2024	767.974	0	21.739.889	1.974.308	24.482.172

Jöfnun afskrifta vegna endurmats		(507.614)			(507.614)
Afskriftir ársins	152.000	507.614	2.972.198	284.968	3.916.779
Selt og aflagt				(51.715)	(51.715)
Staða 31. desember 2025	919.974	0	24.712.087	2.207.561	27.839.622

Bókfært verð					
1. janúar 2024	1.854.029	16.349.177	53.841.353	2.283.446	74.328.006
31. desember 2024/1. janúar 2025	1.801.560	22.135.533	58.981.504	2.534.885	85.453.482
31. desember 2025	1.793.510	21.760.580	64.427.948	2.877.842	90.859.881

Bókfært verð án endurmats					
31. desember 2024	1.801.560	6.192.925	55.330.479	2.425.504	65.750.467
31. desember 2025	1.793.510	6.002.448	61.009.742	2.768.766	71.574.466

Fasteignamat og váttryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna samstæðunnar sem metnar eru í fasteignamati nam um 7,0 milljörðum króna (2024: 7,7 milljörðum króna). Váttryggingarfjárhæð eigna samstæðunnar er um 16,7 milljarðar króna (2024: 17,8 milljarðar króna). Váttryggingarfjárhæð viðlagatryggingar rekstrarfjármuna samstæðunnar nam um 135,0 milljörðum króna í árslok 2025 (2024: 145,5 milljörðum króna).

Veðsetningar

Engin veðskuldabréf eru hjá samstæðunni í árslok 2025 og engar eignir veðsettar.

Endurmetnar eignir

Stjórnendur yfirfóru í árslok 2025 hvort þær aðstæður væru til staðar að endurmeta bæri rekstrarfjármuni samstæðunnar sem færðir eru á endurmetnu kostnaðarverði. Í tilviki veitukerfa var kannað hvort breytingar hefðu orðið á forsendum frá því að endurmatsþörf var metin í árslok 2024. Það er mat stjórnenda að forsendur séu ekki til þess að endurmeta veitukerfi samstæðunnar en að endurmeta bæri virkjanir samstæðunnar um 100 millj. kr. Sjá nánari umfjöllun um forsendur endurmats, mats á endurmatsþörf 2025 og næmni endurmats í skýringu 4.

13. Óefnislegar eignir

	Viðskipta-sambönd	Hugbúnaður	Vatnsréttindi	Samtals
Bókfært verð 1.1.2024	82.095	845.159	0	927.254
Fært af fastafjármunum			91.763	91.763
Viðbót á árinu	0	81.666		81.666
Afskrifað á árinu	(12.630)	(183.000)		(195.630)
Bókfært verð 31.12.2024	69.465	743.825	91.763	905.054
Fært af fastafjármunum		4.108		4.108
Viðbót á árinu		221.869		221.869
Afskrifað á árinu	(12.630)	(164.058)		(176.688)
Bókfært verð 31.12.2025	56.835	805.744	91.763	954.343

14. Önnur félög

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignarhlutir í átta óskráðum félögum.

15. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar greinist þannig:	2025	2024
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar	(2.779.759)	(1.601.661)
Frestaður tekjuskattur ársins	204.841	61.199
Tekjuskattur af endurmati	(20.000)	(1.240.000)
Mismunur álagðs og áætlaðs skatts til greiðslu	(3.337)	703
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	(2.598.256)	(2.779.759)

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:	2025	2024
Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	(3.342.253)	(3.335.994)
Viðskiptakröfur	(13.380)	(7.210)
Birgðir	(30.354)	(23.103)
Skuldbinding vegna niðurrifs	215.797	211.968
Lífeyrisskuldbinding	15.852	14.831
Leiguskuldbinding	380.094	377.159
Skuldbinding vegna íþyngjandi samnings	144.000	
Frestaður gengismunur	31.988	(17.410)
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	(2.598.256)	(2.779.759)

16. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign greinist þannig:	2025	2024
Verðtryggt skuldabréf í ISK á Ríkissjóð Íslands, vextir 1,84%	4.288.614	6.203.244
Skuldabréf í USD á Ríkissjóð Íslands, vextir 4,8%	2.122.168	3.513.782
Önnur skuldabréfaeign	10.693	11.844
	6.421.475	9.728.870
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	(3.208.210)	(3.240.527)
	3.213.265	6.488.343

Samningsbundar afborganir skuldabréfa greinast þannig á næstu ár:	2025	2024
Árið 2026/2025	3.208.210	3.240.527
Árið 2027/2026	3.206.925	3.241.479
Árið 2028/2027	1.137	3.240.527
Árið 2029/2028	1.005	1.050
Árið 2030/2029	1.005	1.008
Síðar	3.193	4.279
Skuldabréfaeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	6.421.475	9.728.870

17. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	2025	2024
Efnisbirgðir	3.035.431	2.310.321

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptakröfur vegna samninga við viðskiptavini	4.978.173	4.059.305
Aðrar skammtímakröfur	244.266	411.240
Niðurfærsla viðskiptakrafna (sjá skýringu 27)	(148.000)	(134.000)
	5.074.439	4.336.545

19. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	2025	2024
Óbundnar innistæður	787.215	470.420

20. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.000 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Yfirverðsreikningur

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningurinn samanstendur af endurmati virkjana og dreifikerfis til gangvirðis að teknu tilliti til skattáhrifa.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í afkomu dótturfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum á undirritunardegi.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnum millifærslum á aðra eiginfjárliði og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.

Arður

Félagið greiddi út 310 millj. kr. arð á árinu 2025 (2024: 311 millj. kr).

Fyrir liggur tillaga frá stjórn um úthlutun arðs vegna ársins 2025 að fjárhæð 1.068 milljónir kr (0,21 kr. á hlut).

21. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:	2025	2024
Hagnaður	3.558.639	2.245.565
Vegið meðaltal hlutabréfa:		
Hlutir 1. janúar - 31. desember	5.000.000	5.000.000
Vegið meðaltal útistandandi hluta þann 31. desember	5.000.000	5.000.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,71	0,45

22. Vaxtaberandi skuldir

Breyting vaxtaberandi skulda greinist þannig:	2025	2024
Staða vaxtaberandi skulda 1.1.	28.255.112	27.229.612
Tekin langtímalán á árinu	0	5.500.000
Tekin skammtímalán á árinu	3.555.300	0
Afborganir langtímaskulda	(4.958.404)	(2.179.273)
Afborgun skammtímaskulda	0	(2.919.956)
Breytingar tengdar fjármögnunarhreyfingum	(1.403.104)	400.771
Gengismunur	33.766	(156.580)
Verðbætur	767.406	781.309
Aðrar breytingar tengdar vaxtaberandi skuldum	801.172	624.729
Staða vaxtaberandi skulda 31.12.	27.653.180	28.255.112

Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gengisáhættu eru veittar í skýringu 27.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	2025	2024
Skuldir til langs tíma		
Óveðtryggð bankalán	4.024.327	4.484.346
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa	20.073.553	23.770.766
	24.097.880	28.255.112
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(2.462.207)	(4.890.056)
	21.635.673	23.365.056
Skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	3.555.300	0
Næsta árs afborgun langtímaskulda	2.462.207	4.890.056
	6.017.507	4.890.056
Vaxtaberandi skuldir samtals	27.653.180	28.255.112

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði greinast þannig:

	Lokagjald.	2025 Meðalvextir	Eftirstöðvar	2024 Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í EUR	2038	3,2%	3.437.487	4,5%	3.718.795
Skuldir í USD	2031	6,1%	586.840	6,9%	765.551
			4.024.327		4.484.346
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2023- 2040	3,3%	20.073.553	3,3%	21.274.766
Óverðtryggðar	2025	-	-	3,1%	2.496.000
Yfirdráttur	2026	10,6%	489.069	-	0
Óverðtryggt skammtímalán	2026	9,1%	3.066.231	-	0
			23.628.853		23.770.766
Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals			27.653.180		28.255.112

Samningsbundar afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:	2025	2024
Skuldir til langs tíma		
Árið 2026/2025	2.462.207	4.890.056
Árið 2027/2026	2.462.207	2.394.056
Árið 2028/2027	2.462.207	2.394.056
Árið 2029/2028	2.462.207	2.394.056
Árið 2030/2029	2.069.017	2.394.056
Síðar	12.180.035	13.788.832
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	24.097.880	28.255.112

Samstæðan uppfyllir í árslok öll fjárhagsskilyrði lánasamninga sinna en í þeim er að finna ákvæði um lágmarksvaxtaþekju og eiginfjárhlutfall. Útreikningur fjárhagsskilyrða fer fram miðað 30. júní og 31. desember ár hvert.

27. Stýring fjármálagreyingar áhættu og fjármálagreyingar, frh.:

Markmið samstæðunnar er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Stjórn samstæðunnar ber að hafa eftirlit með fjármálagreyingri áhættu samstæðunnar. Til að sinna því hefur stjórnin sótt ráðgjöf til utanaðkomandi ráðgjafa.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagreyingi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Mótaðilaáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru á einstaklinga og fyrirtæki. Dreifing viðskiptakrafna eftir viðskiptavinum er nokkuð jöfn.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Innheimtudeild samstæðunnar vinnur eftir ákveðnum reglum sem miða að því að draga úr lánsáhættu.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum. Kröfur eru almennt metnar hafa tapast endanlega við gjaldprot mótaðila.

Mesta mögulega tap vegna mótaðilaáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:	2025	2024
Skuldabréfaeign	6.421.475	9.728.870
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	5.222.439	4.470.545
Handbært fé	787.215	470.420
	12.431.129	14.669.835

Samstæðan metur tapsáhættu í skuldabréfaeign og öðrum skammtíma-kröfum óverulega en mótaðili er að lang stærstu leyti íslenska ríkið.

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:	2025	2024
Almennir orkunotendur	4.168.197	3.121.728
Aðrar viðskiptakröfur	809.976	937.577
	4.978.173	4.059.305

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarand	2025 Brúttó staða	Niðurfærsla	2024 Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	4.617.251	40.328	3.755.751	65.083
Gjaldfallnar kröfur, 0- 30 daga	103.887	10.808	162.238	15.819
Gjaldfallnar kröfur, 31-60 daga	64.741	9.451	17.413	3.400
Gjaldfallnar kröfur, 61-90 daga	7.917	3.163	9.679	5.759
Gjaldfallnar kröfur, 91 og eldri	184.377	84.250	114.224	43.938
	4.978.173	148.000	4.059.305	134.000

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:	2025	2024
Niðurfærsla í upphafi árs	134.000	104.000
Tapaðar kröfur	(6.227)	(1.277)
Niðurfærsla ársins	20.227	31.277
Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs	148.000	134.000

27. Stýring fjármálaeigar áhættu og fjármálagerningar, frh.:

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hætta á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor sitt.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimild að fjárhæð 1.200 millj. kr. hjá viðskiptabanka sínum Landsbankanum hf. sem 489 millj. kr. hafa verið dregnar á.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
31. desember 2025						
Skuldir við lánastofnanir	27.653.180	35.653.101	6.876.418	3.250.313	9.010.861	16.515.509
Leiguskuldbinding	1.900.470	2.542.699	205.569	203.563	600.489	1.533.078
Viðskiptaskuldir	2.529.675	2.529.675	2.529.675			
Aðrar skammtímaskuldir	1.041.612	1.041.612	1.041.612			
Samtals	33.124.937	41.767.087	10.653.274	3.453.876	9.611.350	18.048.587

31. desember 2024						
Skuldir við lánastofnanir	28.255.112	37.492.245	5.859.790	3.244.506	9.437.876	18.950.073
Leiguskuldbinding	1.885.798	2.507.866	189.559	188.138	547.595	1.582.574
Viðskiptaskuldir	2.610.237	2.610.237	2.610.237			
Aðrar skammtímaskuldir	1.030.820	1.030.820	1.030.820			
Samtals	33.781.967	43.641.168	9.690.406	3.432.644	9.985.471	20.532.647

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hætta á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk sem stjórn hefur samþykkt.

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Starfsrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og eru allar tekjur þess í krónum. Hluti innkaupa er í erlendum gjaldmiðlum, aðallega í evru (EUR) og norðurlandamyntum (NOK, DKK, SEK)

Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gengisáhættu.

Lántaka samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum er í evrum (EUR) og bandarískum dollurum (USD). Vextir af þessum lánum hafa reynst mun lægri en þeir sem bjóðast af lánum í íslenskum krónum

Mögulegt tap vegna gengisáhættu

Gengisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:	EUR	USD
2025		
Skuldabréfaeign	0	2.122.168
Handbært fé	173	600.185
Langtímaskuldir	(3.437.487)	(765.551)
Áhætta í efnahagsreikningi	(3.437.314)	1.956.802

2024		
Skuldabréfaeign	0	3.513.782
Handbært fé	145	102.315
Langtímaskuldir	(3.718.795)	(765.551)
Áhætta í efnahagsreikningi	(3.718.650)	2.850.546

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:	Meðalgengi 2025	Meðalgengi 2024	Árslokagengi 2025	Árslokagengi 2024
EUR	144,65	149,31	147,2	143,9
USD	128,37	137,93	125,2	138,2

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum hefði hækkað (lækkað) afkomu ársins eftir skatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sambærilegum hætti fyrir árið 2024.

	2025	2024
EUR	274.985	293.773
USD	(156.544)	(225.193)

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

27. Stýring fjármálagregrar áhættu og fjármálagerningar, frh.:

Vaxtaáhætta

Langtímalántökur samstæðunnar í íslenskum krónum eru með föstum vöxtum, en skammtímalán eru með breytilegum vöxtum. Lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru með breytilegum vöxtum.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

Fjármálagerningar með fasta vexti	2025	2024
Fjáreignir	6.421.475	9.728.870
Fjárskuldir	(20.073.553)	(23.770.766)
	(13.652.078)	(14.041.896)

Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Handbært fé	787.215	470.420
Fjárskuldir	(7.579.627)	(4.484.346)
	(6.792.412)	(4.013.926)

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörstigi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Hækkun á vöxtum um 100 punkta á uppgjörstigi 31. desember 2025 hefði lækkað eigið fé og afkomu ársins um 54,3 millj. kr. (2024: lækkað um 31,7 millj. kr.). Ef vextir hefðu lækkað um 100 punkta hefðu áhrifin verið þau sömu í gagnstæða átt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta félagsins er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í ársreikningnum er jafnt og gangvirði þeirra að undanteknum vaxtaberandi skuldum og skuldabréfaeign.

Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	2025 Bókfært verð	Gangvirði	2024 Bókfært verð	Gangvirði
Skuldabréfaeign	6.421.475	6.363.797	9.728.870	9.464.463
Skuldir við lánastofnanir	27.653.180	27.149.411	28.255.112	27.507.982

Gangvirði vaxtaberandi skulda og skuldabréfaeignar er reiknað sem núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með áhættulausum vöxtum í viðeigandi mynt auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi. Áhættuálag var metið 50-330 bp í árslok 2025 (2024: 50 -150 bp) og var það byggt á þeim kjörum sem félaginu hafa boðist á markaði. Gangvirðisútreikningar vaxtaberandi langtímaskulda falla undir stig 2 í þrepaskiptingu gangvirðis.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar samstæðunnar að eiginfjárstaða hennar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam 64% í árslok 2025 (2024: 63%). Stjórn samstæðunnar hefur ekki sett sér markmið um lágmarkseiginfjárlutfall.

Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárlutfall. Við mat á eiginfjárlutfalli samstæðunnar er litið til bókfærðs eigin fjár.

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Aðrar fjárskuldir	Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Bókfært verð
2025				
Eignarhlutir í öðrum félögum			77.661	77.661
Skuldabréfaeign		6.421.475		6.421.475
Viðskiptakröfur		4.830.173		4.830.173
Aðrar skammtímakröfur		244.266		244.266
Handbært fé		787.215		787.215
Samtals eignir	0	12.283.129	91.607	12.374.735

Vaxtaberandi skuldir	27.653.181			27.653.181
Viðskiptaskuldir	2.529.675			2.529.675
Aðrar skammtímaskuldir	1.041.612			1.041.612
Samtals skuldir	31.224.468	0	0	31.224.468

2024				
Eignarhlutir í öðrum félögum			79.906	79.906
Skuldabréfaeign		9.728.870		9.728.870
Viðskiptakröfur		3.925.305		3.925.305
Aðrar skammtímakröfur		411.240		411.240
Handbært fé		470.420		470.420
Samtals eignir	14.535.835		79.906	14.615.741

Vaxtaberandi skuldir	28.255.112			28.255.112
Viðskiptaskuldir	2.610.237			2.610.237
Aðrar skammtímaskuldir	1.030.820			1.030.820
Samtals skuldir	31.896.169	0	0	31.896.169

28. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Viðskipti við tengda aðila þ.m.t. íslenska ríkið og félög og stofnanir í eigu þess eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða.

29. Þóknun til endurskoðanda

Þóknanir til Deloitte vegna endurskoðunar námu 16,1 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 15,8 millj. kr.).

30. Fyrirtæki í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum greinast þannig:	Eignarhluti 2025	Eignarhluti 2024
Orkusalan ehf.	100,0%	100,0%
Rarik orkuþróun ehf.	100,0%	100,0%
Ljós- og gagnaleiðari ehf.	100,0%	100,0%

31. Atburðir eftir reikningsskiladag

Á árinu 2025 undirritaði Orkusalan ehf. samning um kaup á smásöluhluta af starfsemi Fallorku. Samhliða var gerður samningur um raforkukaup frá virkjunum félagsins. Kaupin voru tilkynnt Samkeppniseftirlitinu sem gerði ekki athugasemdir við viðskiptin. Viðskiptin fela í sér kaup á óefnislegri eign tengdri viðskiptasafni Fallorku og tengjast flutningi viðskiptavina og viðskiptasambanda til Orkusölunnar. Samningurinn tók gildi árið 2026 og hafa viðskiptin því ekki áhrif á ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

32. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

A. Grundvöllur samstæðu

A-I. Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að aðlaga þær að reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

A-II. Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

B. Erlendir gjaldmiðlar

B-I. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

C. Fjármálagerningar

C-I. Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki methir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst.

Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 32I) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Til fjáreigna og fjáskulda á gangvirði í gegnum rekstur teljast markaðsverðbréf og eignarhlutir í öðrum félögum.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

D. Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

E. Rekstrarfjármunir

E-I. Færsla og mat

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem samstæðan byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingar-tíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru færð á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar hækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetnu kostnaðarverði eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir viðkomandi eign færður á óráðstafað eigið fé.

E-II. Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

E-III. Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20–33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5–50 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

F. Óefnislegar eignir

F-I. Viðskiptasambönd

Keypt viðskiptasambönd eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum línulegum afskriftum og virðisrýrnun.

F-II. Hugbúnaður

Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum línulegum afskriftum og virðisrýrnun.

F-III. Vatnsréttindi

Vatnsréttindi eru færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

F-IV. Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Viðskiptasambönd	10 ár
Hugbúnaður	5–10 ár

G. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

H. Virðisrýrnun

H-I. Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið að teknu tilliti til væntrar þróunar efnahagslífsins.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

H-II. Aðrar eignir

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð á eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar. Virðisrýrnun umfram það er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

I. Hlunnindi starfsmanna

I-I. Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

J. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðan ber lagalega skyldu eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

Niðurrifskostnaður

Samstæðan hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Áætlunin byggist á mati sérfræðinga. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína samstæðunnar og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Breyting skuldbindingar vegna núvirðingar og verðtryggingar er færð meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

K. Tekjur

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og innheimtar mánaðarlega samkvæmt gildandi gjaldskrá. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Tekjumörk

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin eru út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Við ákvörðun tekjumarka er ekki litið til raunverulegra

fjármagnsliða. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæðum samstæðunnar, annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifbýli.

L. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

M. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða liðum færðum meðal annarra tekna og gjalda færðra á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

N. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur samstæðan mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfiráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort leigusamningur felur í sér yfiráð tiltekinnar eignar notar samstæðan skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16.

Samstæðan sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar samstæðan endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur samstæðan hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina, eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi, og að frádregnum leiguilvilnunum sem samstæðan hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til samstæðunnar í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að samstæðan muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ákvarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni samstæðunnar. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tiltækir, en annars notar samstæðan þá vexti sem hún fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar samstæðan vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Samstæðan ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar geta falið í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar;
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi;
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu; og
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar samstæðan telur nokkuð víst að hún muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef samstæðan er nokkuð viss um að hún muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema samstæðan sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati samstæðunnar á fjárhæð sem hún væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu ef við á, ef samstæðan breytir mati sínu á því hvort hún muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Samstæðan kýs að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um lágvirðiseignir og skammtímaleigusamninga, þar á meðal um tölvubúnað. Samstæðan gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

O. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í samstæðunni. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í samstæðunni, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

P. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfsþátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

Q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda fyrir fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2025 og heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð samstæðuársreikningsins.

A. IFRS 18 Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum

IFRS 18 mun koma í stað IAS 1 Framsetning reikningsskila og gildir fyrir ársreikninga fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar. Með nýja staðlinum eru settar fram nýjar lykilkjöfur:

- Félögum ber að flokka allar tekjur og gjöld í fimm flokka í rekstrarreikningi, þ.e. rekstur, fjárfestingar, fjármögnun, aflagða starfsemi og tekjuskatt. Félög þurfa jafnframt að birta rekstrarafkomu sem skilgreinda millisamtölu. Afkoma félaga mun ekki breytast.
- Afkomumælikvarðar sem skilgreindir eru af stjórnendum (e. MPM) eru settir fram í einni skýringu í reikningsskilunum.
- Auknar leiðbeiningar um flokkun upplýsinga í reikningsskilum eru veittar.

Því til viðbótar, ber nú að nota rekstrarafkomu sem upphafsjárhæð í sjóðstreymisyfirliti, þegar rekstrarhreyfingar eru settar fram með óbeinni aðferð.

Samstæðan er enn að meta áhrif nýja staðalsins, einkum með tilliti til framsetningar rekstrarreiknings samstæðunnar, sjóðstreymisyfirlits og viðbótarupplýsinga tengdum afkomumælikvörðum stjórnenda. Samstæðan er einnig að meta áhrifin af því hvernig upplýsingar eru flokkaðar í reikningsskilum, þar með talið vegna liða sem nú eru flokkaðir sem „annað“

B. Aðrir reikningsskilastaðlar

Ekki er búist við að eftirfarandi nýir og breyttir reikningsskilastaðlar hafi veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

- Flokkun og mat fjármálagerninga (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7); og
- Samningar um náttúruháða raforku (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7).

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Inngangur

Meginstarfsemi Rarik er rekstur dreifiveitu sem starfar skv. lögum nr. 65 frá 2003 og nær dreifiveitusvæðið til meginhluta landsins utan höfuðborgar-svæðisins, Vestfjarða, Árborgar, Vestmannaeyja og Reykjaness. Auk þess rekur Rarik fjórar jarðvarmaveitur; hitaveitu Búðardals, hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar, hitaveitu Siglufjarðar og hitaveitu Hafnar í Hornafirði og Nesja. Rarik gekk frá samningum í ársbyrjun 2025 um rekstur fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði og afhenti HEF veitum reksturinn frá og með 1. janúar 2025.

Rarik á þrjú dótturfélög. Orkusalan ehf. framleiðir og selur rafmagn, auk þess að þróa og byggja upp nýja framleiðslukosti innanlands. Rarik Orkuþróun ehf. hafði umsjón með erlendu verkefni sem var selt til samstarfsaðila á árinu 2022 og Ljós- og gagnaleiðari ehf. hefur umsjón með ljósleiðurum sem lagðir hafa verið með jarðstrengjum. Dótturfélögin eru alfarið í eigu Rarik.

Helstu lög sem gilda um starfsemi Rarik eru raforkulög nr. 65/2003, orkulög nr. 58/1967 og lög um hlutafélög nr. 2/1995.

Félagið hefur ekki hlotið dóma fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um starfsemina. Ekki er vitað um að nein atvik hafi átt sér stað í starfseminni sem snúa að mútum eða spillingu.

Stjórnarhættir

Stjórn Rarik hefur metnað fyrir því að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgir lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, samþykktum Rarik og „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út og tóku gildi 1. júlí 2021. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefnum leidbeiningar.is. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núgildandi starfsreglur stjórnar voru staðfestar af stjórn þann 2. maí 2025. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu Rarik.

Rarik ohf. starfrækir ekki tilnefningarnefnd. Þar sem félagið er að fullu í eigu íslenska ríkisins er stjórnarskipan í höndum hluthafa í samræmi við eigandastefnu ríkisins.

Áhættustýring og innra eftirlit

Hlutverk stjórnar samkvæmt starfsreglum er að setja markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum, auk þess að fylgja eftir settum markmiðum. Áhættustefna Rarik var síðast endurskoðuð í júlí 2025.

Innra eftirlit Rarik felur í sér skilgreiningu á rekstri, stjórnun og hlutverki fyrirtækisins, markmiðasetningu, upplýsingasöfnun og yfirferð þeirra upplýsinga sem verða til í kerfum fyrirtækisins um starfsemi þess, verklag og árangur samkvæmt settum markmiðum. Brugðist er við frávikum og fengin reynsla er nýtt í þróun og endurskilgreiningu starfseminnar. Stjórn félagsins gerði samning við KPMG um að annast innri endurskoðun 2024-2027.

Mánaðarlega fer stjórn yfir rekstraryfirlit og stöðu í fjárfestingum, þar sem frávik frá áætlunum eru yfirfarin og skýrð. Framkvæmdastjórn fundar að jafnaði vikulega en hlutverk hennar er m.a. að fara yfir öryggismál, rekstur fyrirtækisins, fjárhagsáætlanir, uppgjör og stöðu fjárfestinga.

Vísað er til skýringu nr. 27 vegna áhættustýringar.

Stjórnskipulag

Stjórnskipulag Rarik samanstendur af stjórn móðurfélags, stjórnnum þriggja dótturfélaga og framkvæmdastjórn móðurfélagsins. Starfsemi Rarik er skipt í þrjú kjarnasvið; veitukerfi, viðskiptaþjónustu og þróun og framtíð og þrjú stoðsvið; fjármál, viðskiptatækni og skilvirkni og mannauð og menningu, auk stjórnarhátta og sjálfbærni sem heyrir undir forstjóra og er grundvöllur annarra sviða. Þá hefur stjórn kosið endurskoðunarnefnd en fer sjálf með hlutverk starfskjaranefndar.

Fjallað er um samfélagslega ábyrgð og tengd málefni í viðaukanum ófjárhagsleg upplýsingagjöf og er vísað til þeirrar umfjöllunar.

Stjórn

Ingunn Agnes Kro, Reykjavík, formaður stjórnar, er fædd 1982 á Akureyri. Hún er með BA og MA próf í lögfræði, MBA próf og próf í verðbréfamiðlun. Ingunn var framkvæmdastjóri Jarðvarma slhf. frá 2020-2023. Áður var hún framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs Skeljungs, með ábyrgð á lögfræði-, markaðs-, kynningar- og mannauðsmálum. Þar áður yfirlögfræðingur og regluvörður félagsins. Ingunn situr í stjórnnum Sjóvár-Almennra trygginga hf., Iceland Seafood International hf., Freyju slhf., framtakssjóðs í umsjá Kviku eignastýringar, Miklatorgs hf., Sóltúns heilbrigðisþjónustu og Votlendissjóðsins. Hún var fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2023.

Þóra Gréta Þórisdóttir, Reykjavík, er fædd 1964. Hún er með Msc gráðu í stefnumiðaðri stjórnun frá Viðskiptafræðideild Háskóla Ísland og próf í verðbréfamiðlun. Þóra er framkvæmdastjóri fjármála og reksturs hjá Þjóðleikhúsinu (frá 2025) en var áður framkvæmdastjóri fjármála hjá Nóa Síriusi frá 2022 til 2025. Áður var hún framkvæmdastjóri fjármála hjá Coca-Cola Europacific Partners (CCEP), á Íslandi frá árinu 2012-2017 og fór í framhaldi af því (2018-2019) m.a. til CCEP í Svíþjóð í ákveðin sérverkefni en starfaði frá 2020-2022 sem fjármálastjóri CCEP í Svíþjóð. Þar áður var hún framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni hjá Plastprenti (2004-2011). Hún var fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2025.

Ari Jónsson, Hafnarfirði, er fæddur 1968 á Akureyri. Hann er með doktorsgráðu í tölvunarfræði frá Stanford háskóla, með áherslu á gervigreind, B.Sc. í stærðfræði og B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands og AMP stjórnendanám frá IESE háskóla. Að loknu doktorsnámi starfaði Ari sem vísindamaður hjá NASA fram til ársins 2007. Það ár gekk hann til liðs við Háskólann í Reykjavík og gegndi starfi rektors frá 2010 til 2021. Hann tók þá við stöðu framkvæmdastjóra hjá AwareGO en færði sig árið 2023 til Videntifier Technologies þar sem hann er framkvæmdastjóri í dag. Hann var fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2025.

Sverrir Jan Norðfjörð, Reykjavík, er fæddur 1976. Hann er með B.Sc. gráðu í rafmagns- og tölvufræði úr Háskóla Íslands, M.Sc. gráður úr Tækniskóla Danmerkur (DTU) og próf í verðbréfamiðlun. Sverrir starfar nú við rannsóknir og kennslu við HÍ. Hann var áður framkvæmdastjóri hjá Landsneti á árunum 2015-2024. Áður hefur hann gegnt ólíkum störfum víða í atvinnulífinu, sem deildarstjóri, verkefnastjóri, þróunarstjóri, ráðgjafi og sérfræðingur. Sverrir sat í stjórn félaganna Netorku hf., Orkufjarskipti hf., og er nú stjórnarformaður fasteignafélagsins LLM ehf. Hann hefur einnig komið að stjórnnum ýmissa innlendra og erlendra nefnda, þar á meðal skipaður formaður Raforkuspáhóps á vegum Orkumálstjóra. Hann var fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2025.

Sigrún Hallgrímsdóttir, Kópavogi, er fædd 1967. Hún er með MSc gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi. Sigrún starfar sem forstöðumaður reikningshalds hjá Íslandspósti (frá 2026) en var þar áður sjálfstætt starfandi fjármálaráðgjafi. Áður var hún fjármálastjóri hjá Mílu hf frá 2014-2024 og sem forstöðumaður hjá Mílu hf. frá 2008-2014. Árin 2007-2008 starfaði hún sem sérfræðingur á fjármálasviði samstæðu Kaupþings og árin 1998-2006 sem deildarstjóri hjá Símanum hf. Sigrún starfar í dag sem sjálfstætt starfandi fjármálaráðgjafi. Hún var fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2025.

Stjórn Rarik ohf. hélt 14 fundi á árinu 2025 og var mæting stjórnarmanna 100% á fundina. Stjórnin hefur metið hæfi sitt og teljast allir stjórnarmenn óháðir félaginu, stjórnendum þess og eiganda.

Stjórn mat störf sín á árinu. Einnig var óskað svara frá framkvæmdastjórn, til þess að fá viðari sýn á störf stjórnar. Helstu niðurstöður voru þær að stjórn var talin hafa góðan skilning á hlutverki og ábyrgð sinni, og á rekstri fyrirtækisins, starfsumhverfi, viðskiptamódeli, stefnu, markmiðum og áætlunum félagsins. Talið var að stjórn hefði næga þekkingu, reynslu, tíma og tæk á að sinna stjórnarstörfum. Samskipti við hagaðila, svo sem hluthafa, starfsfólk og birgja, voru talin formleg og gegnsæ. Starfs-áætlun lægi fyrir, sem og dagskrá funda, og fundargögnum, sem væru af fullnægjandi gæðum, væri almennt dreift tímanlega. Þá voru aðilar ánægðir með stjórnarfundina og samstarfið sín á milli og við lykil-stjórnendur. Ákveðin úrbótatakefæri voru greind og var þeim komið í farveg.

Jafnframt var lagt mat á störf forstjóra. Var það samdóma álit að forstjóri væri leiðtogi starfsmanna og virkjaði þá til skilvirkra og góðra starfa. Samstarf forstjóra og samstarfsmanna væri gott og að samskipti forstjóra við stjórn væru góð og árangursrík. Forstjóri styddi við og bætti störf stjórnar, m.a. með miðlun þekkingar á starfsemi og starfsumhverfi samstæðunnar og að upplýsingagjöf forstjóra til stjórnar væri góð, sem og annarra haghafa.

Framkvæmdastjórn og dótturfélög

Magnús Þór Ásmundsson er forstjóri Rarik. Hann er rafmagnsverkfræðingur að mennt, frá HÍ og DTU. Magnús Þór hóf störf hjá Rarik árið 2022. Áður hefur Magnús verið forstjóri Faxaflóahafna sf., forstjóri Alcoa Fjarðaáls og framkvæmdastjóri framleiðslu hjá Marel hf. Magnús hefur setið í stjórn Landsnets, stjórn HR, stjórn Tækniskólans og í stjórn Viðskiptaráðs. Hann er stjórnarformaður dótturfélaga Rarik; Orkusölnunnar ehf., Rarik Orkuþróunar ehf. og Ljós- og gagnaleiðara ehf. Magnús hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða fulltrúa eigenda Rarik.

Auk Magnúsar sitja í framkvæmdastjórn móðurfélagsins:

- **Egill Jónasson**, framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu.
- **Elísabet Ýr Sveinsdóttir**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.
- **Guðni Björgvin Guðnason**, framkvæmdastjóri viðskiptatækni og skilvirkni.
- **Helga Jóhannsdóttir**, framkvæmdastjóri veitukerfa.
- **Kristín Soffía Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri þróunar og framtíðar.
- **Sigrún Birna Björnsdóttir**, framkvæmdastjóri mannauðs og menningar.
- **Dr. Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir**, aðstoðarforstjóri.

Magnús Kristjánsson er forstjóri Orkusölnunnar ehf., sem er dótturfélag Rarik.

Í dótturfélagunum Rarik Orkuþróun ehf. og Ljós- og gagnaleiðara ehf. er ekki starfandi sérstakur framkvæmdastjóri.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Rarik var kosin af stjórn þann 10. apríl 2025 og í henni sitja:

- **Reynir Jónsson**, endurskoðandi, formaður.
- **Þóra Þórisdóttir**, stjórnarmaður í stjórn Rarik.
- **Sverrir Jan Norðfjörð**, stjórnarmaður í stjórn Rarik.

Endurskoðunarnefnd Rarik hefur sett sér starfsreglur sem samþykktar eru af stjórn Rarik. Starfsreglur endurskoðunarnefndar voru samþykktar af stjórn 31. október 2024 og eru þær aðgengilegar á vefsíðu Rarik. Nefndin starfar í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, lög nr. 3/2006. Nefndin hélt 6 fundi á árinu 2025, sem allir nefndarmenn mættu á. Auk þess átti nefndin fundi með stjórn Rarik og stjórn Orkusölnunnar.

Þær breytingar urðu á árinu að Orkusalan telst nú sem stórt félag, frá og með árinu 2025, og er gerð krafa um að félagið sé með endurskoðunarnefnd. Þar sem Orkusalan er dótturfélag Rarik var það staðfest að endurskoðunarnefnd Rarik muni sinna því hlutverki fyrir Orkusölnuna.

Endurskoðunarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir stjórn Rarik og upplýsir stjórn um störf sín að minnsta kosti tvisvar á ári. Starfsreglur nefndarinnar eru birtar á heimasíðu Rarik.

Starfskjaranefnd

Stjórn Rarik fer með hlutverk starfskjaranefndar og voru málefni þess efnis tekin fyrir á fundum í janúar og febrúar 2025. Starfskjarastefna er kynnt á aðalfundi félagsins og er aðgengileg á heimasíðu Rarik.

Inngangur

Yfirlit yfir ófjárhagslega upplýsingagjöf Rarik ohf. til samræmis við 66. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Lýsing á viðskiptalíkani Rarik ohf.

Tilgangur félagsins er að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og orkulaga nr. 58/1967 vegna hitaveitna, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sbr. lög nr. 25/2006 og 3. grein samþykktta fyrir Rarik.

Meginþungi starfseminnar felst í dreifingu raforku um eigið dreifikerfi til viðskiptavina, en auk þess rekur fyrirtækið jarðvarmaveitur í Búðardal, á Blönduósi og Skagaströnd, á Siglufirði og á Höfn í Hornafirði og Nesjum. Með tilkomu nýrra orkulaga var stofnað sérstakt dótturfélag, Orkusalan ehf., um framleiðslu og sölu raforku á vegum fyrirtækisins. Orkusalan ehf. tók til starfa í ársbyrjun 2007 og starfrækir sex virkjanir: Búðarár -, Grímsár -, Lagarfoss -, Rjúkanda -, Skeiðsfoss - og Smyrlabjargaárvirkjun.

Rarik Orkuþróun ehf, stofnað 2008, sá áður um þróun og uppbyggingu orkukerfa en engin starfsemi er í því félagi í dag. Ljós- og gagnaleiðari ehf., stofnað 2009, hefur umsjón með ljósleiðurum sem lagðir eru með jarðstrengjum.

Eignarhald og rekstrarform

Rarik samstæðan er eign ríkisins og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt opinbert hlutafélag. Fjármálaráðherra fer með eignarhlut í félaginu fyrir hönd ríkisins. Rarik hefur einkaleyfi á sölu raforkudreifingar á Íslandi að undanskildu höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Suðurnesjum, Vestmannaeyjum, Árborg og Vestfjörðum.

Lagaumhverfi

Helstu lög sem gilda um starfsemi Rarik eru raforkulög nr. 65/2003, orkulög nr. 58/1967 og lög um hlutafélög nr. 2/1995, með áorðnum breytingum. Starfsemi Orkusölnunnar heyrir undir ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005.

Tekjumörk dreifiveitna

Gjaldskrá móðurfélagsins Rarik, tekjur og rekstrarkostnaður eru undir eftirliti Orkustofnunar sem úthlutar tekjumörkum – heimiluðum tekjum (sbr. raforkulög nr. 65/2003). Tekjumörk eru hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði og eru sett til fimm ára en uppfærð árlega.

Loftslagstengd áhrif og áhættur

Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum leggja m.a. áherslu á orkuskipti í samgöngum á landi, láði og í lofti. Rarik gegnir lykilhlutverki í orkuskiptum á landsvísi, sem mótar langtímaáherslur í framkvæmdum og forgangsröðun verkefna.

Skipulag Rarik endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa í starfs- umhverfi fyrirtækisins og þær sem fyrirsjáanlegar eru til næstu framtíðar. Sérstakt svið, þróun og framtíð, sinnir þróun rekstrarumhverfis í tengslum við orkuskipti. Þar er megináherslan á orkuskipti í samgöngum og að

tryggja að þau geti orðið að veruleika á landsbyggðinni, meðal annars með greiningu á framtíðarfyrirkomulagi dreifikerfis með nýjum orkukostum og smávirkjunum, þar sem viðskiptavinir eru í auknum mæli bæði neytendur og framleiðendur raforku.

Helsta losun gróðurhúsalofttegunda fyrirtækisins stafar af reglubundinni starfsemi við þjónustu við kerfið, rekstur varaafis og orkuframleiðslu. Rarik hefur mótað aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til þess að lágmarka bein loftslagsáhrif starfseminnar.

Loftslagstengdri áhættu er jafnan skipt í tvennt: annars vegar raunlæg áhætta sem stafar af breytingum á veðurfari og náttúruhamförum og hins vegar umbreytingaráhætta sem tengist breytingum á regluverki, tækni, neytendahegðun o.fl. til að bregðast við afleiðingum raunlægrar áhættu. Rarik er með margþættar viðbragðsáætlanir við vá, auk þess sem stefna fyrirtækisins í fjárfestingum leggur áherslu á hagkvæma endurnýjun og uppbyggingu dreifikerfis að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Hlutverk og stefna

Hlutverk og kjarnastarfsemi

Rarik er veitufyrirtæki á sviði raforku og hitaveitu. Starfsemi Rarik myndar grunnforsendu búsetu og lífsgæða á starfssvæðum félagsins. Hlutverk fyrirtækisins er að auka verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina okkar með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri.

Framtíðarsýn

Við erum þekkingar- og þjónustufyrirtæki í fararbroddi sem starfar af ábyrgð og nýtir bestu fánlegu tækni með gagnkvæman hag að leiðarljósi.

Stefna

- Við erum öruggur og eftirsóknarverður vinnustaður.
- Við veitum aðgengilega og skilvirka þjónustu.
- Við tryggjum áreiðanlega afhendingu orku sem styður við orkuskipti og þróttmikið atvinnulíf.
- Við nýtum nýjustu tækni og nýsköpun til að auka skilvirkni í rekstri og lágmarka sóun.
- Við setjum umhverfi, samfélagsábyrgð og eflingu byggðar í forgang.

Gildi Rarik

Hugrekki: Við höfum hugrekki til að breyta rétt og horfum til framtíðar

Árangur: Við náum árangri með drifkrafti og öruggum rekstri.

Virðing: Við berum virðingu fyrir hvert öðru, viðskiptavinum og náttúrunni.

Hlutverk og stefna Orkusölnunnar

Hlutverk Orkusölnunnar snýr að framleiðslu, kaupum og sölu á sjálfbærri orku. Fyrirtækið þróar lausnir sem styðja orkuskipti og virkan markað. Jákvæð upplifun, traust og einfaldleiki einkenna þjónustu Orkusölnunnar.

Framtíðarsýn Orkusölnunnar

Orkusalan ætlar sér að verða leiðandi á markaði með því að tryggja landsmönnum framúrskarandi þjónustu og samkeppnishæf verð á raforkumarkaði með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

- Við tökum virkan þátt í orkuskiptum með framleiðslu á sjálfbærri orku og ábyrgri afstöðu gagnvart náttúru og samfélagi.
- Við erum leiðandi afl á virkum orkumarkaði, sem grundvallar þróun atvinnulífs og lífsgæða.
- Þekking, þróunarstarf og fjárfesting í tækni skapa nýja tekjustrauma og tryggja kraftmikinn vöxt og stöðu Orkusölnunnar til framtíðar.

Meginmarkmið Orkusölnunnar og grunnildi:

- Þjónusta og ánægja viðskiptavina — og gleði, gróska og áreiðanleiki einkenna ánægðan hóp starfsfólks.
- Aukin markaðshlutdeild í smásölu — með fjölgun viðskiptavina, aukinni orkuöflun og þjónustu.
- Tekju- og framlegðaraukning — með fjárfestingu í orkuvinnslu og nýrri tækni, nýir tekjustraumar og orkuinnkaup skila aukinni arðsemi.
- Aukning á uppsettu afli í orkuvinnslu — með nýrri tækni, aukningu í vatnsafli, þróun vindorku og betri nýtingu eldri virkjana.

- Forskot byggt á einstakri þekkingu — með þróun orku- og innviðalausna sem viðskiptavinir sækja í.
- Ábyrg afstaða í loftslagsmálum — með orkuöflun sem styður við orkuskipti í samgöngum og kolefnishlutlausum rekstri.
- Við komum Íslandi í stuð! — með nýjum lausnum og þjónustu sem byggir á öflugri viðskiptaþróun.

Gildi Orkusölnunnar eru **áreiðanleiki, gróska og gleði**.

Stjórnarhættir

Stjórnskipulag Rarik ohf. nær til allrar starfsemi fyrirtækisins og byggist á forsendum samstæðuskipulags. Aðalfundur kýs fimm menn í stjórn og tvo til vara. Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn Rarik samstæðunnar í umboði stjórnar.

Spillingar og mútumál

Starfsemi fyrirtækisins skal einkennast af fagmennsku og heiðarleika og að traust ríki milli fyrirtækisins, viðskiptavina, starfsfólks, stjórnvalda, eftirlitsstofnana, hluthafa og samfélagsins alls. Við störfum af heilindum og látum persónulega hagsmuni ekki hafa áhrif á störf okkar. Við tökum ekki þátt í meðferð mála er varða hagsmuni okkar sjálfra eða tengdra aðila og upplýsum stjórnendur um atriði sem kunna að valda hagsmunaaárekstrum.

Gerð er krafa um heilbrigða viðskiptahætti, löghlýðni og virðingu fyrir umhverfinu, bæði í öllu starfi innan fyrirtækisins og gagnvart samstarfsaðilum. Til staðar er skilgreint verklag við uppljóstrun starfsfólks um lögprot eða ámælisverða háttsemi til samræmis við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020 og gátt á innri vef fyrirtækisins fyrir ábendingar þessa efnis. Ekki hafa komið upp mál er varða spillingu eða mútur á árinu. Styrktarstefna Rarik kveður á um að fyrirtækið styrkir ekki verkefni á grundvelli persónulegra hagsmuna eða viðskiptatengsla né heldur rekstur fyrirtækja, trúfélaga, stjórnmalaflokka eða ferðalög einstaklinga.

Ákvæði um keðjuábyrgð eru í öllum útboðsgögnum Rarik og siðareglur birgja Rarik eru aðgengilegar á vefsíðu fyrirtækisins. Rarik gerir þá kröfu til birgja sem sjá fyrirtækinu fyrir vörum og þjónustu að þeir uppfylli þau grundvallarviðmið sem fram koma í siðareglunum og efni þeirra er í meginatriðum tiltekið í samningum Rarik við birgja.

Orkusalan tekur virkan þátt í samfélagsmálum og er stoltur styrktaraðili fjölmargra verkefna og viðburða um land allt. Úthlutun styrkja fer fram einu sinni á ári, og hægt er að sækja um á heimasíðu félagsins.

Persónuvernd

Markmið persónuverndarstefnu Rarik er að tryggja að meðhöndlun Rarik á persónuupplýsingum sé í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, sbr. ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Rarik heyrir undir ákvæði laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og hefur því skilaskyldu gagnvart Þjóðskjalasafni Íslands. Ekki hafa komið upp mál er varða brot á lögum um persónuvernd á árinu.

Sjálfbærni

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru samþætt og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og

umhverfislegu. Rarik hefur birt sjálfbærniyfirlit fyrirtækisins á vefsíðu þess frá árinu 2020. Í sjálfbærniyfirliti er horft til ESRS (European Sustainability Reporting Standards) við birtingu sjálfbærniupplýsinga auk GRI staðalsins (Global Reporting Initiative).

CSRD-tilskipunin (Corporate Sustainability Reporting Directive) um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja tók gildi innan ESB 2024. CSRD kemur í stað gildandi tilskipunar um birtingu sjálfbærniupplýsinga og kveður á um að félög sem uppfylla ákveðin skilyrði skili inn sjálfbærniupplýsingagjöf í ársreikningum í samræmi við viðeigandi sjálfbærniastaðla (ESRS). Á árinu 2024 vann Rarik að grunnvinnu sem tengist sjálfbærnityilskipuninni, þ.e. tvíþátta mikilvægisgreiningu sjálfbærniþátta þar sem lagt var mat á mikilvæg áhrif (e. impact materiality) og fjárhagslegt mikilvægi (e. financial materiality), auk þess sem unnin var greining á birtingu upplýsinga um umhverfis-, samfélags- og stjórnarhætti skv. viðeigandi sjálfbærni­stöðlum ESB (ESRS).

Helstu niðurstöður mikilvægisgreiningar Rarik fela í sér aukna áherslu á fjóra staðla af tólf: G1 Viðskiptahættir, E1 Loftslagsbreytingar, S1 Mannauður og S4 Viðskiptavinir.

Á árinu var jafnframt endurtekin greining á sjálfbærnimati Rarik. Matið felur í sér að sjálfbærni­staða fyrirtækisins er metin út frá áhættu, stjórnun og árangri, og gefur heildræna yfirsýn á því hvernig rekstraraðili stendur í sjálfbærni og hvar helstu tækifæri til úrbóta liggja.

Dótturfélag Rarik, Orkusalan, hefur unnið tvíþátta mikilvægisgreiningu í samræmi við þróun og auknar kröfur á sviði sjálfbærniupplýsinga, meðal annars samkvæmt Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD). Greiningin fól annars vegar í sér mat á áhrifum starfsemi félagsins á samfélag og umhverfi og hins vegar mat á því hvernig sjálfbærniþættir geta haft fjárhagsleg áhrif á rekstur, afkomu og framtíðarstöðu félagsins.

Greiningin byggði á viðtölum við helstu hagaðila félagsins, ásamt mati stjórnenda á stöðu Orkusölnunnar á sviði umhverfis-, félags- og stjórnarhátt­a (UFS). Með þeirri nálgun var leitast við að tryggja heildstæða og markvissa forgangsröðun sjálfbærniþátta í starfsemi félagsins. Engar breytingar voru gerðar á mikilvægisgreiningunni á árinu. Niðurstöður hennar verða lagðar til grundvallar í sjálfbærnistarfi Orkusölnunnar og munu nýtast við áframhaldandi innleiðingu og framtíðarskýrslugjöf í samræmi við kröfur CSRD, auk þess að styðja við stefnumótun og forgangsröðun á sviði sjálfbærnimála.

Greiningin leiddi í ljós að eftirtaldir fjórir staðlar voru metnir mikilvægastir: G1 Viðskiptahættir, E1 Loftslagsbreytingar, S1 Mannauður og S4 Viðskipta­vinir.

Orkusalan birtir jafnframt ófjárhagslegar upplýsingar, eða UFS-skýrslu, samkvæmt leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands. Með þeirri upplýsinga­gjöf veitir félagið skýra mynd af áherslum og stöðu þess á sviði umhverfis­hátt­a, félagslegra þátta og stjórnarhátt­a. Orkusalan leggur ríka áherslu á að starfa í sátt við samfélag og umhverfi og telur gagnsæja og aðgengilega upplýsingagjöf mikilvæga til að efla traust og samskipti við hagaðila. UFS skýrslu Orkusölnunnar má nálgast á heimasíðu félagsins www.orkusalan.is

Áhættustjórnun

Rarik fylgir formlegu ferli áhættustýringar til að draga fram og stýra fjárhagslegri og ófjárhagslegri áhættu fyrirtækisins með reglubundinni áhættugreiningu, vöktun og eftirfylgni. Fimm meginflokkar mynda kjarnann í Áhættustefnu Rarik: Stefnumótun, mannauður og starfs-umhverfi, starfsemi og rekstur veitukerfa, fjármál og rekstrarumhverfi, og upplýsingaöryggi. Jafnframt hafa verið sett lykilmarkmið um árangur í öllum flokkum áhættustýringar Rarik. Aðgerðaáætlun Rarik í loftslagsmálum fjallar um og fylgir eftir áhættupáttum og mótvægisáðgerðum í loftslagsmálum.

Orkusalan starfrækir kerfisbundið ferli áhættustjórnunar þar sem helstu áhættur í starfsemi félagsins eru skilgreindar, metnar og vaktaðar með reglubundnum hætti. Áhættustjórnun er samþætt stjórnkerfi félagsins og styður við ákvarðanatöku með það að markmiði að tryggja öruggan og stöðugan rekstur.

Ferlið var yfirfarið og uppfært á árinu með hliðsjón af breyttum aðstæðum og þeim atvikum sem komu upp í starfseminni. Sérstakt áhættumat var framkvæmt á sviði upplýsingaöryggis, sem og vegna framkvæmda við virkjanir. Með virkri áhættustjórnun leitast Orkusalan við að hafa skýra yfirsýn yfir helstu áhættuþætti, lágmarka hugsanlegt tjón og auka líkur á að markmiðum félagsins verði náð.

Helsta áhætta félagsins til framtíðar er framboð á heildsölumarkaði með raforku en félagið framleiðir sjálft eingöngu um fjórðung af þeirri raforku sem það selur. Félagið vinnur að því að minnka þá áhættu með því að auka eigin framleiðslu og hefur á undanförnum árum kannað fýsileika mögulegra virkjanakosta og er nú þegar með nokkur rannsóknarleyfi vegna þessa. Fjárhagur félagsins heldur áfram að vera sterkur og hafa breytingar á fjármálamörkuðum ekki veruleg áhrif á félagið þar sem það reiðir sig ekki á ytri fjármögnun.

Ytri áhrifaþættir á rekstur Rarik ohf.

Ytri áhrifaþættir höfðu ekki teljandi áhrif á rekstur Rarik á árinu 2025. Elds-umbrot á Reykjanesi hafa ekki haft áhrif á rekstur Rarik samstæðunnar. Rekstur fjarvarmaveitu á Seyðisfirði færðist yfir á HEF veitur í upphafi ársins 2025.

Félagslegir þættir

Mannréttindi

Mannréttindastefna Rarik kveður á um að Rarik styður og virðir mann-réttindi í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindaákvæði stjórnarskrár Íslands, auk alþjóðlegra sáttmála svo sem Barnasáttmála og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Gildi Rarik grundvallast á virðingu fyrir réttindum og reism starfsfólks og viðskiptavina sem og samfélagsins alls. Öll eru jöfn öðrum að virðingu og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Hvers konar ójöfnuður verður ekki liðinn í starfsemi fyrirtækisins, hvort sem er inná við eða útávið. Rarik tekur ekki þátt í mannréttindabrotum annarra. Mannréttindastefna Rarik er studd af siðareglum fyrirtækisins og birgjastefnu, auk jafnlauna- og jafnréttisstefnum, mannauðs- og öryggisstefnum, og reglum um samfélagslega ábyrgð.

Til staðar er skilgreint verklag um lögbrot eða ámælisverða háttsemi, auk jafnréttisáætlunar og viðbragðsáætlunar við einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Ekki hafa komið upp mál er varða brot á mannréttindum.

Mannauður

Starfsfólk Rarik er helsta auðlind fyrirtækisins. Stefna Rarik í mannauðs-málum byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti milli starfsfólks og fyrirtækis og markmiðið að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem býr yfir nauðsynlegri kunnáttu til að tryggja góða vöru og þjónustu. Mannauðsstefna Rarik, auk jafnréttisstefnu og jafnlaunastefnu eru aðgengilegar á vef fyrirtækisins. Tilgangur og markmið jafnréttis-stefnu Rarik er að styðja við og tryggja jöfn tækifæri óháð kyni, aldri, þjóðerni, fötlun eða öðrum þáttum. Markmið jafnréttisáætlunar er að Rarik sé eftirsóttur vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði kynjanna er virt og að konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá hafi jöfn tækifæri á öllum sviðum hjá fyrirtækinu. Rarik er með vottað jafnlaunakerfi skv. ÍST 85:2012. Jafnréttisstjórnunarkerfi Rarik og jafnréttisáætlun styður við 5. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna.

Störf skulu taka mið af þeim kröfum sem þau gera og laun skulu ákvörðuð óháð kyni. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við gildandi kjarasamninga og tryggi að sömu laun og sömu kjör séu fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Niðurstaða launagreiningar á grunnlaunum og heildarlaunum innan samanburðarhæfra starfaflokka skal sýna minna en 2,5% óútskýrðan kynbundinn launamun. Samkvæmt launagreiningu 2025 er kynbundinn launamunur grunnlauna 0,28% þar sem laun kvenna eru hærrí en laun karla. Kynbundinn launamunur heildarlauna mælist samkvæmt aðhvarfsgreiningu 1,57% þar sem laun kvenna eru lægri en laun karla.

Rarik leggur áherslu á að samskipti á vinnustaðnum einkennist af virðingu og að starfsfólki líði vel. Einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi verður ekki umborin í starfsumhverfi Rarik enda er slík hegðun, lögum samkvæmt, óheimil á vinnustöðum. Starfsfólk skal sýna samstarfsfólki, viðskiptavinum og öðrum sem koma að starfsemi fyrirtækisins virðingu og kurteisi í samskiptum. Jafnframt er meðvirkni fordæmd.

Rarik gerir reglulegar vinnustaðagreiningar á vísitölu starfsánægju og hvatningu, hollustu og tryggðar, auk sértækra greininga, með það að leiðarljósi að bera kennsl á það sem vel er gert og það sem betur má fara. Niðurstöðum slíkra mælinga er svo fylgt eftir með ýmsum hætti. Lágmarksviðmið Rarik um almenna starfsánægju og hvatningu er vísitalan 7,3, sem er markaðsvísitalan í þessum flokki. Könnun sem lögð var fyrir 2025 sýndi hækkan frá fyrra ári hvað varðar almenna starfsánægju og hvatningu, en hún mældist 7,8 fyrir árið 2025.

Markmið Rarik í öryggismálum er að draga úr alvarleika slysa og tryggja að allir starfsmenn skili sér heilir heim að loknum vinnudegi. Þetta er gert með reglulegri fræðslu, skýrum verkferlum og fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem áhættumati og öflugri öryggismenningu.

Á árinu voru tvö vinnuslys sem leiddu til fjarveru lengri en viku. Í samræmi við stefnu fyrirtækisins um stöðugar umbætur er úthlutað sérstöku fjármagni innan fjárfestingaáætlunar til forvirkra öryggisaðgerða. Með þessu er lögð aukin áhersla á sanngirnismenningu, opin samskipti og öfluga lærdómsmenningu sem styður við markmið Rarik um stöðugar úrbætur í öryggismálum.

Á árinu var stigið mikilvægt skref í mannauðsmálum með því að gefa út starfsmannahandbók Orkusölnunnar. Handbókin inniheldur helstu upplýsingar sem starfsfólk þarf að hafa aðgengi að og er mikilvægur hluti af því að efla nýliðafræðslu, skapa skýran ramma um starfsemi félagsins og tryggja samræmda og faglega nálgun í mannauðsmálum.

Jafnframt var innleitt nýtt rafrænt fræðslukerfi og í fyrsta sinn gefin út heildstæð fræðsluáætlun fyrir allt starfsfólk. Lögð var áhersla á fjölbreytta og aðgengilega fræðslu, bæði í formi rafrænnar fræðslu og staðbundinna námskeiða, með það að markmiði að styðja við starfsþróun, auka faglega þekkingu og efla hæfni starfsfólks á breiðum grunni.

Helgun starfsfólks var mæld á árinu og var niðurstaðan 4,35 af 5 mögulegum. Helstu styrkleikar Orkusölnunnar koma fram í ánægju starfsfólks, skýrri ábyrgð sterkum tengslum og trausti milli starfsfólks og stjórnenda, öflugri teymisvinnu. Helstu tækifæri til umbóta snúa að aukinni hvatningu og viðurkenningu fyrir vel unnin störf, markvissari stuðningi við starfsþróun og reglulegri samtölum um frammistöðu og þróun.

Umhverfi

Rarik ohf. er með umhverfis- og loftslagsstefnur sem aðgengilegar eru á vef fyrirtækisins. Stefna Rarik er að varúð skuli sýnd í allri umgengni þegar gengið er til verka og þess gætt að valda ekki spjöllum á náttúru landsins, mannvirkjum og sögulegum minjum. Verndun umhverfisins skuli ávallt höfð í fyrirrúmi við hönnun og mat á framkvæmdum og þjónustu á vegum fyrirtækisins og hönnun og framkvæmdir skulu miða að því að valda sem minnstri röskun á umhverfinu og lífríki þess. Umhverfisstjórnunarkerfi Rarik er skjalað til samræmis við ákvæði ISO 14000 staðalsins um umhverfisstjórnunarkerfi og er þar m.a. fjallað um áhættur og viðbrögð við frávikum.

Rarik ásamt öðrum veitufyrirtækjum innan Samorku samþykkti breytingar á útboðsskilmálum vegna jarðstrengja árið 2022 og felur nú einn af matsþáttunum á gæði tilboða í sér mat á upplýsingum um lífsferilsgreiningu vörunnar, EPD staðfestingu hennar (Environment Product Declaration), kolefnislosun þjóðanda og áætlun um samdrátt í kolefnislosun. Breytingarnar styðja við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu, sem tekur meðal annars til ábyrgra innkaupa.

Mengun

Helstu umhverfisáhrif af starfsemi Rarik felast í losun gróðurhúsalofttegunda og úrgangsmýndun, auk hættu á hugsanlegri mengun af völdum olíuleka. Markmið fyrirtækisins er að koma í veg fyrir umhverfisatvik af völdum starfsemi þess. Ekki urðu mengunarslys í starfsemi Rarik vegna olíuleka árið 2025.

Stuðlað er að mengunarvörnum fyrirtækisins með skýrum öryggis- og framkvæmdareglum við vinnu við dreifikerfi raforku og hitaveitna.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Markmið móðurfélags Rarik í loftslagsmálum er að kolefnislosun í umfangi 1 verði ekki meiri en 1.103 tCO₂ ígilda árið 2030. Markmiðið styður við 13. heims-markmið Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir í loftslagsmálum. Kolefnisspor Rarik er reiknað út samkvæmt skilgreiningu Greenhouse Gas Protocol og tengist það bæði beinni og óbeinni losun sem hlýst af starfsemiinni.

Móðurfélag Rarik keypti tæplega 740 þúsund lítra af jarðefnaeldsneyti á árinu 2025, sem er tæplega 600 þúsund lítrum minna en árið 2024. Mestu munar þar um að árið 2024 einkenndist meðal annars af skorti á skerðanlegri orku til fjarvarmaveitna sem leiddi af sér mikla aukningu í kaupum á olíu milli áranna 2023 og 2024 með tilheyrandi aukningu á losun hjá Rarik. Í kjölfar samnings um kaup á forgangsortu til fjarvarmaveitna var fjarvarmaveitan á Seyðisfirði afhent HEF veitum í upphafi árs 2025. Losun vegna fjarvarmaveitna hjá Rarik fór því úr 1.264 tonnum CO₂ ígilda árið 2024 í 0 tonn árið 2025. Einnig varð veruleg minnkun á losun vegna reksturs varaafis frá fyrra ári, úr 754 tonnum árið 2024 í 475 tonn CO₂ ígilda árið 2025 og losun vegna bifreiða og tækja fór úr 770 tCO₂ í 656 tonn. Ekki er skráður leki á SF6 gasi árið 2025. Heildarkolefnislosun í umfangi 1 árið 2025 dróst því verulega saman milli ára og fór úr 3.572 tonnum árið 2024 í 1.924 tonn CO₂ ígilda árið 2025.

Í innri orkuskiptaáætlun Rarik er gert ráð fyrir því að orkuskiptum á fólksbílum verði lokið 2026 og sendibílum árið 2027. Þessi áætlun er þó háð framboði á fjórhjóladrifnum sendibílum. Samhliða orkuskiptum í bíla- og tækjafloða fyrirtækisins hefur verið unnið markvissst að uppbyggingu

hleðslustöðva á starfsstöðvum fyrirtækisins. Í aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum er að finna aðgerð sem nefnist Full orkuskipti ríkisflota og samgönguþjónustu fyrir 2030 og felur hún í sér að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki klári orkuskipti í sínum flota fyrir árið 2030 þ.e. í flokki M1/N1 (fólksbílar og sendibílar). Rarik náði 38% áfanganum á árinu 2025.

Verið er að skoða ýmsar lausnir þegar kemur að varaafli, bæði föstu og færanlegu, og hefur meðal annars verið unnið að rannsóknum á möguleikum til nýtingar rafhlaðna og er sú vinna langt komin.

Losun móðurfélagsins í umfangi 3 jókst um 10% milli ára vegna aukningar á birgðaflutningi og á urðun á úrgangi.

Hlutverk Orkusölnunnar er framleiðsla og sala á 100% endurnýjanlegri orku. Orkusalan rekur sex vatnsaflsvirkjanir og framleiðir eingöngu rafmagn með vatnsafli. Losun gróðurhúsalofttegunda frá vatnsaflsframleiðslu er almennt lág í samanburði við aðra orkugjafa, sem styður við sjálfbærni og lágmarkun umhverfisáhrifa.

Á árinu setti Orkusalan sér formlega loftslags- og umhverfisstefnu sem markar skýra framtíðarsýn félagsins í loftslagsmálum. Í stefnunni er lögð áhersla á að hafa jákvæð áhrif á umhverfið með framleiðslu 100% endurnýjanlegrar raforku og virkri þátttöku í uppbyggingu hleðsluinnviða fyrir bifreiðar um land allt. Jafnframt skuldbindur félagið sig til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Orkusalan hefur sett sér það markmið að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2018. Aðgerðaáætlun sem fylgir stefnunni byggir á skýrum aðgerðum og mælikvörðum sem styðja við innleiðingu hennar og reglubundið eftirfylgni. Með því styður félagið við orkuskipti, sjálfbæra nýtingu auðlinda og kolefnishlutleysi til lengri tíma.

Kolefnisspor Orkusölnunnar er reiknað í samræmi við skilgreiningar Greenhouse Gas Protocol og tekur til bæði beinnar og óbeinnar losunar sem rekja má til starfsemi félagsins. Heildarlosun árið 2025 nam 53,2 tonnum CO₂. Bein losun stafar að stærstum hluta af kaupum á olíu fyrir bifreiðar og tæki í rekstri félagsins. Á árinu 2025 voru keyptir alls 4.296 lítrar af olíu, sem samsvarar um 10 tonnum af CO₂. Olíunotkun dróst saman milli ára um 16,3%, sem má rekja til kaupa félagsins á rafbílum. Hlutfall rafbíla í bílaflota félagsins er nú 71%.

Aðgerðaáætlun Rarik í loftslagsmálum

Stefna Rarik er að vera traust og samfélagslega ábyrgt fyrirtæki sem er til fyrirmyndar í umhverfismálum og hefur fyrirtækið sett sér markmið um að hafa helmingað kolefnisspor sitt í umfangi 1 árið 2030 miðað við 2019. Það sem út af stendur er kolefnisjafnað með kaupum á vottuðum kolefniseiningum. Aðgerðaáætlun Rarik í loftslagsmálum er rýnd og samþykkt af stjórn Rarik árlega og birt á vef fyrirtækisins og var fimmta útgáfa áætlunarinnar samþykkt um mitt ár 2025. Kolefnisspor fyrirtækisins í umfangi 1 árið 2024 var kolefnisjafnað árið 2025, ásamt kolefnisspori vegna sorps, flugs og bílaleigu starfsfólks. Kolefnisjöfnun var að fullu í vottuðum kolefniseiningum.

Upplýsingar um árangur aðgerða eru reglulega kynntar stjórn og framkvæmdastjórn, sem jafnframt samþykkja breytingar sem þarf til að áætlaður árangur náist.

Ófjárhagslegir frammistöðuvísar og lykilmælikvarðar

Markmiðasetning fyrirtækisins

Markmið fyrirtækisins eru bæði fjárhagsleg, sem og tengd gæðum þjónustunnar. Stjórn Rarik setur fyrirtækinu fjárhagsleg markmið sem fram koma í áætlanagerð Rarik, auk þess að samþykkja rekstraráætlun og fjárfestingaáætlun hvers árs. Fyrirtækið er jafnframt háð ákvæðum eftirlitsaðila um þjónustu og frammistöðu og hefur sett sér markmið um kennistærðir raforku, um spennugæði til samræmis við ákvæði þar um, sem og um orkumæla í notkun. Loks má nefna markmið og áætlanir jafnlaunakerfisins, markmið um kolefnishlutleysi Rarik og um flokkun úrgangs, auk markmiða um upplýsingaöryggi.

Frammistöðuvísar Rarik í loftslags- og umhverfismálum eru birtir á vef fyrirtækisins.

Upplýsingagjöf

Opinber birting skal byggja á réttum og skýrum upplýsingum til viðskiptavina um þjónustu fyrirtækisins, um leið og tryggð er greið og rekjanleg leið til að afgreiða fyrirspurnir og ábendingar um það sem betur má fara og fulls trúnaðar gætt um viðskiptahagsmunum. Viðskiptavinum er tryggður réttur til úrvinnslu kvartana í reglugerð nr. 1048/2004 og hefur Orkustofnun eftirlit með framkvæmd þeirrar úrvinnslu, ásamt því að vera úrskurðaraðili í ágreiningsmálum.

Úttektir og innra eftirlit

Hjá Rarik er unnið eftir stöðluðu verklagi til að tryggja öryggi, áreiðanleika og gæði þjónustunnar.

Áreiðanleikakönnunarferli

- **Öryggisstjórnun raforkuvirkja – öryggi mannvirkja, starfsfólks, almennings og umhverfis.** Öryggisstjórnun raforkuvirkja er skv. lögum nr. 146/1996 og reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009 með áorðnum breytingum. Öryggisstjórnun Rarik er árlega tekin út af skoðunarstofu skv. ákvæðum laga þar um.
- **Öryggisstjórnunarkerfi – dótturfélag Rarik ohf., Orkusalan, er vottað samkvæmt ISO 45001.** Vottunaraðili er BSI.
- **Áreiðanleiki veitumæla – öryggi viðskiptahátta og hagsmunir neytenda.** Mælifræðilegt eftirlit með orkumælum er skv. lögum nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglugerðum nr. 1061/2008 og nr. 1062/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforku- og vatnsmælum. Innra eftirlit með veitumælum er árlega tekið út af skoðunarstofu skv. ákvæðum laga þar um.
- **Raforkugæði – afhendingaröryggi og spennugæði.** Tekið er á afhendingaröryggi og spennugæðum hjá dreifiveitum í núverandi raforkulögum og í reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi. Stjórnun raforkugæða er reglulega tekin út af skoðunarstofu skv. ákvæðum laga þar um.
- **Jafnlaunavottun – jafnrétti.** Lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna kveða meðal annars á um vottun launakerfis samkvæmt ÍST 85:2012. Jafnlaunakerfi Rarik ohf., móðurfélagsins, Rarik, sem og dótturfélagsins, Orkusölunnar, eru tekin út árlega af vottunarstofum.
- **Upplýsingaöryggi – réttar og tiltækar upplýsingar.** Stjórnkerfi upplýsingaöryggis Rarik byggist á ISO 27001 staðlinum, auk þess að taka mið af lögum nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og reglugerð nr. 866/2020 um öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu. Rarik er vottað samkvæmt ISO/ IEC 27001:2017 stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi. Vottunaraðili er Crimson Security.
- **Sjálfbærni – samfélagsleg ábyrgð.** Óháð UFS sjálfbærnimat var unnið fyrir Rarik á árinu 2025 af greiningar- og matsfyrirtækinu Reitun.
- **Umhverfisstjórnun - dótturfélag Rarik ohf., Orkusalan, er vottað samkvæmt ISO 14001.** Vottunaraðili er BSI.

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt starfsreglum endurskoðunarnefndar Rarik, frá 4. júní 2024, leggur nefndin m.a. mat á eftirlitsumhverfi fyrirtækisins og hlítingu við lög og reglur, auk þess að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits Rarik, innri endurskoðun og áhættustýringu. Nefndin fundar reglulega og upplýsir stjórn Rarik a.m.k. árlega um störf sín. Árlega er jafnframt gerð innri endurskoðun hjá Rarik skv. alþjóðlegum stöðlum IIA, alþjóðasamtaka innri endurskoðenda.

Uppgjör samkvæmt Flokkunarreglugerð

Rarik birtir nú í þriðja sinn upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi í samræmi við Flokkunarreglugerð ESB sem tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023. Markmið reglugerðarinnar er að meta með samræmdum umhverfis- og loftslagsviðmiðum hvaða starfsemi teljist sjálfbær. Reglugerðin er í mótun og mun taka breytingum, því þarf að hafa það í huga við samanburð á milli ára. Rarik leggur mat á og birtir upplýsingar samkvæmt 8. grein reglugerðarinnar.

Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (e. eligible)

Lagt hefur verið mat á hvaða starfsemi er gjaldgeng (e. eligible) og fellur undir gildissvið reglugerðarinnar og farið yfir stöðu Rarik gagnvart skilgreiningum reglugerðarinnar á umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi. Niðurstöður greiningarinnar draga fram mikilvægi fyrirtækisins við að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Starfsemi Rarik stuðlar verulega að fyrsta umhverfismarkmiði 9. greinar reglugerðarinnar: a) mildun loftslagsbreytinga og veldur ekki tjóni á öðrum markmiðum hennar.

Gjaldgeng starfsemi samstæðunnar skv. reglugerðinni er rekstur dreifikerfis raforku, rekstur hitaveitna og raforkuframleiðsla dótturfélagsins, Orkusölunnar, með vatnsafla. Rarik er meðvitað um að starfsemin í hitaveitu getur fallið undir tvo gjaldgenga flokka samkvæmt skilgreiningum; annars vegar dreifingu fjarhitunar/-kælingar og hins vegar framleiðslu á varma/ kælingu með notkun jarðvarmaorku. Rarik skráir gjaldgengi sitt undir flokknum dreifing fjarhitunar/- kælingar. Þetta er gert með fyrirvara um frekari endurskoðun á flokkun starfseminnar í samræmi við kröfur flokkunarkerfis ESB. Öll starfsemi samstæðunnar er á Íslandi.

Raforkudreifing	Rekstur hitaveitna	Raforkuframleiðsla með vatnsaflí
D35.15 <p>4.9 Flutningur og dreifing á raforku</p>	D35.30 <p>4.15 Dreifing fjarhitunar/kælingar</p>	D35.11–Dótturfélag samstæðunnar <p>4.5 Raforkuframleiðsla úr vatnsorku</p>
Lýsing: Uppbygging og rekstur dreifikerfa sem flytja raforku um háspennu-, meðalspennu- og lágs pennudreifikerfi.	Lýsing: Bygging, endurnýjun og starfræksla leiðslna og tilheyrandi grunnvirkja fyrir dreifingu hitunar og kælingar sem endar við aðveitustöð eða varmaskipti.	Lýsing: Bygging eða rekstur raforkuvinnslustöðva sem framleiða raforku úr vatnsorku.
Mildun loftslagsbreytinga <p>Verulegt framlag</p>	Mildun loftslagsbreytinga <p>Verulegt framlag</p>	Mildun loftslagsbreytinga <p>Verulegt framlag</p>
c. Meðallosunarstuðull fyrir dreifikerfið, reiknaður út sem árleg heildarlosun frá orkuframleiðslu sem tengist kerfinu, deilt með hreinni árlegri heildarraforku-framleiðslu í því kerfi, er undir viðmiðunar-gildinu 100gCO ₂ e/kWh, mælt á grundvelli vistferils í samræmi við raforkuframleiðslu-viðmiðanir, yfir samfellt fimm ára tímabil.	a. Að því er varðar byggingu og rekstur leiðslna og tilheyrandi grunnvirkja fyrir dreifingu hitunar og kælingar uppfylli kerfið skilgreininguna á skilvirkum fjarhitunar- og fjarkælikerfum sem mælt er fyrir um í 4.1. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.	a. Raforkuframleiðslan er rennslisstöð (e. run-of-river-plant) og er ekki með tilbúið uppistöðulón.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
7. Sjálfbær orka <p>9. Nýsköpun og uppbygging</p> <p>11. Sjálfbærar borgir og samfélög</p> <p>13. Aðgerðir í loftslagsmálum</p>	7. Sjálfbær orka <p>9. Nýsköpun og uppbygging</p> <p>11. Sjálfbærar borgir og samfélög</p> <p>12. Ábyrg neysla og framleiðsla</p> <p>13. Aðgerðir í loftslagsmálum</p>	7. Sjálfbær orka <p>9. Nýsköpun og uppbygging</p> <p>13. Aðgerðir í loftslagsmálum</p>

Rarik rekur stærsta raforkudreifikerfi á Íslandi og er um 90% af dreifikerfi raforku í sveitum landsins í umsjón Rarik. Raforkan sem Rarik dreifir er frá raforkuframleiðendum á Íslandi. Umhverfisstofnun reiknar út losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu á raforku á Íslandi og gefur út losunarstuðul fyrir hvert ár. Meðallosun fyrir 5 ára tímabil er 6,4 gCO₂íg/kWst samkvæmt útgefnum losunarstuðlum UST (Losunarstuðlar 7. útgáfa 2025. Umhverfisstofnun) sem er vel undir 100 gCO₂íg/kWst viðmiðinu.

Rarik í Reykjavík

Kröfur til byggingar og reksturs hitaveituæða og tengdra innviða vegna hitaveitna fela í sér að kerfið uppfylli kröfur um skilvirkni, þ.e. hitaveitu sem notar a.m.k. 50% endurnýjanlega orku o.s.frv. Hitaveitur Rarik nota 100% endurnýjanlega orku.

Fjórar virkjanir Orkusölnunnar eru rennslisstöðvar og eru ekki með tilbúið uppistöðulón: Búðarárvirkjun, Grímsárvirkjun, Lagarfossvirkjun og Rjúkandavirkjun og falla því undir kröfur um verulegt framlag.

Að valda ekki umtalsverðu tjóni

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Unnið hefur verið mat á loftslagstengdri áhættu gagnvart dreifikerfi rafmagns, rekstri og dreifikerfi hitaveitna og orkuframleiðslu Orkusölnunnar. Meginaðgerðir felast í styrkingu raforkudreifikerfisins og strengvæðingu þess og er þess jafnan gætt að framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á fólk, náttúru, menningararf eða önnur viðmið. Jafnframt hefur samstæðan gert viðbragðsáætlanir við helstu náttúruhamförum svo sem eldsumbrotum, öskufalli, jarðskjálftum, flóðum og óveðri og er með starfandi neyðarstjórn.

Sjálfbær notkun og verndun vatns og sjávarauðlinda

Eftirlit Rarik með vatnsbúskapi hitaveitna á vinnslusvæðum er ítarlegt, bæði er fylgst reglulega með niðurdráttarmælingum ásamt að árlega er framkvæmt vinnslueftirlit af ÍSOR þar sem efnasamsetning vatnsins er skoðuð, en breytingar þar geta gefið vísbendingar um breytingar á vatnsforðanum.

Rarik

Rarik er með ítarlega viðhaldsáætlun vegna hitaveitna þar sem tekið er á langtíma- og skammtímaviðhaldi ásamt að vera með reglubundna lekaleit með hitamyndun dróna sem getur sýnt hvar mögulegir lekar eru og þá brugðist við því á viðeigandi hátt. Rarik fylgist vel með vatnsforða á sínum vinnslusvæðum með reglulegum niðurdráttarmælingum þar sem hæð vatnsborðs er mæld reglulega og skráð í öruggt tölvukerfi. Vinnsla vatns úr forðageymi endurspeglar vatnsþörf á hverjum tíma, er því engin umframvinnsla og óþarfa sóun.

Rarik

Starfsemi Orkusölnunnar er í samræmi við ákvæði í tilskipun 2000/60/EB, þar með talið þær kröfur sem mælt er fyrir um í 4. grein tilskipunarinnar. Orkusalan tryggir lágmarksrennslí á ánni fyrir neðan virkjun þar sem eru mikilvægir stofnar af bleikju og laxi. Stíflumannvirki eru vandlega hönnuð og vel er fylgst með þeim til að lágmarka hættu á stíflurofi sem gæti leitt til tjóns á lífríki, gróðri og dýralífi. Orkusalan í samvinnu við Veðurstofu Íslands hefur sett upp vatnshæðarmæla til að fylgja vatnsstöðu og áætluðu rennslí. Farið er að ákvæðum virkjanaleyfa og eftirlitsaðila í hvívetna.

Rarik

Þetta er ekki tæknilegt matsviðmið fyrir raforkudreifikerfi samkvæmt flokkunarreglugerðinni.

Rarik

Umskipti í hringrásarhagkerfi

Í starfsemi Rarik er tekið tillit til hagkvæmrar notkunar aðfanga, endurnýtingar efnis og tækjabúnaðar og ábyrgrar förgunar á úrgangi. Efni sem til fellur hjá fyrirtækinu er komið í farveg til endurnýtingar eða -vinnslu. Unnið er markvisst að því að draga úr úrgangi sem fer til urðunar og eru leiðbeiningar um flokkun úrgangs á hverri starfsstöð. Árið 2025 var 98% sorps sem til féll í starfsemi Rarik flokkað. Markmið Rarik í úrgangsmálum styður við 12. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga neyslu og framleiðslu og markmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Rarik

Þetta er ekki tæknilegt matsviðmið fyrir hitaveitur og vatnsafl samkvæmt flokkunarreglugerðinni.

Mengunarvarnir og eftirlit með mengun

Háspennt raforkudreifikerfi Rarik er rúmlega 10.000 km. Ekki er verið að reisa nýjar loftlínur hjá fyrirtækinu. Markmiðið er að ljúka strengvæðingu kerfisins árið 2030 og hefur nú þegar rúmlega 84% háspennukerfisins verið strengvætt. Rarik fylgir þeim meginreglum sem settar eru fram í

IFC-leiðbeiningunum og speglar þær m.a. í eigin öryggis- og framkvæmda-reglum. Jafnframt virðir fyrirtækið þau meginviðmið sem sett hafa verið til að draga úr hugsanlegum áhrifum rafsegulmengunar og tekur hönnun og rekstur kerfa Rarik mið af þeim. PCB er ekki notað í kerfum Rarik. Rarik kaupir eingöngu besta fánlega búnaðinn hverju sinni og velur hann út frá bestu nýtni, til dæmis eru dælur hitaveitna valdar og skilyrtar frá nýtnikúrfum í samráði við birgja sem eru sérfræðingar á sviðinu.

Þetta er ekki tæknilegt matsviðmið fyrir hitaveitur og vatnsafl samkvæmt flokkunarreglugerðinni.

Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Rarik ohf. fer eftir lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021 sem og öllum lögum er varða leyfisöflun á framkvæmdasvæðum. Ekki er matsskylda á verkefnum félagsins, en í sumum tilfellum geta þau verið tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sinnt rannsóknum fyrir hönd Orkusölnunnar á láglendum svæðum við Lagarfljót, ofan við Lagarfoss. Rannsóknirnar hófust árið 1975 og hafa því staðið í tæp 50 ár. Þær voru í fyrstu unnar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins en hin síðari ár fyrir Orkusöluna ohf. Megintilgangur þeirra var í upphafi að kanna áhrif Lagarfossvirkjunar á gróður við fljótið og síðar á landbrot úr bökkum. Einnig að varpa ljósi á tengsl vatnsborðs í fljótinu við grunnvatnsstöðu í jarðvegi og að skýra áhrif breyttrar beitar á gróður. Þegar Kárahnjúkavirkjun var tekin í notkun í nóvember 2007 breyttust enn aðstæður við Lagarfljót og miða rannsóknirnar eftir það einnig að því að meta áhrif þeirrar virkjunar á framangreinda þætti.

Lágmarks verndarráðstafanir

Rarik ohf. fer eftir lögum sem gilda um mannréttindi og vinnumál eins og lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Móðurfélag Rarik fellur auk þess undir lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara.

Félagið er með skjalfest verklag til að stýra eftirfarandi málaflokkum: Öryggismál, jafnlaunavottun, EKKO-teymi, persónuvernd, stefnur um skattamál og um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, auk verklags um vernd uppljóstrara og hefur sett sér siðareglur sem snúa bæði að fyrirtækinu sem og siðareglur fyrir birgja.

Starfsemi móðurfélags Rarik er sérleyfisstarfsemi sem fellur ekki undir samkeppnislög, en fyrirtækið gætir að ákvæðum samkeppnislaga í umsýslu sinni. Gjaldskrá fyrirtækisins er opinber og byggir á tekjuheimildum samkvæmt þeim tekjumörkum sem fyrirtækinu eru sett. Starfsemi Orkusölnunnar fellur undir samkeppnislög og starfsmenn fá fræðslu um þær skuldbindingar sem það felur í sér. Unnið er að því að auka þátt samkeppnismála í áhættuvitund fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur ekki gerst brotlegt við lög vegna mannréttindamála, spillingar og mútubægni, samkeppnismála eða skattamála.

Lykilmælikvarðar

Gefin hefur verið út framseld reglugerð (ESB 2021/2178) sem skýrir reglur varðandi útreikning á lykilmælikvörðum flokkunarreglugerðarinnar. Hlutfall

veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda er reiknað í samræmi við 8. grein framseldu reglugerðarinnar. Hafa ber í huga að reiknireglur sem koma fram í reglugerðinni gætu tekið breytingum og gætu því haft áhrif á útreikninga í framtíðinni.

Reglugerðin kveður á um að fyrirtæki greini og dragi fram veltu, fjárfestingarútgjöld og rekstrarkostnað sem tengist gjaldgengri starfsemi með beinum hætti og eru niðurstöðurnar birtar í þessum reikningi.

Til viðbótar birtir félagið upplýsingar um starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas í samræmi við 6. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar ESB 2021/2178. Þar sem félagið er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar ekki taldir fram.

Velta

Heildarvelta fyrir árið 2025, eins og hún kemur fram í reikningi þessum, flokkast sem 76% gjaldgeng starfsemi, Rarik flokkast 98% og Orkusalan 29% gjaldgeng. Sjá frekari hlutföll í töflu: Flokkunarreglugerð ESB–Velta.

Fjárfestingagjöld

Fjárfestingagjöld samkvæmt 8. grein reglugerðarinnar eru þau gjöld sem stafa af efnislegri og óefnislegri eign á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Heildar fjárfestingargjöld sem við tengjum við gjaldgenga starfsemi nema 91% í samræmi við skýringar 12 og 13. Sjá frekari hlutföll í töflu: Flokkunarreglugerð ESB – Fjárfestingagjöld.

Rekstrargjöld

Reglugerðin flokkar rekstrargjöld þrengra en gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi, undir rekstrargjöld fellur beinn kostnaður sem er ekki færður til eignar, sem varðar þróun og rannsóknir, ráðstafanir vegna endurnýjunar bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins. Rekstrargjöld flokkast 83% sem gjaldgeng starfsemi. Sjá frekari hlutföll í töflu: Flokkunarreglugerð ESB – Rekstrargjöld.

Lína	Svar	
Starfsemi sem tengist kjarnorku		
1	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna rannsókna, þróunar, sýniverkefna og uppbyggingar á nýjungum í raforkuframléiðslustöðvum sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.	NEI
2	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar og öruggs reksturs nýrra kjarnorkuvirkja fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu, ásamt öryggisuppfærslum á þeim með notkun bestu aðgengilegu tækni.	NEI
3	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna öruggs reksturs kjarnorkuvirkja í rekstri sem framleiða raforku eða vinna varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu úr kjarnorku, ásamt öryggisuppfærslum.	NEI
Starfsemi sem tengist jarðgasi		
4	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar eða reksturs raforkuframléiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	NEI
5	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar, endurnýjunar og reksturs samþættra varma-/kæli- og orkuframléiðslustöðva með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	NEI
6	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna byggingar, endurnýjunar og reksturs varmaframléiðslustöðva sem framleiða varma/kæla með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	NEI

Umhverfi

Umhverfi	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyt. frá 2024	GRI
E1-1	Aðgerðir til að draga úr loftslagsáhrifum								
E1-1 - E1-3	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	já	já	Engin 102-1, 102-2
E1-2	Stefnur til að draga úr loftslagsáhrifum								
E1-2	Formleg umhverfis- og loftslagsstefna	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	já	já	Engin 102-1, 102-2
E1-3	Aðgerðir og fjárfestingar tengdar loftslagsstefnu								
E1-3	Heildarfjármagn sem fjárfest er í loftslagstengdum innviðum	Mkr.	2.580	2.564	3.012	3.019	4.450	4.538	2% 102-2
E1-3	Uppsett afl í dreifikerfum Rarik	MVA	3.580	3.651	3.667	3.748	3.860	3.949	2% 102-2
E1-3	Strengvæðingarhlutfall, móðurfélag	%	69%	72%	74%	77%	80%	84%	4% 102-2
E1-3	Hlutfall rafbíla, móðurfélag 1)	%	2%	2%	2%	17%	31%	38%	7% 102-2
E1-3	Hlutfall rafbíla, Orkusalan	%				57%	57%	71%	14% 102-2
E1-4	Markmið og mælikvarðar loftslagsstefnu								
E1-4	Hlutfallsleg minnkun GHG m.v. viðmiðunarár, Umfang 1, móðurfélag Rarik 2)	%	-24%	-13%	-10%	-28%	28%	-31%	-59% 102-4
E1-4	Bein losun á dreifða kílóvattstund, móðurfélag 3)	gCO ₂ íg	1,0	1,4	0,8	0,9	1,3	0,9	-31% 102-8
E1-4	Losunarkræfni varaafis v/dreifikerfis á dreifða raforku	gCO ₂ íg	0,19	0,13	0,07	0,14	0,43	0,20	-54% 102-8
E1-4	Losunarkræfni fólksbíla Rarik	gCO ₂ íg/km		131	129	135	29	13	-56% 102-8
E1-4	Losunarkræfni bíla í flokki M1N1 Rarik	gCO ₂ íg/km					145	144	-0% 102-8
E1-4	Heildarlosun á framleidda kílóvattstund, Orkusalan	gCO ₂ íg	0,11	0,08	0,2	0,25	0,18	0,19	6% 102-8
E1-5	Orkunotkun								
E1-5	Bein orkunotkun: Jarðefnaeldsneyti, móðurfélag	MWst	8.285	9.115	9.577	7.467	13.423	7.553	-44% 103-1
E1-5	Jarðefnaeldsneyti, Orkusalan	MWst			69,6	58,8	48,4	43	-11% 103-1
E1-5	Óbein orkunotkun: raforkunotkun móðurfélags	MWst	139.904	101.931	104.148	112.131	107.117	94.433	-12% 103-1
E1-5	Óbein orkunotkun: heitavatnsnotkun, móðurfélag 4)	MWst	2.279	2.085	2.480	2.708	2.826	2.425	-14% 103-1
E1-5	Óbein orkunotkun: raforku/hitanotkun Orkusalan	MWst			1.000	1.185	1.018	930	-9% 103-1
E1-5	Aðkeypt raforka á dreifða raforku, móðurfélag	kWst	0,12	0,08	0,08	0,08	0,09	0,07	-18% 103-3
E1-5	Heildarorkunotkun miðað við stöðugildi, Orkusalan	MWst			42,8	45,5	34,4	31,9	-7% 103-3
E1-5	Samsetning orku								
E1-5	Endurnýjanleg orka (raforka og heitt vatn) móðurfélag	%	94%	92%	92%	94%	89%	93%	4% 103-2
E1-5	Jarðefnaeldsneyti, móðurfélag	%	6%	8%	8%	6%	11%	7%	-4% 103-2
E1-5	Endurnýjanleg orka, Orkusalan	%			93%	95%	95%	95%	0% 103-2
E1-5	Jarðefnaeldsneyti, Orkusalan	%			7%	5%	5%	5%	0% 103-2
E1-5	Orkukræfni á tekjur móðurfélags 5)	kWst/ mLSK			8.800	8.081	7.376	5.413	-27% 103-3
E1-6	Losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1, 2 og 3								
E1-6	Umfang 1, móðurfélag Rarik	tCO ₂ íg	2.118	2.427	2.520	2.003	3.572	1.924	-46% 102-5
E1-6	Umfang 1, Orkusalan	tCO ₂ íg	28	31	19,7	16,9	13,9	10,3	-26% 102-5
E1-6	Umfang 2, markaðstengd losun, móðurfélag Rarik 6)	tCO ₂ íg	203	637	678	717	775	0	-100% 102-6
E1-6	Umfang 2, staðbundin losun móðurfélag Rarik	tCO ₂ íg					915	605	-34% 102-6
E1-6	Umfang 2, Orkusalan	tCO ₂ íg			2,6	5,8	4,1	3	-27% 102-6
E1-6	Umfang 3, móðurfélag Rarik 7)	tCO ₂ íg	92	65	76	90	83	91	10% 102-7
E1-6	Umfang 3, Orkusalan	tCO ₂ íg			13	44,8	30,35	39,9	31% 102-7
E1-6	Losun per starfsmann, Orkusalan	tCO ₂ íg/ársverk			1,4	2,5	1,56	1,74	12% 102-8
E1-6	Losun umfangs 1 á tekjur, móðurfélag	kgCO ₂ íg/mLSK			191	132	214	100	-53% 102-8

Umhverfi, frh.:

Umhverfi	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyt. frá 2024	GRI	
E1-7	Kolefnisbinding með vottuðum kolefniseiningum									
E1-7	Kaup á vottuðum kolefniseiningum, móðurfélag	fj VER* tonn	2412	2492	2596	2094	3653	2010	-45%	102-9
E1-7	Eigin kolefnisbinding, Orkusalan	tCO ₂ ig				122	122	122	Engin	
E2	Mengun									
E2-1, 2-2, 2-3	Stefna, verkferlar og markmið varðandi mengun	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	já	Engin	3-3
E2-4	Olíumengun	Lítrar	-	0	0	0	0	0	Engin	306-3
E2-4	SF6 leki	Kíló	0	4	3	4	0	0	Engin	306-3
E3	Vatnsnotkun									
E3-4	Heildarvinnsla úr holum hitaveitna, móðurfélag	m ³	2.310.010	3.110.282	3.322.294	3.295.262	3.358.179	3.177.646	-5%	303-5
E3-4	Vatnsnotkun, kalt vatn, móðurfélag 8)	m ³			20.905	23.175	28.530	27.597	-3%	303-5
E3-4	Vatnsnotkun, heitt vatn, móðurfélag	m ³	53.182	48.484	56.171	58.195	61.029	53.217	-13%	303-5
E3-4	Heildarvatnsnotkun, móðurfélag	m ³			3.399.370	3.376.633	3.447.738	3.258.459	-5%	303-5
E3-4	Heildarvatnsnotkun, Orkusalan	m ³			10.705	11.552	7.606	4.403	-42%	303-5
E3-4	Vatnskræfni, notkun á móti tekjum, móðurfélag	m ³ /mISK			257	223	206	169	-18%	
E4	Líffræðilegur fjölbreytileiki									
E4-2	Stefnur, verkferlar og markmið tengd líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	já	Engin	3-3
E5	Auðlindir og hringrásarhagkerfi									
E5-1, 5-2, 5-3	Stefnur, verkferlar og markmið tengd notkun á auðlindum og hringrásarhagkerfinu	Já/Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	já	Engin	3-3
E5-5	Flokkun og nýting úrgangs									
E5-5	Heildarmagn úrgangs, móðurfélag	tonn	879	879	1.038	982	1.047	1.183	13%	306-3
E5-5	Endurvinnsla, móðurfélag	tonn	808	834	1.011	951	1.025	1.154	13%	306-4
E5-5	Brennsla til orkuvinnslu, móðurfélag	tonn	5	5	3	13	12	7	-43%	306-4
E5-5	Urðun, móðurfélag	tonn	67	41	23	18	10	22	118%	306-5
E5-5	Heildarmagn óflokkaðs úrgangs, móðurfélag	tonn	71	45	27	31	22	29	31%	306-5
E5-5	Heildarhlutfall af óflokkuðum úrgangi, móðurfélag	%	8%	5%	3%	3%	2%	2%	0%	306-4
E5-5	Heildarmagn úrgangs, Orkusalan	tonn				3,3	14,8	3,3	-78%	306-3
E5-5	Endurvinnsla, Orkusalan	tonn				1,0	0,8	0,5	-38%	306-4
E5-5	Brennsla til orkuvinnslu, Orkusalan	tonn				0,9	1,0	1,2	19%	306-4
E5-5	Urðun, Orkusalan	tonn				1,5	13,0	1,6	-87%	306-5
E5-5	Heildarmagn óflokkaðs úrgangs, Orkusalan	tonn				2,3	14,0	2,8	-80%	306-5
E5-5	Heildarhlutfall af óflokkuðum úrgangi, Orkusalan	%				71%	95%	85%	-10%	306-4

Félagslegir þættir

Félagslegir þættir		Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyt. frá 2024	GRI
S1	Eigin mannauður									
S1-1, 1-2, 1-3	Stefnur, verkferlar og markmið tengd mannauði, jafnrétti, starfsmannasamtölum og EKKO	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	3-3, 2-29
S1-6	Kynjafjölbreytni									
S1-6	Starfsfólk - Konur - móðurfélag	%	19%	19%	19%	20%	19%	20%	1%	2-7
	Starfsfólk - Karlar - móðurfélag	%	81%	81%	81%	80%	81%	80%	-1%	
S1-6	Starfsfólk - Konur - Orkusalan	%		44%	44%	45%	48%	45%	-3%	2-7
	Starfsfólk - Karlar - Orkusalan	%		56%	56%	55%	52%	55%	3%	
S1-6	Starfsmannavelta									
S1-6	Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi, móðurfélag	%	11%	6%	6%	8%	9%	12%	3%	401-1b
S1-6	Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi, Orkusalan	%			16%	11%	16%	3%	-13%	401-1b
S1-6	Hlutfall tímabundinna starfskrafta									
S1-6	Hlutfall starfsfólks í hlutastarfi, móðurfélag	%	4%	5%	5%	2%	1%	0,4%	-1%	2-7
S1-6	Hlutfall starfsfólks í hlutastarfi, Orkusalan	%					3,20%	3,30%	-0%	2-7
S1-8	Kjarasamningar									
S1-8	Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	Engin	2-30
S1-9	Fjölbreytnivísar									
S1-9	Stjórnendur - Konur - móðurfélag	%	21%	21%	21%	36%	32%	40%	8%	405-1
	Stjórnendur - Karlar - móðurfélag	%	79%	79%	79%	64%	68%	60%	-8%	
S1-9	Stjórnendur - Konur - Orkusalan	%		40%	40%	50%	50%	50%	0%	405-1
	Stjórnendur - Karlar - Orkusalan	%		60%	60%	50%	50%	50%	0%	
S1-9	Hlutfall starfsmanna móðurfélags, yngri en 35 ára	%				15%	16%	20%	4%	405-1
	Hlutfall starfsmanna móðurfélags, 35-50 ára	%				39%	42%	44%	2%	
	Hlutfall starfsmanna móðurfélags, eldri en 50 ára	%				46%	42%	36%	-6%	
S1-9	Hlutfall starfsmanna Orkusölunnar, yngri en 35 ára	%				21%	19%	18%	-1%	405-1
	Hlutfall starfsmanna Orkusölunnar, 35-50 ára	%				59%	61%	61%	-0%	
	Hlutfall starfsmanna Orkusölunnar, eldri en 50 ára	%				21%	19%	21%	2%	
S1-14	Heilsa og öryggi									
S1-14	Fylgir fyrirtækið starfstengdri heilsustefnu	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	3-3
S1-14	Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins sem fellur undir heilsu- og öryggisstefnu samstæðunnar	%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	Engin	403-8
S1-14	Fjöldi alvarlegra slysa miðað við fjölda ársverka, móðurfélag	fj/fj	0,005	0,005	0,014	0,009	0,009	0,008	-11%	403-9
S1-14	Hlutfall vinnustunda sem tapast vegna slysa og heilsubreysts (fjarvistir/ársverk), móðurfélag	fj/fj ársverka				0,3	0,4	2,7	559%	403-9, 403-10
S1-16	Launahlutfall forstjóra									
S1-16	Hlutfall heildarlauna forstjóra og heildarlauna miðgildis starfsmanna, móðurfélag	X:1	1,93	2,01	2,20	3,26	3,32	3,35	0,9%	2-21
S1-16	Hlutfall heildarlauna forstjóra og heildarlauna miðgildis starfsmanna, Orkusalan	X:1			1,98	2,12	2,40	2,40	-0,2%	2-21

Félagslegir þættir, frh.:

Félagslegir þættir		Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyt. frá 2024	GRI
S1-16	Launamunur kynja									
S1-16	Launamunur kynja, hlufallslegur munur, móðurfélag	%	2,91% konum í óhag	2,65% konum í óhag	1,86% konum í óhag	3,9% konum í óhag	4,5% konum í óhag	1,57% konum í óhag	-3%	405-2
S1-16	Launamunur kynja, hlufallslegur munur, Orkusalan	%				1,21% konum í óhag	0,4% konum í óhag	1% konum í óhag	0,6%	405-2
S2	Starfsmenn í virðisbætur									
S2-1	Fylgir fyrirtækið stefnu gegn barna- og nauðungarvinnu	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	3-3, 408-1
S2-1	Ber seljendum/birgjum að fylgja siðareglum	Já/Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-23, 3-3, 308, 414
S2-1	Hafa borist tilkynningar um brot á réttindum starfsfólks í virðisbætur	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Engin	
S4	Viðskiptavinir									
S4-4	Fjöldi fyrirvaralausra trúflana í raforkudreifikerfinu	fj	596	533	623	511	597	615	3%	
S4-4	Truflanatilvik vegna veðurs, móðurfélag	fj	160	53	179	52	67	76	13%	
S4-4	Skerðing til notenda vegna trúflana í dreifikerfi raforku	MWst	329	119	254	90	186	217	17%	
S4-4	Hlutfall snjall-rafmagnsmæla	%		22%	24%	32%	46%	61%	32%	
S4-4	Hlutfall snjall-hitaveitumæla	%		84%	81%	82%	79%	91%	16%	
S4-4	Fjöldi öryggisbresta tengdum persónuvernd	fj	0	0	0	0	0	0	0%	418-1

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir		Einingar	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyt. frá 2024	GRI	
GOV-1	Kynjahlutfall í stjórn										
GOV-1	Hlutfall kvenna í stjórn, móðurfélag	%	60%	60%	60%	40%	40%	40%	Engin	2-9, 405-1	
GOV-1	Hlutfall kvenna í stjórn, Orkusalan	%			33.3%	33%	67%	67%	Engin	2-9, 405-1	
GOV1	Óhæði stjórnar										
GOV-1	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-11	
GOV-1	Hlutfall óháðra stjórnarmanna, móðurfélag	%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	Engin	2-15	
GOV-1	Hlutfall óháðra stjórnarmanna, Orkusalan	%			33%	33%	67%	67%	Engin	2-15	
GOV-2	Upplýsingar um sjálfbærni til stjórnar, stjórnenda og eftirlitsaðila										
GOV-2	Hefur stjórn eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-12, 2-14	
GOV-2	Gefur fyrirtækið út sjálfbærnisráðgjöf	Já/Nei			Já - Sjálfbærni yfirlit Rarik	Já - Sjálfbærni yfirlit Rarik	Já - Sjálfbærni yfirlit Rarik	Já - Sjálfbærni yfirlit Rarik	Já - Sjálfbærni yfirlit Rarik	Engin 9)	2-22
GOV-2	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-22	
GOV-2	Veitir fyrirtækið upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin		
GOV-2	Leggur fyrirtækið áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin		
GOV-2	Setur fyrirtækið markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin		
GOV-2	Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Engin 10)	2-5	
GOV-3	Kaupaukar										
GOV-3	Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Engin	2-19	
G1	Stefna um fyrirtækjamenningu og viðskiptahætti										
G1-1	Fylgir fyrirtækið stefnu um siðferði/aðgerðum gegn spillingu	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-23, 205	
G1-1	Fylgir fyrirtækið mannréttindastefnu	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-23	
G1-1	Fylgir fyrirtækið stefnu og verklagi um persónuvernd	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-23, 418	
G1-1	Fylgir fyrirtækið stefnu og verklagi um vernd uppljóstrara	Já/Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Engin	2-23, 2-26	
G1-5	Fylgir fyrirtækið stefnu og verklagi um styrktarveitingar	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	Engin		

Flokkun upplýsinga í töflunni í umhverfi (Environment), félagslega þætti (Social) og stjórnarhætti (Governance) byggir á fyrirmynd frá ESRS (European Sustainability Reporting Standard) sem gefnir voru út í drögum í nóvember 2023 af European Financial Reporting Advisory Group

GRI vísar til Global Reporting Initiative

*VER: Verified Emissions Reductions, vottuð kolefnisbinding í tonnum

Losunarstuðull (Lst) frá UST skv. 3. útgáfu 2020, 4. útgáfu 2021, 5. útgáfu 2022, 6. útgáfu 2023, útgáfu 6.0.2 2024 og útgáfu 7.0.1 2025

- Flokkur M1/N1
- Viðmiðunarár er 2019 þar sem Umfang 1 var 2790 tCO₂
- Losun frá bifreiðum og tækjum, keyrslu varaafis og SF6
- Aukning 2022 þar sem upplýsingar um heitavatnsnotkun á starfsstöð í Reykjavík bætast við
- Öll orkunotkun móðurfélags (olía, rafmagn og hiti)
- Skv. losunarstöðlum UST, 7. útgáfa
- Umfang 3 árin 2021-23 er losun frá bílaleigubílum, flugi og úrgangi. Árið 2024 bætist við losun vegna flutninga innanlands
- Upplýsingar um mældu vatnsnotkun eru ekki fáanlegar á öllu starfssvæði Rarik. Því er heildarmagn m3 vatns áætlað miðað við fjölda starfsmanna og gengið út frá mældu magni þar sem upplýsingar um mældu notkun liggja fyrir.
- Sjálfbærniyfirlit Rarik hefur verið birt á vefsíðu Rarik frá 2020
- Úttektarskýrslur eru ekki birtar opinberlega

Flokkunarreglugerð ESB — Velta

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	pús. ISK	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag					Viðmið fyrir verulegt tjón („Veldur ekki verulegu tjóni“)					Hlutfall veltu sem fellur að flokkunar-kerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), ár N-1 (18)	Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum eða) (20)	T	
					Já/ Nei	Já; Nei; N/EL	Já; Nei; N/EL	Já; Nei; N/EL	Já; Nei; N/EL	Já; Nei; N/EL	Já/ Nei	Já/ Nei	Já; Nei; N/EL	Já/ Nei				Já/ Nei
A. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Flutningur og dreifing raforku	CCM 4.9	18.235.843	64%	J	N	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	-	J	-	J	J	J	J	68%	E
Dreifing hitunar/kælingar	CCM 4.15	687.093	2%	J	N	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	-	J	J	-	J	J	J	4%	
Raforkuframléiðsla frá vatnsafla	CCM 4.5	2.355.080	8%	J	N	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	J	J	J	-	-	J	J	8%	
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		21.278.016	75%	75%													80%	
Þar af starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum		18.235.843	64%														68%	E
Þar af umbreyting		-	0%														0%	T
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																		
Raforkuframléiðsla	CCM 4.5	293.567	1%															
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		293.567	1%															
Alls (A.1 + A.2)		21.571.583	76%															
B. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir																		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		6.921.141	24%															
Alls (A +B)		28.492.724	100%															

Flokkunarreglugerð ESB — Fjárfestingagjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	pús. ISK	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag					Viðmið fyrir verulegt tjón („Veldur ekki verulegu tjóni“)					Lágmarks verndarástafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunar-kerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), ár N-1 (18)	Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum eða) (20)	T					
					Já/ Nei	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Já; Nei; N/EL	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Já; Nei; N/EL	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Já; Nei; N/EL	Hringrásarhagkerfi (8)	Já; Nei; N/EL	Mengun (9)					Já; Nei; N/EL	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Já/ Nei	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Já/ Nei
A. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir																							
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																							
Flutningur og dreifing raforku	CCM 4.9	8.164.516	88%	J	N	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	-	J	-	J	J	J	J	93%	E					
Dreifing hitunar/kælingar	CCM 4.15	304.275	3%	J	N	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	-	J	J	-	J	J	J	4%						
Raforkuframléiðsla frá vatnsafl	CCM 4.5	12.475	0%	J	N	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	J	J	J	-	-	J	J	1%						
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		8.481.266	91%	91%													98%						
Þar af starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum		8.164.516	88%														93%	E					
Þar af umbreyting		-	0%														0%	T					
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																							
Raforkuframléiðsla	CCM 4.5	20.186	0%																				
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		20.186	0%																				
Alls (A.1 + A.2)		8.501.452	91%																				
B. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir																							
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		819.397	9%																				
Alls (A +B)		9.320.849	100%																				

Flokkunarreglugerð ESB — Rekstrargjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	pús. ISK Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón („Veldur ekki verulegu tjóni“)						%	E	T							
				Já/ Nei	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Já; Nei; N/EL	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Já; Nei; N/EL	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Já; Nei; N/EL	Hringrásarhagkerfi (8)	Já; Nei; N/EL	Mengun (9)	Já; Nei; N/EL	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)				Já/ Nei	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Já/ Nei	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Já/ Nei	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Já/ Nei
A. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir																									
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																									
Flutningur og dreifing raforku	CCM 4.9	1.865.502	77%	J	N	N/EL	N/EL		N/EL	N/EL	-	J	-	J	J	J	J	76%	E						
Dreifing hitunar/kælingar	CCM 4.15	105.332	4%	J	N	N/EL	N/EL		N/EL	N/EL	-	J	J	-	J	J	J	6%							
Raforkuframléiðsla frá vatnsafl	CCM 4.5	29.960	1%	J	N	N/EL	N/EL		N/EL	N/EL	J	J	J	-	-	J	J	2%							
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		2.000.794	82%	82%														84%							
Þar af starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum		1.865.502	77%															76%	E						
Þar af umbreyting		-	0%															0%		T					
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																									
Raforkuframléiðsla	CCM 4.5	28.348	1%																						
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		28.348	1%																						
Alls (A.1 + A.2)		2.029.142	83%																						
B. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir																									
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		406.703	17%																						
Alls (A +B)		2.435.846	100%																						





J Strong Performance and Improved Profitability

Strong Performance and Improved Profitability

RARIK 2025

High voltage system

10.349 km

Customers Electricity

48.959 m

Low voltage system

5.725 km

Customers Hot water

2.437 m

	2025	2024	2023
Income statement			
Operating revenue	28.349	24.017	20.736
Operating expenses	18.091	16.461	14.038
Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization (EBITDA)	10.258	7.556	6.699
Earnings Before Interest and Taxes (EBIT)	6.164	4.005	3.477
Profit before tax	4.450	2.846	1.902
Net profit	3.559	2.245	1.521
Balance sheet			
Total assets	107.224	103.285	93.829
Total equity	68.260	64.931	58.037
Total liabilities	38.964	38.353	35.792
Cash flow statement			
Cash flow from operations	8.198	5.399	4.397
Investment for the year	9.320	8.400	7.644
Financial ratios			
Investment as a percentage of annual revenue	33%	35%	37%
Interest coverage ratio	9,06	5,86	5,84
Equity ratio	63,7	62,9%	61,9%
EBITDA margin	36,2%	31,5%	32,3%

About Rarik

Established in 1946, Rarik (Iceland State Electricity) plays a key role in electricity procurement, distribution, and sales throughout Iceland, especially in rural areas. The company contributes to national energy security and energy transition by ensuring stable power delivery and modern infrastructure. We operate a vast distribution system that covers 80-90% of the country's inhabited areas and the length of our high voltage distribution network is around 10,349 km. In 2025 Rarik owned and operated four geothermal water supply utilities, having signed the district heating utility of Seyðisfjörður over to HEF utilities at the end of year 2024. Our subsidiary, Orkusalan ehf., is responsible for electricity generation and retail.

Key Figures and Operations

Rarik group delivered a strong performance in 2025, with results exceeding budget expectations. Operating conditions were more favorable than in the previous year. There were no curtailments of interruptible power during the year, and operating conditions for the Company's largest customers in the fishing industry were favourable. Conditions at Orkusalan, the Group's subsidiary, were also good, and production from their hydro powerplants exceeded expectations. In years when these conditions prevail, the Group's productivity improves materially.

Total revenue increased by 18% year-on-year, to ISK 28.3 billion. Revenue from electricity distribution amounted to ISK 17.6 billion, an increase of 18%, while electricity sales revenue increased by 24% to ISK 9.0 billion. Revenue from distribution of curtailed power increased sharply, by approximately 120%, reflecting higher utilisation and favourable operating conditions. Revenue from our district heating utilities declined by 20%, mainly due to the discontinuation of the Seyðisfjörður district heating utility and milder weather conditions.

Operating expenses excluding depreciation amounted to just over ISK 18 billion, increasing by 10%, primarily due to higher transmission costs and energy losses. Energy-related purchases accounted for approximately 36% of total revenue, underlining the Group's exposure to changes in transmission tariffs and wholesale energy prices. EBITDA amounted to ISK 10.3

billion, representing a 36% increase from the previous year. Net profit after tax amounted to ISK 3.6 billion, representing an increase of 59% from 2024. The Group's financial position remains strong, with total assets of ISK 107 billion at year-end 2025 and equity of ISK 68.3 billion. The equity ratio stood at 63.7%.

Capital expenditure totalled ISK 9.3 billion, primarily directed towards renewal and strengthening of the electricity distribution network to improve reliability, capacity and improvement for future demand and energy transition. A new profitability policy and dividend framework were introduced during the year, resulting in a proposed dividend of just over ISK 1 billion for the 2025 financial year, while preserving flexibility for continued investment.

Overall Achievement in 2025

Overall, 2025 was a year of strong results and strategic progress for Rarik Group, marked by improved financial performance, continued infrastructure development and a solid foundation for future growth.

Looking ahead

The operating outlook for 2026 is favourable, and the Group is built on a solid foundation. Over the next five years, we plan substantial infrastructure development, with annual investment of around ISK 10 billion to strengthen the distribution network, support the energy transition and improve security of supply. Alongside this, we aim to be a preferred partner within our service area, support new opportunities for value creation, and help create the conditions for continued business development and sustainable communities across rural Iceland.

Orkusalan is also exploring new energy options and opportunities to expand the Group's own electricity generation, which will further strengthen the long-term operating platform of the Group as a whole.

The year ahead will be both challenging and full of opportunity, with continued emphasis on responsible financial management, ongoing infrastructure development, and supporting quality of life and economic progress in rural Iceland.

[ÍS] Skammstafanir og skýringar
[EN] Abbreviations and explanations

Rarik	Rarik ohf. Iceland State Electricity
Orkusalan	Orkusalan ehf. <small>Dótturfélag Rarik</small> Energy Sales and Production <small>Rarik Subsidiary</small>
RED	RARIK Energy Development <small>Dótturfélag Rarik</small> RARIK Energy Development <small>Rarik subsidiary</small>
hf.	Hlutafélag Limited Liability Companies, Ltd.
ehf.	Einkahlutafélag Private Limited Liability Companies
ohf.	Opinbert hlutafélag Public Ltd, PLC
ISK	Íslenskar krónur Icelandic Crowns
kW	Kílóvatt Kilowatts
kV	Kílóvolt Kilovolts
m.kr.	Milljón krónur Million Icelandic Crowns
MW	Megawatt = 1.000 kW <small>Virkt afl</small> Megawatt = 1,000 kW
MVA _r	Megavoltamper með fasviki <small>Launafi</small> Megavolt-amperes Reactive
MVA	Megavoltamper = 1.000 kVA <small>Heildarafi</small> Megavolt-amperes = 1,000 kVA
MWe	Megawött rafmagns Megawatts Electrical
MWst/MWh	Megawattstund = 1.000 kWst Megawatt Hour = 1,000 kWh
kVA	Kílóvoltamper Kilovolt-amperes
kWst/kWh	Kílóvattstund Kilowatt Hour
GWst/GWh	Gígawattstund = 1.000 MWst Gigawatt Hour = 1,000 MWh
TWst	Terawattstund = 1.000 GWst Terawatt Hour = 1,000 GWh



Höfundar efnis

Andri Viðar Kristmannsson
Ásbjörn Gíslason
Baldur Már Vilhjálmsson
Björn Guðmundsson
Daníel Leó Ólason
Egill Jónasson
Elísabet Ýr Sveinsdóttir
Finnur Freyr Magnússon
Guðgeir Guðmundsson
Guðni Björgvin Guðnason
Guðrún Vaka Helgadóttir
Guðsteinn Fannar Jóhannsson
Gunnar Ingi Magnússon
Helga Jóhannsdóttir
Herdís Unnur Valsdóttir
Hildur Markúsdóttir
Ingunn Agnes Kro
Kári Hreinsson
Kristín Soffía Jónsdóttir
Magnús Þór Ásmundsson
Óli Þór Jónsson
Rannveig Ólafsdóttir
Ragnar Svanur Vilhjálmsson
Sigurborg Rútsdóttir
Sigurveig Hallsdóttir
Sigrún Birna Björnsdóttir
Steinunn Huld Atladóttir
Sveinmar Rafn Stefánsson
Örvar Ármannsson

Sérstakar þakkir
Tryggvi Þór Haraldsson

Utanumhald og ritstýring
Guðrún Vaka Helgadóttir
Rósant Guðmundsson

Þýðing
Guðrún Vaka Helgadóttir
Steinunn Huld Atladóttir

Prófarkalestur og ráðgjöf
Instrument

Uppsetning
Þór Ingólfsson

Ljósmyndir
Bernhard Kristinn
Anton Bjarni
Gunnar Svanberg

Prentun
Litróf



Útgáfa Rarik ohf.

Öll réttindi áskilin ©Rarik. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Rarik eykur verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri. Við erum þekkingar og þjónustufyrirtæki í fararbroddi sem starfar af ábyrgð og nýtir bestu fánlegu tækni með gagnkvæman hag að leiðarljósi.

Rarik eykur verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri. Við erum þekkingar- og þjónustufyrirtæki í fararbroddi sem starfar af ábyrgð og nýtir bestu fánlegu tækni með gagnkvæman hag að leiðarljósi.

